

# Skýrsla stjórnar BSRB

2024

Frá 46. þingi BSRB 29. september 2021 og 24.-25. mars 2022 (framhaldsþing) til 47. þings bandalagsins 2.-4. október 2024

Ábyrgðarmaður: Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Ritstjóri: Þórunn Hafstað

©2024

# Efnisyfirlit

Inngangur....4
Skýrsla stjórnar 2022....8
Skýrsla stjórnar 2023....48
Skýrsla stjórnar 2024....56
Stefna BSRB....64
Lög BSRB....73
Þingsköp BSRB....79


Sömu laun fyrir sömu störf

# Helstu verkefni frá 46. þingi BSRB

## Kjarasamningar

Óhætt er að segja að tímabilið frá 46. þingi BSRB hafi einkennst af kjarasamningsviðræðum og kjarabaráttu en stutt var á milli lota viðræðna. Í báðum lotum fólu aðildarfélög BSRB bandalaginu umboð til kjaraviðræðna um tiltekna þætti. Skammtímasamningar til eins árs sem gerðir voru við ríki og sveitarfélög voru undirritaðir í mars og júní 2023. Leiðarljós BSRB í þeim viðræðum var að verja kaupmátt starfsfólks í almannaþjónustu. Viðræðurnar við ríki og borg tóku lengri tíma en vonast hafði verið til en markmiðið um að kjarasamningur tæki við af kjarasamningi tókst engu að síður. Kjarasamningsviðræður við Samband íslenskra sveitarfélaga enduðu hinsvegar í hörðum hnút þegar ljóst varð að sveitarfélögin neituðu að leiðrétta augljóst launamisrétti félagsfólks aðildarfélaga BSRB gagnvart fólki í sömu eða sambærilegum störfum. Niðurstaðan varð sú að gripið var til verkfalla.

## Kjaradeilan við Sambandið

Upp úr slitnaði í kjarasamningsviðræðum BSRB við Samband íslenskra sveitarfélaga í apríl 2023. Deilan snérist um að nýr samningur þyrfti að leiðrétta þá launamismunun sem félagsfólk aðildarfélaga BSRB hjá sveitarfélögunum varð fyrir í byrjun árs 2023 vegna mismunandi gildistíma samninga. Samband íslenskra sveitarfélaga vildi ekki verða við þessari kröfu sem á endanum varð til þess að aðildarfélög BSRB réðust í víðtækar verkfallsaðgerðir sem náðu til 2500 félaga í 30 sveitarfélögum. Um var að ræða umfangsmestu verkfallsaðgerðir aðildarfélaganna frá 9. áratug síðustu aldar. Stígandi var í verkföllunum með hverri vikunni en þau stóðu yfir frá 15. maí – 10. júní 2023 þegar nýr kjarasamningur var loks undirritaður. Um efni samninganna má lesa á öðrum stað í þessari skýrslu.

## Langtímasamningar

Í haustbyrjun 2023 hófst undirbúningur fyrir gerð langtímakjarasamninga hjá aðildarfélögum BSRB en samningarnir runnu út í lok mars 2024. Undirbúningurinn fólst bæði í kröfum gagnvart launagreiðendum og stjórnvöldum. Stéttarfélög á almenna markaðinum luku kjarasamningum í febrúar 2024 og samhliða þeim fór fram vinna með stjórnvöldum um aðgerðir til að styðja við samningana. BSRB kom að þeirri vinnu og mörg af helstu stefnumálum bandalagasins urðu hluti af aðgerðarpakka ríkisstjórnarinnar, svo sem endurmat á virði kvennastarfa, umbætur í húsnæðismálum og stuðningur við barnafjölskyldur. Í þessari lotu veittu aðildarfélag BSRB bandalaginu umboð til viðræðna fyrir sína hönd. Helstu áherslur BSRB gagnvart viðsemjendum voru að festa í sessi styttingu vinnuvikunnar, bakvaktir, tímavinna og jöfnun launa milli markaða, auk þess að verja kaupmátt starfsfólks í almannaþjónustu.




# Stytting vinnuvikunnar

Eftir að samið var um styttingu vinnuvikunnar í kjarasamningunum í mars 2020 hefur mikil vinna farið í eftirfylgni og  innleiðingu styttingarinnar á öllum vinnustöðum. Á meðal þess sem var á sameiginlegu borði BSRB í kjaraviðræðunum 2023 var stytting vinnuviku á opinberum vinnumarkaði. Þegar ljóst var að skammtímasamningar yrðu gerðir voru gerðar ákveðnar breytingar varðandi vaktavinnu en frekari vinnu við að festa í sessi styttinguna var frestað. Þegar kom að kjaraviðræðum árið eftir var krafa BSRB að innleiða ákvæði um styttingu vinnuvikunnar í megintexta kjarasamninganna þannig kveðið yrði á um 36 stunda vinnuviku fyrir allt dagvinnufólk og að vinnuvika vaktavinnufólks yrði á bilinu 32-36 stundir. Það markmið náðist og taka þær breytingar gildi 1. nóvember 2024. Mikil vinna var lögð í verkefnið í aðdraganda viðræðnanna og var reynslan sem fengist hafði nýtt m.a. til  að gera kröfu um betrumbætur á vaktahvata og fleiri atriðum sem voru ofarlega í huga félagsfólks. Stytting vinnuvikunnar er viðamikið verkefni og innleiðing hennar eitt af stærstu verkefnum BSRB á þessu tímabili. Kannanir sýna að meirihluti opinberra starfsmanna eru ánægðir með hvernig til hefur tekist.

# Jöfnun launa milli markaða

Árið 2016 sömdu ríki, sveitarfélög og heildarsamtök launafólks um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Markmið samkomulagsins var að tryggja sjálfbærni lífeyriskerfisins og að kjör launafólks á opinberum og almennum vinnumarkaði yrðu jöfnuð eins og kostur er. Jafnframt var samið um að jafna ætti laun einstakra starfshópa milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins til að tryggja að ekki væri kerfislægur launamunur milli markaða. Í kjarasamningsviðræðum 2023 og 2024 var það krafa BSRB og aðildarfélaga að tekin yrðu markviss skref í átt að jöfnunni til að tryggja að loforð stjórnvalda frá 2016 verði efnt. Í aðdraganda skammtímasamninganna sem voru gerðir til 12 mánaða árið 2023 var gert áfangasamkomulag um skref í átt að jöfnun launa fyrir þær starfsstéttir þar sem skýrar vísbendingar voru um ómálefnalegan og kerfislægan launamun milli markaða. Nýtt áfangasamkomulag var sömuleiðis gert í aðdraganda kjarasamninga vorið 2024.

# Endurmat á virði kvennastarfa

Jafnrétti kynjanna og jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf hafa verið hornsteinar í starfi BSRB um áratugaskeið. Í tengslum við gerð kjarasamninga milli aðildarfélaga BSRB annarsvegar og ríkis og sveitarfélaga hinsvegar árið 2020, var skipaður starfshópur forsætisráðherra um endurmat á störfum kvenna. Í desember 2021 skipaði forsætisráðherra aðgerðarhóp um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði og á stofnun hans rætur að rekja til kröfu BSRB um að gripið verði til aðgerða til að leiðrétta kerfisbundið vanmat á kvennastörfum. Meðal fyrstu verkefna hópsins var að skipuleggja þróunarverkefni um mat á virði starfa þar sem nokkrar stofnanir taka þátt. Aðgerðarhópurinn skilaði skýrslu í janúar 2024 ásamt drögum að nýju virðismatskerfi fyrir ríkið. Verkefnið heldur áfram og á meðal næstu skrefa eru að halda áfram að þróa virðismatskerfið, innleiða notkun þess hjá ríkinu og stofna starfshóp sem hefur það hlutverk að þróa samningaleið að nýsjálenskri fyrirmynd sem fjallar um jafnlaunakröfur einstaklinga.

# Kvennaverkfallið 24. október

24. október 2023 lögðu konur og kvár niður störf, söfnuðust saman í hundraðþúsunda tali við Arnarhól og kröfðust raunverulegs jafnréttis. Viðburðir fóru einnig fram um allt land. Yfirskrift verkfallsins var Kallarðu þetta jafnrétti? og voru meginkröfurnar endurmat á virði kvennastarfa og útrýming kynferðisofbeldis. Að verkfallinu stóðu um 40 samtök launafólks, kvenna og hinsegin fólks og verkefnastjóri var ráðinn. Hún hafði aðstöðu á skrifstofu BSRB og formaður og sérfræðingar BSRB gegndu mikilvægum hlutverkum í skipulagningu verkfallsins. Viðburðurinn, sem vakti heimsathygli, tókst gríðarlega vel og er stærsti útifundur sem haldinn hefur verið á Íslandi. Viðtöl við fulltrúa BSRB um þennan sögulega dag birtust í nokkrum virtustu fjölmiðlum heims.



# SKÝRSLA STJÓRNAR **BSRB**

FRÁ ÞINGI BSRB 29. SEPTEMBER 2021
TIL AÐALFUNDAR BANDALAGSINS 24. MAÍ 2022

**Ábyrgðarmaður:** Sonja Ýr Þorbergsdóttir
**Ritstjóri:** Freyja Steingrímsdóttir
Skrifstofa BSRB er á 2. hæð á Grettisgötu 89, 105 Reykjavík
**Sími:** 525 8300 | **Netfang:** bsrb@bsrb.is | **Vefsíða:** bsrb.is
Allur réttur áskilinn ©2022
ISSN 2772-1647

SKÝRSLA STJÓRNAR **BSRB** 2022

BSRB

# Efnisyfirlit


**01** Starfsemi BSRB ........ 4
46. Þing BSRB 2021 ........ 4
Formannaráð BSRB ........ 12
Stjórn BSRB ........ 14
Skrifstofa BSRB ........ 15

**02** Málefni ........ 16
Kynningarmál ........ 26
Sameiningar aðildarfélaga ........ 28
Umsagnir um þingmál ........ 28
Varða ........ 29

**03** Kynjabókhald ........ 30

**04** Nefndarstörf ........ 32
Starfsnefndir BSRB ........ 32
Fulltrúar BSRB í nefndum og ráðum ........ 32

**05** Félagatal BSRB janúar 2022 ........ 38


Í skýrslu stjórnar er farið yfir verkefni og starfsemi bandalagsins, kynjabókhald BSRB, nefndarstarf á vegum BSRB og sem bandalagið tekur þátt í. Skýrslur stjórnar eru lagðar fram á þingum bandalagsins sem og aðalfundum. Í þessari skýrslu er því að finna samantekt helstu verkefna frá þingi BSRB 29. september 2021 til aðalfundar bandalagsins 24. maí 2022.

# 01

# Starfsemi BSRB

BSRB eru stærstu heildarsamtök starfsfólks í almannaþjónustu á Íslandi. Bandalagið var stofnað þann 14. febrúar 1942 af fjórtán stéttarfélögum með samtals um 1.550 félagsmenn. BSRB hefur vaxið mikið síðan og í dag eru aðildarfélögin 19 talsins með um það bil 24.000 félagsmenn. Um tveir þriðju félagsmanna aðildarfélaga BSRB eru konur.

Bandalagið hefur það hlutverk að leiða hagsmuna- og réttindabaráttu launafólks sem starfar í almannaþjónustunni hjá ríki, sveitarfélögum, óhagnaðardrifnum stofnunum og almennum vinnumarkaði. Bandalagið talar máli félagsmanna aðildarfélaga gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum og vinnur að markmiðum sínum um að stuðla að bættu velferðarsamfélagi og auknum jöfnuði í samfélaginu.

Aðildarfélög BSRB geta falið bandalaginu að fara með samningsrétt fyrir sína hönd í kjarasamningum í þeim málum þar sem þau eiga sameiginlega hagsmuni en kjarasamningsmál og gerð kjarasamninga er á hendi hvers aðildarfélags.

Hlutverk BSRB er einnig að efla aðildarfélög bandalagsins og styðja þau í því að veita félagsmönnum góða þjónustu. Hluti af því er stuðningur við gerð kjarasamninga, aðstoð við úrlausnir á lögfræðilegum álitaefnum, rannsóknir á sviði hagfræði og vinna tengd fræðslu- og upplýsingamálum.

BSRB vinnur jafnframt að því að efla samstöðu meðal aðildarfélaga og stuðla að jafnræði í framkvæmd þjónustu til félagsmanna. Þá vinnur bandalagið að aukinni samstöðu og samstarfi á vinnumarkaði innanlands og erlendis.

Þing BSRB, sem haldin eru þriðja hvert ár, fara með æðsta vald í öllum málum bandalagsins. Þar móta þingfulltrúar stefnu bandalagsins og kjósa í helstu embætti. Síðasta þing bandalagsins, það 46. í röðinni, bar þess merki að það var haldið í miðjum heimsfaraldri. Þingið hófst 29. með rafrænum hætti september 2021. Þar kusu þingfulltrúar formann, tvo varaformenn og stjórnarmenn sem stýra starfsemi bandalagsins í samræmi við samþykktir. Málefnastarfi sem jafnan er á þingum BSRB var frestað fram til 24.- 25. mars 2022 þegar heldur hafði slaknað á faraldrinum og talið var óhætt að stefna saman þingfulltrúum.

Á milli þinga og aðalfunda hefur stjórn BSRB æðsta vald í málefnum bandalagsins. Stjórnin vinnur í samræmi við stefnumörkun síðasta þings og stefnumótandi ákvarðanir formannaráðs bandalagsins. En í formannaráði eiga sæti allir formenn aðildarfélaga BSRB. Ráðið kemur saman að lágmarki þrisvar á ári en oftar ef þurfa þykir. Formannaráðið mótar stefnu og megináherslu í málum sem upp kunna að koma á milli þinga, auk þess að vera mikilvægur samráðsvettvangur aðildarfélaga. Formannaráðið fylgir eftir framkvæmd samþykkta þingsins og annarra mála sem vísað er til þess af þingi BSRB. Þá getur stjórn BSRB jafnframt lagt ákvörðun um stefnumótun bandalagsins fyrir ráðið.

Í lögum BSRB segir að halda skuli aðalfund bandalagsins fyrir 1. júní ár hvert. Aðalfundarfulltrúar eru formenn aðildarfélaga bandalagsins, auk þess sem félögin fá einn aðalfundarfulltrúa til viðbótar fyrir hverja 400 félagsmenn. Á aðalfundum BSRB er meðal annars farið yfir skýrslu stjórnar, reikninga bandalagsins og fjárhagsáætlun. Þá samþykkir fundurinn framkvæmdaáætlun til næsta aðalfundar.

## 46. þing BSRB 2021

46. þing BSRB var haldið þann 29. september 2021 á Hótel Nordica í Reykjavík undir yfirskriftinni „Þjóðin kýs almannaþjónustu“. Vegna sóttvarnarráðstafana var þingið haldið með rafrænum hætti og þingfulltrúar því ekki í salnum heldur við tölvuskjáina í sinni heimabyggð. Af þeirri ástæðu var öllu málefnastarfi sem vinna átti á þinginu frestað og þar til á framhaldsþingi sem haldið var 24. – 25. mars 2022, þegar staðan á heimsfaraldrinum og sóttvarnarráðstafanir gerðu það mögulegt að stefna fólki saman.



Úr kröfugöngunni á degi verkalýðsins, 1. maí síðastliðin

Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, lagði mikla áherslu á stöðu framlínufólks í heimsfaraldrinum í opnunarávarpi sínu á þinginu. *„Nú þegar við virðumst loksins farin að sjá fyrir endann á faraldrinum þurfum við að horfa til framtíðar. Við höfum einstakt tækifæri til að móta það samfélag sem við viljum búa í eftir kófið og við eigum að grípa það tækifæri. Við vitum ekki enn hvaða ríkisstjórn mun taka við eftir kosningarnar en sjáum öll að það eru stór verkefni sem bíða,“* sagði Sonja þegar hún ávarpaði þingið.

*„Eitt af því sem BSRB hefur lagt þunga áherslu á undanfarið er staða þeirra stóru hópa opinberra starfsmanna sem hafa verið í framlínunni í heimsfaraldrinum. Í rúmlega eitt og hálft ár hefur álagið á þennan hóp verið gríðarlegt. Ekki bara í vinnunni heldur líka í einkalífinu þar sem margir hafa lokað sig af til að draga sem mest úr líkum á smiti,“* sagði Sonja.

*„Hér erum við að tala um starfsfólk sem starfar í nánum persónulegum samskiptum við fólk á spítölum; hjá heilsugæslunni, við sjúkraflutninga og í velferðarþjónustu við aldraða, fatlaða og sjúka. Við erum líka að tala um starfsfólk almannavarna, lögregluna og fleiri ómissandi hópa. Við getum ekki ætlast til þess að þau standi vaktina endalaust án þess að fá eitthvað á móti. Framlínufólkið á skilið miklu meira en þakklætið eitt og sér og við köllum eftir því að það fái álagsgreiðslur í samræmi við það sem þau hafa lagt á sig til að koma samfélaginu okkar út úr þessum heimsfaraldri.“*

*„Við þurfum líka að huga að heilsu starfsfólks almannaþjónustunnar, sér í lagi þeirra sem hafa hlaupið sífellt hraðar síðustu mánuði og ár. Við vorum ekki enn búin að jafna okkur eftir harkalegan niðurskurð í kjölfar bankahrunsins 2008 þegar faraldurinn skall á. Nú verðum við að staldra við og hugsa um starfsfólkið, til dæmis með því að skima fyrir kulnun og sjúklegri streitu og bregðast við þegar hættumerki koma í ljós. Það er svo miklu betra og ódýrara en að gera ekki neitt og standa svo allt í einu frammi fyrir því að starfsfólkið hverfur frá störfum í stórum stíl af því það getur einfaldlega ekki meir,“* sagði Sonja.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra ávarpaði 46. þing BSRB og sagði að undir ötulli forystu bandalagsins lögðu samtök launafólks hér á landi í samstarfi við norræn systursamtök sín fram þýðingarmikla skýrslu síðastliðið vor um áhrif loftslagsbreytinga á hagkerfi og vinnumarkaða með áherslu á mikilvægi réttlátra umskipta í þeim umfangs-




Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

miklu breytingum sem samfélögin standa frammi fyrir. *„Fyrir liggur að nauðsynlegar aðgerðir og aðlögun vegna loftslagsbreytinga hafa í för með sér grundvallarbreytingar á framleiðslu-, neyslu- og samgönguháttum sem breyta munu atvinnuháttum og geta haft víðtækar efnahagslegar- og félagslegar afleiðingar. Þetta kallar á nýja nálgun og ný viðfangsefni meðal annars í samtali aðila vinnumarkaðarins. Þar trúi ég því að sú ríka hefð sem við höfum fyrir samtali og samráði milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins mun gagnast okkur vel til að tryggja að umskiptin í átt að kolefnishlutleysi verði árangursrík og réttlát. Því hef ég gert að tillögu minni að þjóðhagsráð taki málefnið til sérstakrar skoðunar og umfjöllunar á vettvangi sínum,“* sagði Katrín.

Katrín sagði að í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga aðildarfélaga BSRB vorið 2020 hafi hún skipað starfshóp með fulltrúum aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um endurmat á störfum kvenna sem falið var að leggja fram tillögur að aðgerðum til að leiðrétta vanmat á hefðbundnum kvennastörfum. *„Starfshópurinn um endurmat á störfum kvenna hefur nú lokið störfum og til að fylgja eftir tillögum hans hef ég nú skipað aðgerðahóp um launajafnrétti með aðkomu aðila vinnumarkaðarins. Ég vænti mikils starfi hans á komandi mánuðum, því þó jafnlaunamál séu auðvitað fyrst og fremst brýnt mannréttindamál sem snýst um jafnrétti á öllum sviðum og fjárhagslegt sjálfstæði sem lykilinn að frelsi kvenna og grundvallar atriði í baráttunni gegn kynbundu ofbeldi, eru þau ekki síður mikilvægt efnahagslegt og félagslegt framfaramál sem eykur verðmætasköpun, velferð, velgengni og hamingju í samfélaginu,“* sagði Katrín að lokum.

Þingið fjallaði um og samþykkti þrjár tillögur til lagabreytinga. Fyrsta tillagan laut að fjölda fulltrúa frá hverju aðildarfélagi á þingi BSRB. Hér eftir mun hvert félag eiga tvo fulltrúa fyrir félagafjölda upp að 120 og þá einn fulltrúa fyrir hverja 120 félagsmenn. Önnur tillagan var viðbót við lagagrein þar sem fjallað er um hverjir eiga rétt á að sitja fundi formannaráðs. Breytingin fólst í því að heimila stjórnarmönnum í stjórn BSRB sem ekki eiga sæti í ráðinu að sitja fundina með málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétti. Þriðja og síðasta tillagan snerist um fjölda varamanna í stjórn. Þingið samþykkti að fjölga varamönnunum úr fjórum í sjö. Allar lagabreytingatillögurnar voru samþykktar í rafrænni atkvæðagreiðslu með yfirgnæfandi meirihluta greiddra atkvæða.

Á þinginu fóru fram kosningar í embætti formanns og tveggja varaformanna auk kosninga um sex meðstjórnendur og sjö varamenn í stjórn BSRB. Sonja Ýr Þorbergsdóttir, sitjandi formaður BSRB, var ein í framboði til formanns og hlaut hún stuðning 97,2 prósenta þingfulltrúa í rafrænni atkvæðagreiðslu. Á þinginu var Þórarinn Eyfjörð, formaður Sameykis, kjörinn 1. varaformaður BSRB með 83,7 prósent greiddra atkvæða. Þá var Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður Kjalar stéttarfélags í almannaþágu, endurkjörin í embætti 2. varaformanns með 95,9 prósent greiddra atkvæða.

Formaður og varaformenn eiga sæti í stjórn bandalagsins. Auk þeirra kaus þingið sem meðstjórnendur þau Árnýju Erlu Bjarnadóttur, Fjölni Sæmundsson, Jón Inga Cæsarsson, Karl Rúnar Þórsson, Söndru B. Franks og Þórveigu Þormóðsdóttur. Kjörnir varamenn eru Marta Ólöf Jónsdóttir, Unnar Örn Ólafsson, Unnur Sigmarsdóttir, Magnús Smári Smárason, Ástríður Sigþórsdóttir, Edda Davíðsdóttir og Guðbjörn Guðbjörnsson.

Í ljósi þess að ekki var hægt að vinna að málefnastarfi með góðu móti á rafrænu þingi lagði fráfarandi stjórn bandalagsins svohljóðandi tillögu fyrir þingið: *„Þingfulltrúar á 46. þingi BSRB 29. september 2021 samþykkja að fresta þingi BSRB til fyrri hluta árs 2022. Umræður og afgreiðsla*




Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB




Frá atkvæðagreiðslu á framhaldsþingi BSRB 2022

*nefndarálita fari fram á framhaldsþingi. Framhaldsþing verði boðað með þriggja vikna fyrirvara sbr. 14. gr. laga BSRB.*“ Tillagan var samþykkt með 98,6 prósentum greiddra atkvæða og þinginu í kjölfarið frestað.

## Framhaldsþing BSRB 2022

Eins og áður sagði var 46. þingi BSRB frestað síðasta haust þar sem samkomutakmarkanir komu í veg fyrir að hægt væri að koma saman. Þinginu var fram haldið þann 24. – 25. mars 2022 á Hilton Reykjavík Nordica og var höfuðáhersla lögð á í málefnastarf og stefna BSRB endurnýjuð.

„*Þessi vinna verður ekki aðeins grundvöllur alls starfs bandalagsins næstu árin heldur er hún einnig grundvöllur þeirrar samstöðu sem skiptir svo miklu máli fyrir hagsmunabaráttu okkar. Þegar við höfum mótað sameiginlegu stefnu hér á þinginu getum við komið fram sem sameinað og sterkt afl launafólks, staðið fast á okkar kröfum og tekið slaginn ef við þurfum til að ná okkar markmiðum,*“ sagði Sonja við opnum framhaldsþingsins.

Þingið var afar vinnusamt, en meðal verkefna þingfulltrúa var að fara yfir stefnu BSRB sem samþykkt var á þingi bandalagsins 2018, og uppfæra hana í takti við nýja tíma og aukna þekkingu og gera drög að ályktunum þingsins. Þingfulltrúum var skipt í fimm málefnahópa en þeir voru; málefnahópur um starfsumhverfi starfsmanna í almannaþjónustu (Allsherjarnefnd), málefnahópur um kjaramál (Starfskjaranefnd), málefnahópur um velferðamál, málefnahópur um jafnrétti og jöfnuð og málefnahópur um framtíðarvinnumarkaðinn. Um 35-45 þingfulltrúar sátu í hverjum hópi sem fjölluðu um afmarkaða hluta stefnunnar eftir málaflokkum en umgjörð hópanna var svipuð, utanaðkomandi sérfræðingar voru með framsögur sem innlegg fyrir borðumræðu þingfulltrúanna.

Endurnýjaða stefnu BSRB til næstu þriggja ára í alls 14 málaflokkum má finna á heimasíðu bandalagsins. Samtals voru átta ályktanir 46. þings BSRB samþykktar og eru þær eftirfarandi:

# ÁLYKTANIR Á FRAMHALDSÞINGI BSRB




## Ályktun um atvinnuöryggi á vinnumarkaði framtíðarinnar

Aðgerðir til að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga, tækniþróun og sjálfvirknivæðing ásamt hækkandi aldri þjóðarinnar mun móta íslenskan vinnumarkað á næstu árum og er sú þróun þegar farin af stað. 46. þing BSRB gerir þá kröfu á stjórnvöld að unnin verði ítarleg greining og mat á áhrifum allra þessara breytinga á störf og starfsumhverfi innan almannaþjónustunnar. Hið opinbera verður að varða leiðina.

Upplýsingar verða að liggja fyrir um áhrif breytinganna og hvernig þær munu snerta fólk með ólíkum hætti eftir starfstétt, menntun, uppruna, aldri, búsetu og kyni. Slík greining er nauðsynlegur grunnur fyrir gerð öflugrar áætlunar um sí- og endurmenntun, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat til að auðvelda fólki að laga sig að breyttum starfsaðstæðum í grænu hagkerfi. 46. þing BSRB leggur sérstaka áherslu á að stjórnvöld tryggi að öllu launafólki af erlendum uppruna gefist kostur á að læra íslensku á vinnutíma, þeim að kostnaðarlausu og án launaskerðingar.

46. þing BSRB lýsir yfir stuðningi við loftslagsmarkmið stjórnvalda en krefst þess að þeim verði náð á forsendum réttlátra umskipa. Réttlát umskipti fela í sér sanngjarna dreifingu kostnaðar og ávinnings af loftslagsaðgerðum til að ná kolefnishlutleysi. Áherslu skal leggja á sköpun grænna starfa sem eru launuð með sanngjörnum hætti. Þau skulu veita vinnumarkaðstengd réttindi og tryggja að starfsfólk hafi áhrif á starfsaðstæður sínar. 46. þing BSRB krefst þess að verkalýðshreyfingin sé þátttakandi í stefnumótun og útfærslu þeirra loftslagsaðgerða sem hafa munu áhrif á hag og aðstæður launafólks og almennings.

## Ályktun um húsnæðismál

Aðgengi að öruggu húsnæði á viðráðanlegum kjörum eru grundvallar mannréttindi. 46. þing BSRB krefst þess að stjórnvöld setji sér það markmið að fólk greiði ekki meira en 25 prósent af ráðstöfunartekjum sínum í húsnæðiskostnað og hafi raunverulegt val á milli leigu, eignar og búseturéttar. Til að svo megi verða þurfa stjórnvöld að leggja megináherslu á uppbyggingu íbúða í samræmi við þörf.

46. þing BSRB krefst þess að opinber stofnframlög til almenna íbúðakerfisins verði aukin svo hægt sé að hraða uppbyggingunni enn frekar, enda tryggja íbúðirnar húsnæðisöryggi fyrir launafólk í lægri tekjuhópum og fjölskyldur þeirra. Ríki og sveitarfélög verða einnig að greiða götu leigufélagsins Blævar, sem er leigufélag í eigu BSRB og ASÍ, til að auka valkosti launafólks sem er yfir tekjuviðmiðum í almenna íbúðakerfinu og stuðla þannig að húsnæðisöryggi fyrir öll. Stjórnvöld ættu jafnframt að auðvelda ungu fólki og tekjulágu að eignast húsnæði, kjósi þau það fremur en að leigja húsnæði. Með það að markmiði ætti að auðvelda fólki að spara fyrir húsnæði, t.a.m. með valfrjálsu sparnaðarkerfi sem yrði rekið af hinu opinbera.

Beinn húsnæðisstuðningur ríkisins hefur tekið eðlisbreytingum því nú geta húsnæðiseigendur nýtt skattfrjálsan séreignasparnað til að greiða niður húsnæðislán. Greiningar sýna að stuðningurinn nýtist fyrst og fremst tekjuhæstu hópunum. Á sama tíma hefur húsnæðisstuðningur við leigjendur rýrnað að raungildi og fækkað hefur verulega í hópi þeirra sem eiga rétt á vaxtabótum. 46. þing BSRB gerir þá kröfu að stjórnvöld tryggi öllum húsnæðisstuðning sem á þurfa að halda, og að fjárhæðir og skerðingarmörk fylgi verðlagi.

## Ályktun um endurmat á virði kvennastarfa

Launamunur kynjanna á íslenskum vinnumarkaði er meinsemd sem verður að uppræta. Sá launamunur er ekki náttúrulögmál heldur endurspeglar fordóma, fáfræði og ofbeldismengað viðhorf til mikilvægs framlags kvenna í gangverki samfélagsins.

Um helmingur kvenna á íslenskum vinnumarkaði starfar í almannaþjónustu, flestar þeirra í kvennastéttum sem sjá um að íslenskt efnahagskerfi geti starfað án truflana. Íslenskar og erlendar rannsóknir sýna að kynskiptur vinnumarkaður er ein helsta skýringin á kynbundnum launamun. Stjórnvöldum ber því skylda til að grípa til aðgerða til að leiðrétta laun kvennastétta til samræmis við raunverulegt virði þeirra og þeirrar verðmætasköpunar sem störfin skila fyrir samfélagið.

Það er löngu kominn tími til aðgerða sem skila árangri í að leiðrétta launamun kynjanna. 46. þing BSRB krefst þess að stjórnvöld tryggi það fjármagn sem þarf til að þróa hratt og vel öflug úrræði samkvæmt tillögum starfshóps um endurmat á störfum kvenna. Þingið krefst þess einnig að tekin verði marktæk og áþreifanleg skref í að vinna á þeim óþolandi launamun sem konur búa við. Það er komið nóg af rannsóknum, viljayfirlýsingum og fagurgala. Nú er komin tími til aðgerða.

## Ályktun um starfsumhverfi starfsfólks í almannaþjónustu

Heimsfaraldur kórónaveirunnar hefur beint kastljósinu á mikilvægi almannaþjónustunnar sem einnar grunnstoða samfélagsins. Í tvö ár hefur starfsfólk almannaþjónustunnar borið hitann og þungann af baráttunni við veiruna. Í tvö ár hefur líf þessa stóra hóps framlínufólks einkennst af fórnum sem það hefur þurft að færa fyrir okkur hin.

Þessi öflugi hópur fólks sem staðið hefur í framlínunni getur ekki staðið vaktina endalaust. Við höfum lagt allt okkar traust á þau í heimsfaraldrinum og álagið hefur verið gríðarlegt. Nú er komið að því að launa þeim erfiðið og grípa til aðgerða til að tryggja að þau komi heil út úr þessu ástandi. Skapa þarf gott og heilbrigt starfsumhverfi í heilbrigðiskerfinu, sjúkraflutningum, skólakerfinu, félags- og velferðarþjónustu, löggæslunni, póstþjónustu og víðar. Besta leiðin til að gera það er að tryggja nægilega mönnun í takt við fólksfjölgun, aukna þjónustuþörf og auknar kröfur til þjónustunnar ásamt því að bæta stjórnun daglegra verkefna.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er fjallað um mönnunarþörf til langs tíma í heilbrigðis- og menntakerfinu og að mæta verði vaxandi þörf til framtíðar og með hliðsjón af hinum dreifðu byggðum. Þar segir einnig að mönnun löggæslunnar þurfi að vera í takti við þarfir samfélagsins. 46. þing BSRB krefst þess að ríkisstjórnin meti mönnunarþörf almannaþjónustunnar í heild sinni, bæði til skemmri tíma og til framtíðar og bregðist við.

Þá krefst 46. þing BSRB þess að strax verði skimað fyrir streitu, kulnun og öðrum álagseinkennum meðal starfsfólks almannaþjónustunnar. Grípa þarf til viðeigandi aðgerða ef andlegri eða líkamlegri heilsu starfsfólks fer hrakandi, til dæmis með breytingum á starfsaðstæðum og með því að tryggja starfsfólki hvíld og endurheimt, til að koma í veg fyrir langvarandi heilsubrest eða ótímabæra örorku.

Enn fremur er þess krafist að stjórnvöld innleiði vinnuverndarreglur um skipulag vinnunnar og félagslega þætti í starfsumhverfinu að sænskri fyrirmynd og að þeim verði fylgt eftir af krafti með fræðslu og kröfum um þekkingu stjórnenda. Þannig má tryggja að eftirsóknarvert verði að starfa í almannaþjónustunni og byggja undir nauðsynlega festu í mönnun og öryggi starfsfólks og notenda þjónustunnar.

# ÁLYKTANIR Á FRAMHALDSÞINGI BSRB



## Ályktun um skattamál

46. þing BSRB mótmælir fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar sem felur í sér lækkandi hlutdeild opinberra útgjalda af landsframleiðslu. Breytt aldurs- og íbúasamsetning, tæknibreytingar, aðkallandi aðgerðir í loftslagsmálum, efnahagslegar afleiðingar Covid-19 heimsfaraldursins, stríðsástand og óvissa í heimsmálum munu reyna á efnahagslíf og vinnumarkað á næstu árum.

Misskipting tekna og eigna fer vaxandi og sú mikla samþjöppun auðs sem er að verða hér á landi er skaðleg fyrir samfélagið, ýtir undir stéttskiptingu, dregur úr félagslegri samheldni og eykur hættu á misbeitingu pólitísks valds. 46. þing BSRB krefst þess að jöfnuður og félagslegur stöðugleiki verði hafður að leiðarljósi við stjórn efnahagsmála.

Vaxandi útgjaldaþörf og auknum ójöfnuði verður að bregðast við með efnahagslegum ráðstöfunum og breytingum í ríkisfjármálum með auknum útgjöldum og aukinni tekjuöflun hins opinbera. 46. þing BRSB krefst þess að í þeim efnum verði velferð borgaranna höfð að leiðarljósi, auknum útgjöldum verði ekki mætt með niðurskurði opinberrar þjónustu og að nýjar leiðir til tekjuöflunar verði mótaðar með jöfnuð og sanngirni að leiðarljósi. Efling almannaþjónustunnar er fjárfesting í fólki og friði.

## Ályktun um jöfnun launa milli markaða

Laun opinberra starfsmanna eru að meðaltali 16,8% lægri en laun fyrir sambærileg störf á almennum vinnumarkaði. Með samkomulagi sem ríkið, Reykjavíkurborg og sveitarfélögin gerðu 16. september 2016 við heildarsamtök opinberra starfsmanna, skuldbundu opinberir aðilar sig til að jafna þennan launamun á innan við áratug.

Samkvæmt samkomulaginu, sem er afdráttarlaust og ekki er hægt að mistúlka, gáfu opinberir starfsmenn eftir hluta réttinda sinna í lífeyriskerfinu og lífeyrisréttur starfsmanna á almennum markaði var aukinn. Heildarsamtök launafólks á opinberum vinnumarkaði hafa þannig staðið við sinn hluta samkomulagins, almenni markaðurinn hefur fengið allt sitt, en ríkið, Reykjavíkurborg og sveitarfélögin draga lappirnar eins og þau lifandi geta við að leiðrétta launamuninn milli markaða.

Í 7. grein samkomulagsins sem undirritað var 2016 um jöfnun launa segir orðrétt: „Vinna þarf sérstaklega að því að jafna laun einstakra hópa milli almenns og opinbers vinnumarkaðar og munu aðilar beita sér fyrir því að sérstaklega verði unnið að slíkri launajöfnun.“

Í samningahópnum hefur ríkið, Reykjavíkurborg og sveitarfélögin reynt að komast undan samkomulaginu. Þau hafa þvælt málið með óbilgjörnum hætti, afvegaleitt og rangtúlkað markmið samkomulagsins, í stað þess einfaldlega að jafna launamuninn við almenna vinnumarkaðinn eins og kveður á um í samkomulaginu. Í fimm ár hafa þau tafið og þvælt málið með allskonar útúrsnúningum og orðaleikjum, á meðan opinberir starfsmenn hafa staðið við sinn hluta.

46. þing BSRB krefst þess að launagreiðendur standi við sinn hluta samkomulagsins, tryggi fjármögnun verkefnisins og hefji strax vinnu að heilindum að jafna launamuninn eins og samningar segja til um.

Það verður aldrei nein sátt um að launagreiðendur svíki þetta samkomulag. Skilgreiningin á jöfnun launa milli markaða í samkomulaginu er fortakslaus og ef launagreiðendur standa ekki við samkomulagið mun það hafa víðtæk og alvarleg áhrif á þær kjarasamingsviðræður sem fram undan eru.

## Ályktun um heilbrigðiskerfið og einkavæðingu

Mikill meirihluti landsmanna vill að heilbrigðisþjónustan sé alfarið í opinberum rekstri og hafnar aukinni einkavæðingu. Frekari einkavæðing mun ekki draga úr kostnaði hins opinbera við heilbrigðisþjónustu og mun draga úr þeirri yfirsýn sem nauðsynleg er til að skipuleggja heilbrigðiskerfið í þágu almannahagsmuna. Það er óásættanlegt að fjármunir sem ríkið ætlar til þjónustu við sjúklinga renni í vasa einkaaðila með arðgreiðslum.

46. þing BSRB skorar á stjórnvöld að efla heilbrigðiskerfið og snúa af leið frekari einkavæðingar. Þingið krefst þess að íslenskt heilbrigðiskerfi sé aðgengilegt öllum án tillits til greiðslugetu eða efnahags enda ber að fjármagna heilbrigðiskerfið úr sameiginlegum sjóðum allra landsmanna. Undirfjármögnun heilbrigðiskerfisins er staðreynd enda útgjöld til málaflokksins hlutfallslega lægst hér af öllum Norðurlöndunum. Úr þessu þarf að bæta tafarlaust. Sjúkrastofnanir ættu ekki að þurfa að reiða sig á fjárframlög eða tækjakaup af hendi félagasamtaka eða einstaklinga.

Heimsfaraldurinn jók á skilning landsmanna á mikilvægi grunnstoða samfélagsins og augljóst að fjárfesting í heilbrigðisþjónustu og öðrum grunninnviðum er gríðarlega mikilvæg fyrir allt samfélagið. Þar verður sérstaklega að gera átak í að efla heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni enda nauðsynlegt að öllum sé tryggt betra og jafnt aðgengi að heilbrigðisþjónustu, óháð búsetu. Þá þarf að grípa til aðgerða til að tryggja að starfsfólk þjónustunnar hverfi ekki til annarra starfa og hæft fólk fáist til starfa þar sem þörf er á til þess að vandinn dýpki ekki enn frekar.

46. þing BSRB telur óásættanlegt að stjórnvöld horfi nú til fjölbreyttari rekstarforma í kjölfar þessa mikla álagstímabils sem faraldurinn hafði í för með sér á allt heilbrigðiskerfið. Hætt er við að teknar verði ákvarðanir án þess að fyrir liggi greining á áhrifum þess til langs tíma. Ákvarðanir stjórnvalda mega ekki byggja á skammtímahagsmunum eða hagsmunum hinna fáu heldur þarf að marka stefnu til lengri tíma þar sem meðal annars er lagt mat á kostnað, áhrif á notendur þjónustunnar og áhrifin á starfsfólkið sem sinnir henni. Þannig má tryggja sem besta nýtingu fjármuna, auknar forvarnir til að tryggja megi góða heilsu og framúrskarandi heilbrigðisþjónustu fyrir alla landsmenn.

## Ályktun um #metoo

Kynbundið ofbeldi er meðal útbreiddustu mannréttindabrota á heimsvísu og hefur það aukist til muna síðan heimsfaraldurinn skall á fyrir tveimur árum. Áreitni og annað ofbeldi gegn konum er ekki óumflýjanlegt heldur skal uppræta það með samstilltum aðgerðum þar sem ráðist er að rót vandans.

46. þing BSRB kallar eftir aðgerðum stjórnvalda og atvinnurekenda til að fyrirbyggja megi ofbeldi á vinnumarkaði og í einkalífinu. Mikilvægt er að til staðar sé stuðningur og farvegur fyrir þolendur áreitni og ofbeldis en það er tímabært að athygli og ábyrgð verði í auknum mæli beint að gerendum. Við viljum ekki fleiri brot og við viljum ekki að fleiri þolendur þurfi að stíga fram í leit að réttlæti með því að segja sína #metoo sögu. Þolendur áreitni og ofbeldis eru risastór hópur í samfélagi okkar sem á fátt annað sameiginlegt en að vera í flestum tilvikum konur. Fatlaðar konur, konur af erlendum uppruna og transfólk eru í mestri hættu á að verða fyrir ofbeldi.

46. þing BSRB gerir þá kröfu að starfsfólk og stjórnendur fái reglubundna fræðslu um kynjafræði, fjölbreytileika, heilbrigða vinnustaðamenningu og heilbrigð samskipti. Sömuleiðis að fjölgað verði úrræðum fyrir gerendur í ofbeldismálum til að koma megi í veg fyrir frekari brot.

#metoo bylgjurnar geta ýft upp gömul sár og því hvetur 46. þing BSRB atvinnurekendur til að veita þolendum svigrúm til að leita sér aðstoðar til að vinna úr áföllum sínum. Við líðum ekki lengur að þolendur þurfi að taka pokann sinn eða bera byrðarnar ein af ofbeldinu sem þau verða fyrir heima eða í vinnunni.



Formannaráð BSRB 2018

## Formannaráð BSRB

Formannaráð BSRB er skipað formönnum allra aðildarfélaga bandalagsins og er formaður BSRB jafnframt formaður ráðsins. Eins og tilgreint er í lögum BSRB fundar formannaráðið að lágmarki þrisvar sinnum á ári en boðað er til funda oftar ef þurfa þykir. Frá þingi bandalagsins þann 29. september 2021 fundaði ráðið alls tvisvar sinnum, að meðtöldum formannafundi á undan aðalfundi 24. maí 2022.

Formannaráðið fundaði í fyrsta skipti eftir 46. þing bandalagsins þann 18. nóvember 2021. Um fjarfund var að ræða vegna heimsfaraldursins. Á fundinum var rætt um framtíðarsýn bandalagsins og rætt um áherslurnar í starfinu framundan. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir kynnti haustskýrslu kjaratölfræðinefndar með áherslu á þær niðurstöður sem snéru að félagsmönnum aðildarfélaga BSRB. Á fundinum var einnig rætt um framtíð orlofsbyggða í Munaðarnesi og möguleika á því að eignast landið sem sumarhús aðildarfélaga standa á. Á fundi formannaráðs þann 23. febrúar 2022 var fjallað um stöðu launafólks á Íslandi en þar kynnti Kristín Heba Gísladóttir, framkvæmdastjóri Vörðu – Rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins könnun meðal félagsfólks aðildarfélaga BSRB og ASÍ um fjárhagslega stöðu, heilsu og áhrif faraldursins á starfsskilyrði. Þá fjölluðu Sonja Ýr og Sigríður Ingibjörg um vinnu Þjóðhagsráðs í tengslum við undirbúning kjarasamninga 2022/2023. Þórarinn Eyfjörð kynnti þá hugmyndir um stofnsetningu leigufélagsins Blævar sem hugsað er fyrir meðaltekjuhópinn eða þar sem tekjumörkum Bjargs sleppir. Loks var farið yfir undirbúning framhaldsþings 46. þings BSRB og nýráðningar á skrifstofu BSRB. Dagskrá formannaráðsfundar þann 24. maí lág ekki fyrir þegar skýrsla þessi var rituð.

**Formannaráðið skipa eftirtalin:**

**Arna Jakobína Björnsdóttir** – Kjölur – stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu
**Arnar Hjálmsson** – Félag íslenskra flugumferðarstjóra
**Árný Erla Bjarnadóttir** – FOSS – stéttarfélag í almannaþjónustu
**Ástríður Sigþórsdóttir** – Starfsmannafélag Suðurnesja
**Edda Davíðsdóttir** – Starfsmannafélag Mosfellsbæjar
**Fjölnir Sæmundsson** – Landssamband lögreglumanna
**Guðbjörn Guðbjörnsson** – Tollvarðafélags Íslands
**Hafsteinn Ólafsson** – Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi
**Hermína Hreiðarsdóttir** – Starfsmannafélag Húsavíkur
**Jón Ingi Cæsarsson** – Póstmannafélag Íslands
**Karl Rúnar Þórsson** – Starfsmannafélag Hafnarfjarðar
**Kristján Hilmarsson** – Starfsmannafélag Garðabæjar
**Magnús Smári Smárason** – Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

**Marta Ólöf Jónsdóttir** – Starfsmannafélag Kópavogs
**Sandra Bryndísardóttir Franks** – Sjúkraliðafélag Íslands
**Sonja Ýr Þorbergsdóttir** – Formaður BSRB
**Unnar Örn Ólafsson** – Félag flugmálastarfsmanna ríkisins
**Unnur Sigmarsdóttir** – Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar
**Þórarinn Eyfjörð** – Sameyki
**Þórveig Þormóðsdóttir** – Félag starfsmanna stjórnarráðsins

## Endurnýjun frá þingi

Formannsskipti hafa orðið í nokkrum aðildarfélögum frá þingi BSRB 29. september 2021. Þá hefur fækkað í hópnum vegna sameininga nokkurra aðildarfélaga. Þórður Vilberg Guðmundsson sagði af sér sem formaður Félags opinberra starfsmanna á Austurlandi í lok september 2021 og Hafsteinn Ólason varaformaður tók við formennsku.

Fjórir formenn hurfu úr ráðinu í kjölfar sameininga félaga þeirra við Kjöl stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu. Það voru þau **Björgúlfur Halldórsson**, fyrrverandi formaður Starfsmannafélags Fjarðabyggðar, **Helga Hafsteinsdóttir**, fyrrverandi formaður Starfsmannafélags Dala- og Snæfellsnessýslu, **Sigurður Arnórsson**, fyrrverandi formaður Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum og **Guðbjörn Arngrímsson**, fyrrverandi formaður Starfsmannafélags Fjallabyggðar.

Formannaráð hefur sent frá sér eina ályktun frá 46. þingi bandalagsins. Hún er hér svohljóðandi.

# ÁLYKTUN FORMANNARÁÐS BSRB



### Ályktun formannaráðs BSRB um velsæld

Formannaráð BSRB krefst þess að fjárveitingar til almannaþjónustunnar verði auknar verulega enda er það lykillinn að því að koma íslensku samfélagi út úr þeirri erfiðu stöðu sem leiðir af heimsfaraldrinum. Reynslan af bankakreppunni 2008 sýnir að það voru mistök að skera niður í almannaþjónustu og af þeim mistökum verðum við að læra. Starfsfólk almannaþjónustunnar hefur verið undir gríðarlegu álagi og undirmönnun er víða vandamál. Það er pólitísk ákvörðun að vanfjármagna almannaþjónustuna. Formannaráð BSRB hafnar þeirri leið enda dregur hún úr velsæld og möguleikum til verðmætasköpunar.

Eignaójöfnuður fer vaxandi og þeir sem mest eiga verða að leggja meira til samfélagsins. Frá því heimsfaraldurinn skall á hafa eignir heimilanna aukist um á þriðja hundrað milljarða króna og langmest af þeirri aukningu fór til þeirra allra ríkustu.

Formannaráð BSRB kallar eftir auðlegðarskatti á stóreignafólk og að fjármagnstekjuskattur verði hækkaður. Á síðasta ári voru arðgreiðslur sjávarútvegsfyrirtækja til eigenda sinna þær hæstu í sögunni, 21,5 milljarðar króna. Á sama tíma greiddu fyrirtækin aðeins innan við fjórðung af þeirri fjárhæð í ríkissjóð fyrir afnotin af þessari sameiginlegu auðlind íslensku þjóðarinnar. Formannaráðið kallar eftir því að veiðigjöldin verði aukin verulega og tekjur af þeim notaðar til að auka almenna velsæld.




## Stjórn BSRB

Á milli þinga og aðalfunda fer stjórn BSRB með æðsta vald í málefnum bandalagsins. Stjórnin stýrir starfseminni í samræmi við lög bandalagsins, stefnumörkun þings, formannaráðs og aðalfundar. Stjórnina skipa alls níu aðalfulltrúar og er formaður bandalagsins jafnframt formaður stjórnarinnar. Í stjórninni sitja formaður BSRB og 1. og 2. varaformaður BSRB ásamt sex meðstjórnendum. Til viðbótar eru sjö varamenn sem kosnir eru á þingi bandalagsins eins og aðrir stjórnarmenn og koma þeir inn á fundi stjórnar í forföllum aðalmanna.

Fundir stjórnar BSRB eru að jafnaði haldnir aðra hverja viku, nema yfir hásumarið. Að fundum loknum eru fundargerðir sendar aðildarfélögum bandalagsins svo forystufólk aðildarfélaganna geti verið vel upplýst um umfjöllun og afgreiðslu stjórnar á einstökum málum.

**Stjórn BSRB árin 2021-2024 er skipuð eftirfarandi einstaklingum:**

**Sonja Ýr Þorbergsdóttir**, formaður BSRB
**Þórarinn Eyfjörð**, 1. varaformaður BSRB
**Arna Jakobína Björnsdóttir**, 2. varaformaður BSRB
**Árný Erla Bjarnadóttir**
**Fjölnir Sæmundsson**
**Jón Ingi Cæsarsson**
**Karl Rúnar Þórsson**
**Sandra B. Franks**
**Þórveig Þormóðsdóttir**

**Varamenn eru:**

**Marta Ólöf Jónsdóttir**
**Unnar Örn Ólafsson**
**Unnur Sigmarsdóttir**
**Magnús Smári Smárason**
**Ástríður Sigþórsdóttir**
**Edda Davíðsdóttir**
**Guðbjörn Guðbjörnsson**

## Skrifstofa BSRB

Starfsfólk skrifstofu BSRB hefur það hlutverk að fylgja eftir stefnu bandalagsins sem mótuð er af kjörnum fulltrúum þess. Bandalagið gætir hagsmuna launafólks hvort sem er á opinberum vinnumarkaði eða hjá opinberum fyrirtækjum sem rekin eru í almannaþágu og stendur vörð um réttindi og skyldur félagsmanna aðildarfélaga bandalagsins.

Starfsfólk BSRB undirbýr mál sem lögð eru fyrir stjórnarfundi, fundi formannaráðs og aðra fundi sem haldnir eru, stendur fyrir starfsdögum og öðrum viðburðum og kennir á námskeiðum. Á skrifstofu bandalagsins sækja aðildarfélögin fjölbreytta þjónustu og ráðgjöf, til dæmis varðandi lög- og hagfræðileg efni, kynningarmál, menntamál og fleira. Þá sinnir bandalagið fræðslu og upplýsingagjöf og sér um samskipti við stjórnvöld, önnur heildarsamtök launafólks, atvinnurekendur og erlenda aðila.

Frá 46. þingi BSRB í september 2021 hefur starfsfólk BSRB unnið úr, veitt ráðgjöf og svarað miklum fjölda lögfræðilegra fyrirspurna auk þess að aðstoða aðildarfélögin við að tryggja að réttindi félagsmanna þeirra séu virt. Þá hefur einnig mætt mikið á starfsfólki við að gæta hagsmuna félagsmanna í heimsfaraldri kórónuveirunnar.

Starfsfólk á skrifstofu BSRB sér einnig um skil iðgjalda til aðildarfélaga bandalagsins í gegnum BIBS og hefur verið unnið að því að gera þau skil rafræn að öllu leyti. BSRB starfar samkvæmt þjónustusamningi við Rekstrarfélag um starfsendurhæfingu og þjónustar rekstrarfélagið varðandi bókhald, greiðslu launa og fleira sem við kemur daglegum rekstri. Starfsfólk BSRB sér einnig um bókhald og önnur fjármál Vörðu – rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins og rekur Félagsmannasjóðinn Kötlu fyrir aðildarfélög sem gerðu kjarasamninga við Samband íslenskra sveitarfélaga. Þá er BSRB einnig með þjónustusamning við Félagamiðstöðina að Grettisgötu 89 sem sér um öll mál sem varða húsnæðið.

Starfsfólk BSRB sér einnig um útleigu á Birkihlíð, eina sumarhúsi bandalagsins. Félagsmönnum aðildarfélaga bandalagsins stendur til boða að leigja húsið og er það gjarnan nýtt þegar hús félaganna eru fullbókuð.



Skrifstofa BSRB

**Starfsfólk á skrifstofu:**

**Ásthildur Torfadóttir** afgreiðslufulltrúi
**Björg Geirsdóttir** fulltrúi
**Dagný Aradóttir Pind** lögfræðingur
**Freyja Steingrímsdóttir** samskiptastjóri
**Hrannar Már Gunnarsson** lögfræðingur
**Jóhanna Þorgilsdóttir** fulltrúi
**Karl Sigurðsson** sérfræðingur í menntamálum
**Magnús Már Guðmundsson** framkvæmdastjóri
**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir** hagfræðingur
**Sonja Ýr Þorbergsdóttir** formaður
**Sólveig Jónasdóttir** fjármálastjóri

Frá þingi BSRB 2021 hefur orðið sú breyting á starfsmannamálum bandalagsins að Brjánn Jónasson lét af störfum sem kynningarfulltrúi. Freyja Steingrímsdóttir var ráðin nýr samskiptastjóri bandalagsins í apríl 2022 og mun sinna kynningarmálum og samskiptum við fjölmiðla fyrir hönd BSRB auk þess að vinna náið með forystu BSRB að stefnumótun og hagsmuna- og réttindabaráttu starfsmanna í almannaþjónustu.

# 02

# Málefni

Þó heimsfaraldur kórónuveirunnar hafi sett mark sitt á starf BSRB undanfarið hefur bandalagið unnið að framgangi ýmiskonar mála frá 46. þingi bandalagsins haustið 2021.

## Kjara- og efnahagsmál

Innleiðing styttingu vinnuvikunnar hefur áfram verið eitt stærsta málið á þessu tímabili ásamt vinnu við jöfnun launa milli markaða og fjölbreyttu samtali við stjórnvöld og önnur heildarsamtök launafólks og atvinnurekendur um kjör og stöðu fólks á vinnumarkaði.

### Stytting vinnuvikunnar

Samið var um styttingu vinnuvikunnar í kjarasamningum nær allra aðildarfélaga BSRB í mars 2020 en mikil vinna hefur verið í eftirfylgni innleiðingar á öllum vinnustöðum til að tryggja að styttingin sé framkvæmd sem bestum og réttustum hætti innan hvers vinnustaðar. Sett var á fót stjórnskipulag í kringum breytingarnar þar sem fulltrúar launafólks og atvinnurekenda vinna saman að innleiðingunni. Það er gert með innleiðingarhópum eftir viðsemjendunum, ríki, Reykjavíkurborg og Sambandinu varðandi dagvinnufólk. Hjá vaktavinnufólki er starfandi sérstakur stýrihópur þar sem sæti eiga öll samtök launafólks og atvinnurekenda og ráðið hefur verið starfsfólk til að sinna fræðslu og ráðgjöf t.d. með námskeiðum og á fundum. Enn fremur eru innleiðingarhópar eftir viðsemjendum þremur þar sem öll samtök launafólks eiga einnig sæti. Allir þessir hópar funda reglubundið til að fara yfir aðstæður á þeim vinnustöðum sem borist hafa nefndinni og ekki hefur tekist að leysa úr innan vinnustaðarins í tengslum við breytingar á vinnutíma. Fræðslu og leiðbeiningum hefur verið safnað saman og birt á síðunni www.betrivinnutimi.is.

Styttingin var ólík milli dagvinnuhópa annars vegar og vaktavinnuhópa hins vegar. Hjá dagvinnuhópunum snýr verkefnið að því að tryggja að allir fari úr 40 stunda vinnuviku í 36 en hjá vaktavinnufólki voru samhliða styttingu innleiddar miklar breytingar á launaforsendum sem hafa það að markmiði að tryggja að gæði kerfisins skili sér hlutfallslega best til þeirra sem vinna þyngstu vaktirnar.

Líkt og almennt í stórum verkefnum sem fela í sér breytingar á menningu og skipulagi vinnunnar þá tekur tíma að innleiða breytingarnar með sem bestum hætti og tileinka sér þá þekkingu sem þarf til. Kannanir sýna að mikill meirihluti opinberra starfsmanna eru ánægðir með styttingu vinnuvikunnar og að best hefur tekist til á þeim vinnustöðum þar sem hefð er fyrir miklu og ríku samráði starfsfólks og stjórnenda, umbótasamtalið er samkvæmt leiðbeiningum og öllum er gefið tækifæri til að hafa áhrif á og móta framkvæmd vinnutímabreytinganna. Sömuleiðis má sjá að síst hefur tekist að innleiða styttinguna með þeim hætti að almenn ánægja ríki þegar stofnanir hafa í gegnum tíðina almennt mælst neðarlega á lista í Stofnun ársins. Það felur í sér að stjórnun vinnustaðarins og þar með breytinganna hefur úrslitaáhrif um hvernig til tekst. Áfram verður því verkefni að styðja við stjórnendur og tryggja að allir vinnustaðir komist á leiðarenda í þessu stóra verkefni. Þá hefur undirmönnun og álag vegna heimsfaraldurs kórónaveirunnar innan tiltekinna starfsgreina einnig haft áhrif en eitt af langtímamarkmiðum styttri vinnuviku er að stuðla að því að störfin verði eftirsóknarverðari og sömuleiðis að draga úr vinnutíma til að bæta heilsu starfsfólks, öryggi þeirra og þjónustuþega ásamt því að auka jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Fljótlega hefst undirbúningur fyrir næstu kjarasamninga þar sem litið verður yfir reynsluna og skoðað hvort gera þurfi breytingar á fyrirkomulaginu fyrir dagvinnufólk og vaktavinnufólk og kröfurnar mótaðar. Á nýafstöðnu þingi BSRB var samþykkt sú krafa bandalagsins að lögfesta skuli 35 stunda vinnuviku fyrir dagvinnufólk og vinnuvika vaktavinnufólks verði 80% af vinnutíma dagvinnufólks án launaskerðingar.

### Jöfnun launa milli markaða

Starfshópur vegna 7. greinar ákvæðis í samkomulagi um lífeyrismál hefur haldið áfram vinnu sinni á síðustu mánuðum. Í samkomulaginu segir að launamunur milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins verði jafnaður en að




Frá kröfugöngu 1. maí 2022

öðru leyti fjallar samkomulagið um jöfnun lífeyrisréttinda milli markaðanna tveggja en sá hluti samkomulagsins hefur þegar gengið í gegn. Starf nefndarinnar telur nú á fjórða ár og bandalagið telur að alltof hægt þokist áfram. Launakannanir hafa sýnt að launamunur á milli markaða sé um það bil 17 prósent. BSRB leggur áherslu á að niðurstöðu verði náð á grundvelli samkomulagsins og að formfest verði sérstök jöfnunartrygging en megintilgangur hennar er að tryggja samræmi í launaþróun á milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins eftir að jöfnun hefur verið náð. Fulltrúar launafólks í nefndinni, BSRB, BHM og KÍ hafa nú lagt fram tillögu um framkvæmd jöfnunar og hvernig megi viðhalda henni til framtíðar og munu fylgja henni eftir á næstu mánuðum. BSRB leggur ríka áherslu á niðurstaða liggi fyrir áður en kjarasamningar aðildarfélaga BSRB sem semja við ríki og sveitarfélög losna í mars 2023.

### Greining á fjölgun starfsfólks í almannaþjónustu

Undanfarin misseri hefur borið á neikvæðri orðræðu um fjölgun starfsfólks í almannaþjónustu á Íslandi. Samtök atvinnurekenda og stjórnmálafólk hafa haldið því fram í eigin efni og í viðtölum við fjölmiðla að ríki og sveitarfélög sogi til sín starfsfólk af einkamarkaði, því fjölgi og hratt og búi við of góð kjör. BSRB hefur reglulega þurft að leiðrétta slíkar rangfærslur, birt greiningar og haldið uppi fræðslu um raunverulega fjölgun starfsfólks í almannaþjónustu og áhrif heimsfaraldurs og efnahagsþrenginga í því ljósi. Samkvæmt greiningu BSRB hefur fjöldi opinberra starfsmanna haldist í hendur við fjölgun þjóðarinnar undanfarin ár og er hlutfallslega svipaður nú og hann hefur verið rúman áratug samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands.

Þó kom í ljós að sannarlega væri rétt að á undanförnum tveimur árum hafi starfsfólki fækkað á almennum vinnumarkaði á sama tíma og starfsfólk í opinbera geiranum fjölgaði – en það kom ekki af góðu heldur vegna þess að fjöldi starfa tapaðist vegna sóttvarnartakmarkana og efnahagsáhrif COVID-19 sem leiddi til mikils atvinnuleysis. Á móti þurfti fleira starfsfólk hjá hinu opinbera einkum til að bregðast við faraldrinum en einnig vegna fólksfjölgunar og hlutfallslegrar fjölgunar aldraða. Líkur eru á að áróður af þessu tagi muni færast í aukana í aðdraganda kjarasamninga og mun BSRB halda áfram að upplýsa almenning um raunverulega stöðu opinberra starfa á Íslandi.

## Húsnæðismál

Eins og síðustu ár hafa húsnæðismálin verið til umfjöllunar innan BSRB. Stefna bandalagsins í húsnæðismálum var endurnýjuð á framhaldsþingi 46. þings bandalagsins og hefur verið unnið samkvæmt henni síðan. Í stefnunni segir með skýrum hætti að húsnæðisöryggi, hvort sem um er að ræða búsetu í leiguhúsnæði eða séreign, séu mannréttindi. Hið opinbera eigi að tryggja öllum slíkt öryggi með framboði af húsnæði á viðráðanlegu verði, húsnæðisstuðningi og efnahagsaðgerðum sem draga úr óeðlilegri hækkun húsnæðisverðs.

### Bjarg íbúðafélag

Frá stofnun Bjargs íbúðafélags árið 2016 hafa BSRB og ASÍ átt í góðu samstarfi innan félagsins um uppbyggingu leiguíbúða á viðráðanlegu verði fyrir tekjulægstu félaga aðildarfélagana. Félagið er rekið án hagnaðarsjónarmiða. Uppbyggingin hjá félaginu hélt áfram á tímabilinu. Fyrsta íbúðin var afhent árið 2019 en í dag hafa 628 íbúðir verið afhentar, 280 íbúðir eru í hönnunarferli eða byggingu og 451 íbúð eru í undirbúningi. Bjarg hefur gert viljayfirlýsingu við sveitarfélög um stofnframlög og lóðir vegna 1365 íbúða allt í allt.

### Blær íbúðafélag

ASÍ og BSRB hafa sett á stofn Blæ ehf. Tilgangur félagsins er þróun byggingarverkefna og fasteignamiðlun en þannig er stefnt að Blær verði leigufélag fyrir meðaltekjuhópinn eða þar sem tekjuþaki Bjargs sleppir. Enn á eftir að finna leiðir til fjármögnunar slíkra verkefna. Einstaka stéttarfélög geta einnig staðið fyrir verkefnum á borð við byggingu leiguíbúða á vegum Blævar til að nýta sér þá sérfræðiþekkingu sem þar er fyrir hendi en Blær er í nánu samstarfi við Bjarg. Þannig verður fyrsta verkefni á vegum Bjargs framkvæmd á vegum VR stéttarfélags.




Frá einni af skóflustungum Bjargs íbúðafélags

## Fundir með ráðherrum og stjórnvöldum

BSRB fundar reglulega með ráðherrum til að fylgja eftir kröfum og áherslum bandalagsins. Í ársbyrjun voru aðilar vinnumarkaðarins boðaðir á fund með ráðherranefnd um stöðuna í faraldrinum. Sambærilegur fundur hafði verið haldinn á síðasta ári og ítrekaði BSRB kröfur sínar um að viðurkenna þurfi framlag framlínufólks í baráttu við faraldurinn, skima þurfi fyrir sjúklegri streitu og kulnun hjá starfsfólki almannaþjónustunnar. Enn fremur að heilbrigðiskerfið verði styrkt til að tryggja öryggi sjúklinga og starfsfólks. Þá voru ítrekaðar kröfur um að styðja þurfi þá hópa sem höllustum fæti standa fjárhagslega þar sem kannanir Vörðu sýni að aukning hafi orðið á þeim sem telji sig eiga nokkuð erfitt eða erfitt að ná endum saman.

Á undanförnum mánuðum hefur formaður BSRB fundað með þremur ráðherrum ríkisstjórnarinnar. Á fundi með Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra var fjallað um stjórnarsáttmálann og fjárlög ásamt því hvernig stuðla megi að betri andlegri heilsu fólks í tengslum við heimsfaraldur kórónaveirunnar en þar var sérstök áhersla lögð á framlínufólk. Enn fremur fundaði formaður BSRB með nýjum félags- og vinnumarkaðsráðherra, Guðmundi Inga Guðbrandssyni, þar sem rætt var um sí- og endurmenntun, heilsu starfsfólks í almannaþjónustu í tengslum við aukið álag vegna heimsfaraldursins en einnig vegna vanfjármögnunar, skil milli vinnu og einkalífs í tengslum við fjarvinnu og réttinn til að aftengjast. Loks fundaði formaður BSRB ásamt forseta ASÍ og formanni BHM með Sigurði Inga Jóhannssyni innviðaráðherra um stöðuna á húsnæðimarkaði og vinnu undirhóps Þjóðhagsráðs. Þar lögðu fulltrúar launafólks m.a. ríka áherslu á að félagsleg uppbygging húsnæðis væri höfð í forgrunni s.s. með auknum framlögum til almenna íbúðakerfisins en Bjarg íbúðafélag fellur þar undir. Enn fremur að sett væri það markmið að kostnaðarbyrði fólks

verði ekki umfram 25% af ráðstöfunartekjum þess og að stuðningur við eigendur húsnæðis yrði endurvakinn og aukinn verði stuðningur við leigjendur.

## Jafnréttismál

Jafnréttismálin eru ávallt einn af höfuðmálaflokkum BSRB og er markmið bandalagsins að tryggja að stjórnvöld og atvinnurekendur vinni markvisst að jafnrétti með því að tryggja jöfn tækifæri og jafna meðferð fólks á vinnumarkaði.

### Hádegisfundur vegna baráttudags kvenna

Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna buðu BSRB, ASÍ, BHM, Kennarasamband Íslands, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Kvenréttindafélag Íslands og Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja SSF til hádegisfundar á Hilton Reykjavík Nordica 8. mars 2022 undir yfirskriftinni „Er vinnumarkaðurinn vaknaður? #Metoo og lægri þröskuldur". Fundarstýra var Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, en frummælendur voru Sóley Tómasdóttir, Linda Rós Eðvarsdóttir og Helga Hlín Hákonardóttir.

### Endurmat á störfum kvenna

Jafnrétti kynjanna og jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf hafa verið hornsteinar í starfi BSRB um áratugaskeið. Starfshópur forsætisráðherra um endurmat á störfum kvenna var skipaður í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga milli ríkis og sveitarfélaga og aðildarfélaga BSRB 9. mars 2020. Hópurinn skilaði tillögum sínum í september 2021 og voru þær birtar á samráðsgátt stjórnvalda í kjölfarið. Umsagnarfrestur er liðinn en 31 umsögn barst um málið og voru þær í yfirgnæfandi meirihluta jákvæðar. Í framhaldinu var komið á fót aðgerðarhópi forsætisráðuneytis um launajafnrétti en hlutverk hans er að fylgja eftir tillögum fyrrnefnds starfshóps um endurmat á virði kvennastarfa. Meðal fyrstu verkefna hópsins hefur verið að skipuleggja þróunarverkefni um mat á virði starfa þar sem 2-3 stofnanir vera þátttakendur. Einnig hafa verið fengnir sérfræðingar á sviðinu til að fjalla um vanmat á virði kvennastarfa, unnið að tímalínu og verkáætlun aðgerðarhópsins og þróunarverkefnisins.

### Kvennaframboð 40 ára

Formaður BSRB flutti erindi á 40 ára afmæli Kvennaframboðs og á hliðarviðburði rannsakenda og fulltrúa femínískra hreyfinga í Danmörku, Finnlandi og Íslandi til að ræða áskoranirnar og sigrana í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna með áherslu á jöfn laun og endurmat á virði kvennastarfa.

## Heimsfaraldur

Þótt heimsfaraldur virðist loksins kyrfilega í baksýnisspeglinum lék hann heimsbyggðina og íslenskt samfélag áfram grátt þar til í vor. BSRB stóð áfram vörð um réttindi og heilsu starfsfólksins sem tókst á við faraldurinn með ýmsum hætti með tilheyrandi áhættu og álagi ásamt mögulegum afleiðingum þeirra til lengri tíma.

### Könnun um veruleika launafólks

Samkvæmt niðurstöðum könnunar Vörðu – rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins versnaði fjárhagsstaða og líðan launafólks milli ára. Verst var staða einstæða foreldra, tæplega tíundi hluti launafólks bjó við skort á efnislegum gæðum og um fjórir af hverjum tíu gátu ekki mætt óvæntum 80 þúsund króna útgjöldum án þess að stofna til skuldar. Ríflega helmingur fann fyrir meira álagi í starfi vegna faraldursins. Hlutfallið var hæst meðal kvenna sem vinna hjá ríki og sveitarfélögum þar sem sjö af hverjum tíu sögðust finna fyrir því að álagið hafi aukist.

Könnun Vörðu var gerð rafrænt dagana 24. nóvember til 9. desember 2021 meðal félaga í aðildarfélögum Alþýðusambands Íslands og BSRB. Könnunin var þýðisrannsókn og því opin öllum félagsmönnum heildarsamtakanna tveggja. Alls bárust 8.768 svör og voru svörin vigtuð eftir kyni og aðildarfélögum til að endurspegla betur þýðið. Niðurstöður voru kynntar á veffundi í BSRB-húsinu 19. janúar 2022 og var nokkuð fjallað um þær í fréttum sem og á Alþingi.



Auglýsing vegna baráttudags kvenna


Frá Landspítala

### Greining á stöðu ungs fólks í heimsfaraldri

BSRB birti í desember 2021 greiningu á áhrifum COVID-19 á ungt fólk út frá árstölum vinnumarkaðsrannsóknar Hagstofunnar. Almennt hafa rannsóknir sýnt að lífskjör þessa hóps hafi versnað í heimsfaraldri. Félagsleg staða þeirra hefur einnig versnað vegna samkomutakmarkanna og annarra inngripa í daglegt líf fólks tengdum faraldrinum. Þetta hefur haft neikvæð áhrif á heilsufar ungs fólks og aukið á geðræn vandamál. Niðurstöður greiningarinnar voru þær að aðstæður ungs fólks hér á landi séu hafi batnað nokkuð hratt og færst í það horf sem var fyrir heimsfaraldurinn. Þó var áréttað að heimsfaraldurinn myndi að öllum líkindum hafa neikvæð áhrif á lífskjör, félagslega stöðu og heilsufar margra á komandi árum og því mikilvægt að velferðarkerfið styðji vel við bakið á þeim sem verst hafa fundið fyrir afleiðingum hans.

### Málshöfðun vegna greiðslna í sóttkví

BSRB, Alþýðusamband Ísland, Bandalag háskólamanna, Félag Íslenskra hjúkrunarfræðinga, Kennarasamband Íslands og Læknafélag Íslands sendu seint á síðast ári erindi á Kjara- og mannauðssýslu ríkisins til að freista þess að skýra réttarstöðu starfsfólks sem gert hefur verið að sæta sóttkví í orlofi sínu. Í svari frá Kjara- og mannauðssýslu kom fram að ekki yrði horfið frá þeirri túlkun að starfsfólk geti ekki frestað orlofi sé því gert að sæta sóttkví. Þar sem ekki hefur tókst að ná sátt um túlkun á lögum í þessu máli var ekki um annað að ræða en að höfða mál til að fá úr því skorið hvort túlkun samtaka launafólks eða ríkis og sveitarfélaga í þessu máli er í samræmi við lög.

### Lokanir á skrifstofu BSRB

Loka þurfti skrifstofu BSRB enn á ný tímabundið fyrir gestum og takmarka fjölda starfsfólks sem vann á staðnum í janúar vegna heimsfaraldurs. Eins og áður átti starfsfólk sem gat unnið heima þess kost að sinna starfinu með þeim hætti á meðan útbreiðsla veiraunnar var sem mest og varð því lítil sem engin röskun á starfsemi BSRB af þeim orsökum. Sóttvarnaraðgerðir höfðu þó áhrif á hvernig sum verkefni voru unnin, t.d. færðust fundir að miklu leyti á fjarfundarform.

## BSRB 80 ára

BSBR fagnaði 80 ára afmæli sínu 14. febrúar 2022. BSRB hefur í 80 ár verið samstarfsvettvangur opinberra starfsmanna. Grundvöllur stofnunar BSRB var að opinberir starfsmenn stæðu sterkari sameinaðir gegn stjórnvöldum í baráttunni fyrir sameiginlegum hagsmunamálum, heldur en hvert í sínu lagi. Þannig þótti mikilvægt að stofna regnhlífasamtök stéttarfélaga starfsfólks í almannaþjónustu. Baráttunni fyrir betra þjóðfélagi lýkur aldrei og sjá má að frá upphafi hafa kröfur í grunninn snúist um að útrýma skuli misskiptingu og óréttlæti með því að tryggja velferð handa öllum, réttláta skiptingu auðsins, vinnu fyrir alla og



**Bandalag starfsmanna ríkis og bæja stofnað í dag.**

**15 félög hafa undirbúið stofnunina og eru í því um 1800 félagar**

**STOFNÞING Bandalags starfsmanna ríkis og bæja verður sett í dag kl. 4½ í Austurbæjarskólanum.**

*Til þingsins er boðað af stjórn fulltrúaráðs opinberra starfsmanna, en í því eru um 15 félög með um 1800 meðlimum.*

Dagskrá þingsins í dag er á þessa leið: Setning þingsins, ræða formanns, samþykkt kjörbréfa, kosning starfsmanna þingsins, lagt fram frumvarp til laga fyrir bandalagið. Kosning fastra nefnda þingsins. Er búizt við að þingið standi að minnsta kosti í 3 daga.

Í stjórn fulltrúaráðsins, sem boðar til þingsins, eiga sæti: Sigurður Thorlacius formaður, Guðjón B. Baldvinsson varaformaður, Lárus Sigurbjörnsson ritari, Guðmundur Pétursson gjaldkeri og Ásmundur Guðmundsson meðstjórnandi.

Stofnun þessa nýja bandalags er sögulegur viðburður fyrir samtök launastéttanna í landinu — og má vænta hins bezta af þessu starfi.

Alþýðublaðið 14. febrúar 1942

félagslegt réttlæti. Við byggjum enn á þessum góða grunni og fylgjum eftir þessum réttlátu kröfum.

Í aðdraganda stofnunar bandalagsins höfðu launagreiðslur dregist langt aftur úr verðlagi vegna gengisfellingar. Þá var dýrtíð sem sagt helsta áskorunin en sagan endurtekur sig og á 80 ára afmælinu er það einnig ein stærsta áskorunin. En þó mörg verkefnanna séu þess eðlis að þau séu viðvarandi viðfangsefni hafa einnig náðst margir sögulegir áfangar sem fela í sér varanlega breytingu.

Í tilefni afmælisins sendi forysta bandalagsins bréf til félagsfólks aðildarfélaga en þar sagði m.a.: „Félagsfólk aðildarfélaga bandalagsins koma úr ýmsum áttum. Þau starfa við umönnun, í grunnskólum, leikskólum, löggæslu, við slökkvistörf og sjúkraflutninga, flugsamgöngur, heilbrigðisþjónustu, þjónustu við fatlað fólk, póstþjónustu, stjórnsýslu og ótal margt fleira. Starfsfólk almannaþjónustunnar heldur samfélaginu gangandi, eins og heimsfaraldurinn sem nú er vonandi á lokametrunum hefur sýnt okkur. Það er einmitt samstaða þessa um margt ólíku stétta sem hefur skilað okkur stærstu sigrunum. Það er auðvelt að benda á ólíka hagsmuni í einstökum málum en




Undirbúningur fyrir kröfugöngu 1. maí 2022

það er svo ótrúlega margt sem við eigum sameiginlegt, svo gríðarmiklir hagsmunir allra að vinna saman.

Við höfum þurft að berjast fyrir öllum þeim árangri sem hefur náðst í gegnum þessa 80 ára sögu BSRB og sú barátta hefur stundum verið harkaleg. En árangurinn er líka eftir því. Við getum nefnt að bandalagið var fyrst til að tryggja lífeyrisréttindi fyrir allt félagsfólk, orlofsrétt og rétt til launa í fæðingarorlofi. Við gætum einnig nefnt að bandalagið náði fram einu af fyrstu jafnlaunaákvæðunum þar sem staðfest var að kjör kvenna og karla eigi að vera þau sömu. Bandalagið hefur tvisvar náð góðum árangri í því að stytta vinnutíma, fyrst úr 44 stundum í 40 árið 1970 og svo aftur árið 2020 þegar þorri félagsmanna stytti vinnutímann í 36 stundir eða minna. Mörg þessara réttinda sem okkur finnst sjálfsögð í dag og viljum gjarnan betrumbæta enn frekar, voru einu sinni bara hugmyndir félagsfólks og oft voru aðstæður þannig að það þótti nær óhugsandi að þær yrðu að veruleika.

Þessi árangur hefði aldrei náðst ef aðildarfélögin hefðu samið hvert í sínu horni. Það er samtakamátturinn og krafturinn sem býr í félagsmönnunum sem hefur komið okkur öllum á þennan stað. Nú styttist í að kjarasamningar verði lausir enn á ný og undirbúningurinn að hefjast hjá aðildarfélögunum. Við vitum ekki hverjar áherslurnar verða í kjaraviðræðunum. Það eru okkar frábæra félagsfólk sem varðar þá leið. En hverjar sem kröfurnar verða er ljóst að til þess að ná árangri verðum við að vera tilbúin í baráttuna saman. Það er gríðarlegur styrkur að vita til þess að rúmlega 23 þúsund félagsfólk í aðildarfélögum BSRB standi saman og séu tilbúin í baráttuna fyrir bættum kjörum og betri starfsaðstæðum.“

## Söfnun sögulegra heimilda

Í aðdraganda og undirbúningi stórafmælis BSRB var ákveðið að ráða Ásþór Sævar Ásþórsson í tímabundið starf við að safna sögulegum heimildum, greina stöðuna, fara í gegnum fyrirliggjandi gögn, flokka og skanna og undirbúa miðlun. Í ljós kom að skjalasafn BSRB á Þjóðskjalasafni hefur verið óaðgengilegt vegna flutninga. Hins vegar hefur verið innskannað í skjalavistunarkerfi BSRB má nefna BSRB-tíðindi, BSRB-fréttir, Vinnan og Ásgarð og nú hefur það verið birt á vefnum timarit.is. Sömuleiðis var safnað saman ljósmyndum og hljóðsafni og vistað rafrænt. Stjórn BSRB hefur á undanförnum mánuðum rætt um hvernig megi gera sögu bandalagsins betur skil og verður rætt áfram.




Auglýsing fyrir 1. maí 2022

## 1. maí

Eftir tveggja ára hlé á baráttufundum og kröfugöngum var loks hægt að koma saman þann 1. maí 2022. Dagurinn var haldinn hátíðlega um allt land en í Reykjavík kom fólk saman í BSRB húsinu að venju fyrir gönguna og haldið af stað niður Laugaveginn. BSRB stóð fyrir kaffi og kökum fyrir félagsmenn að venju að göngu lokinni. Yfirskrift dagskrárinnar að þessu sinni var „Við vinnum." BSRB stóð einnig fyrir auglýsingaherferð í aðdraganda fundarins þar sem áhersla var lögð á hvar verðmætasköpunin verður til í samfélaginu. Yfirskriftin var „Vinnandi fólk skapar verðmætin," og var vakið athygli á henni á vefmiðlum, samfélagsmiðlum og í útvarpi dagana fyrir 1. maí.

„*Kjarninn í starfi verkalýðshreyfingarinnar er sameiginleg hugsjón um betra líf. Það er í okkar höndum að ákveða hvernig samfélagi við ætlum að búa í árið 2030, 2050 eða jafnvel 2100. Hvaða skref þurfum við að taka núna til að skapa samfélag mennsku, jafnréttis og jöfnuðar? Á alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins söfnumst við saman til að stilla saman strengi fyrir baráttuna framundan. Við beinum sjónum okkar að stjórnvöldum og fjármagnseigendum sem viðhalda mismunun og leyfa óréttlæti að grassera. Það erum við, vinnandi fólk sem sköpum verðmætin. Og það er með samstöðu okkar sem við náum fram breytingum,*" skrifaði formaður BSRB í ávarpi í tilefni dagsins.

## Sveitarstjórnarkosningar 2022

BSRB gaf út skýrslu um leikskólamál sveitarfélagana í aðdraganda kosninganna 2022, en bandalagið gaf út sambærilega skýrslu fyrir kosningarnar 2018. Markmiðið með rannsókninni og útgáfu skýrslunnar var að varpa ljósi á stöðu og þróun leikskólamála sveitarfélaganna. Þótt mikið hafi áunnist frá árinu 2017 þegar síðasta rannsókn var gerð sýndu niðurstöður að umönnunarbilið




Samfélagsmiðlahlemmur um umönnunarbilið




Dagný Aradóttir Pind á kynningu á skýrslu BSRB um umönnunarbilið




Frá kröfugöngu 1. maí 2022

milli fæðingarorlofs og leikskóla er víðast hvar enn allt of langt. BSRB sendi því ákall til framboða að brúa bilið með því að setja í forgang rétt barna til leikskólapláss strax að loknu fæðingarorlofi foreldra. Auk þess kallaði bandalagið eftir því að sá réttur yrði lögfestur á Alþingi hið fyrsta með tilheyrandi fjármögnun þannig að barnafjölskyldum á Íslandi yrði tryggður sambærilegur stuðningur og á hinum Norðurlöndunum. Skýrslan var kynnt á rafrænum fundi BSRB og fylgt eftir með auglýsingum á samfélagsmiðlum og í útvarpi auk þes sem niðurstöður hennar fengu mikla umfjöllun fjölmiðla.

## Samstarf

Eins og á undanförnum árum og áratugum hefur BSRB unnið að ýmsum mikilvægum málefnum í samstarfi við önnur heildarsamtök launafólks, bæði hér á landi og erlendis. Einnig tekur BSRB þátt í samráði og samstarfi við stjórnvöld og fulltrúa atvinnurekenda á opinberum og almennum vinnumarkaði.

### Samvinna á íslenskum vinnumarkaði

Samstarf við önnur heildarsamtök á íslenskum vinnumarkaði hefur haldið áfram enda hefur sú samstaða sem náðst hefur um mikilvæg mál aukið slagkraft íslensks launafólks. Reglulega er fundað með ASÍ, BHM og KÍ um sameiginleg mál á borð við kröfur gagnvart stjórnvöldum vegna heimsfaraldurs kórónaveirunnar, stöðunnar á húsnæðismarkaði, styttingu vinnuvikunnar, lífeyrismála og sameiginlegar áherslur um uppbyggingu samfélagsins að loknum heimsfaraldri.

### Kjaratölfræðinefnd

Vinna kjaratölfræðinefndar hefur haldið áfram á árinu, en nefndin varð til með samkomulagi aðila vinnumarkaðarins, forsætisráðherra, fjármálaráðherra, félagsmálaráðherra, Hagstofu Íslands og Ríkissáttasemjara í maí 2019. Markmiðið með starfi nefndarinnar er að safna og hagnýta tölfræðigögn um laun og efnahag til að undirbúa betur gerð




Frá baráttufundi á Ingólfstorgi 1. maí 2022

kjarasamninga og fylgja þeim eftir. Nefndinni er ætlað að stuðla að því að aðilar samkomulagsins hafi sameiginlegan skilning á eðli, eiginleikum og þróun hagtalna sem mestu varða við gerð kjarasamninga. Nefndin gefur út tvær skýrslur á ári, haust- og vorskýrslu.

### Þjóðhagsráð

Þjóðhagsráð, er samráðsvettvangur stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Markmið með vinnu ráðsins er að styrkja samhæfingu hagstjórnar og ákvarðana á vinnumarkaði með hliðsjón af efnahagslegum og félagslegum stöðugleika og áhrifum á loftslagsmál. Að jafnaði fundar ráðið fjórum sinnum á ári en vegna heimsfaraldurs og í ljósi þess að kjarasamningar losna í haust á almennum vinnumarkaði hafa verið haldnir fleiri fundir hjá ráðinu. Frá ársbyrjun 2022 hafa fundir Þjóðhagsráðs fjallað um þau mál sem helst brenna á aðilum vinnumarkaðarins í aðdraganda kjarasamninga sem losna í haust á almennum vinnumarkaði en á næsta ári hjá opinbera vinnumarkaðnum. Þar hefur verið fjallað um hvernig til hafi tekist að vinna að efndum yfirlýsingar stjórnvalda í tengslum við lífskjarasamninginn sem gerður var árið 2019 og húsnæðismál en sérstökum undirhópi var komið á fót sem fjallað verður nánar um hér á eftir. Þá hefur verið fjallað um stöðu efnahags- og kjaramála en ákveðið var að óska eftir skýrslu sérfræðings á sviðinu um stöðu og horfur í aðdraganda kjarasamninga sem er enn í vinnslu þegar þetta er ritað. Enn fremur hefur verið fjallað um hlutverk ríkissáttasemjara og umbætur í kjaraviðræðum, afkomuöryggi, sí- og endurmenntun, jafnrétti á vinnumarkaði og fjármálaáætlun 2022-2026.

### Samráðshópur um húsnæðismál

Þjóðhagsráð kom á fót undirhóp á vormánuðum vegna stöðunnar á húsnæðismarkaði. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir hagfræðingur BSRB er sameiginlegur fulltrúi BSRB, BHM og KÍ í starfshópnum.

Verkefni hópsins er m.a. að fjalla um leiðir til að auka framboð á húsnæði til að mæta uppsafnaðri og fyrirsjáanlegri íbúðaþörf ólíkra hópa til lengri og skemmri tíma og um leiðir til að stuðla að auknum stöðugleika á húsnæðismarkaði. Anna Guðmunda Ingvarsdóttir aðstoðarforstjóri Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og Gísli Gíslason eru formenn hópsins en þar sitja fulltrúar frá forsætisráðuneytinu, BSRB (BHM og KÍ), ASÍ, SA, Sambandinu, félagsmálaráðuneytinu, innviðaráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu og félagsmálaráðuneytinu.

Fimm undirhópar hafa verið skipaðir og er verksvið þeirra að fjalla um húsnæðiskostnað, húsnæðisstuðning og fjármögnun, lóðaframboð, regluverk í skipulags- og byggingarmálum, stöðu á leigumarkaði og traustar rauntímaupplýsingar um húsnæðismál og þarfagreiningu.

### Erlent samstarf

BSRB á í góðu samstarfi við erlend heildarsamtök launafólks en bandalagið er aðili að Alþjóðasambandi verkalýðsfélaga, ITUC, Evrópusambandi verkalýðsfélaga, ETUC, og Norræna verkalýðssambandinu, NFS. Þing sambandanna sem haldin eru á 3-4 ára fresti eru sótt, auk þess sem fylgst er með málum sambandanna annars vegar beint og hins vegar í gegnum NFS. Áfram hefur BSRB lagt mesta áherslu á samstarf í gegnum Norræna verkalýðssambandið, NFS, en tveir stjórnarfundir eru haldir á ári hjá sambandinu sem formaður bandalagsins situr. NFS er samband bandalaga verkalýðsfélaga á Norðurlöndunum sem hefur það hlutverk að samræma starf verkalýðsfélaga í löndunum, auka samvinnu milli landa og vinna að hagsmunum launafólks. Sambandið fagnar 50 ára afmæli á árinu. Auk BSRB eiga ASÍ og BHM aðild að sambandinu. Á fundum NFS hefur að undanförnu mikið verið fjallað um viðbrögð heildarsamtaka launafólks og stjórnvalda við efnahagslegu ástandi í kjölfar heimsfaraldursins, stríðið í Úkraínu, umræðu innan Evrópusambandsins um setningu reglugerðar um lágmarkslaun, réttlát umskipti, fyrirhugað þing NFS og þing ITUC sem bæði fara fram næsta haust.

Talsvert hefur verið rætt um tilhögun erlenda samstarfsins á fundum formannaráðs og á fundum stjórnar undanfarin misseri og hugmyndir uppi um að aðildarfélög bandalagsins taki yfir þátttöku, og samhliða því kostnað, við þátttöku í PSI, EPSU og NOFS, ásamt undirnefndum EPSU. Á vormánuðum ákvað stjórn BSRB að ekki yrði hróflað við því fyrirkomulagi að BSRB héldi utan um þetta samstarf og mun því BSRB áfram eiga aðild að samtökunum. Hins vegar hafa fulltrúar einstaka aðildarfélaga þegar tekið að sér fulltrúastörf innan þeirra og verða fulltrúar BSRB á þessum vettvangi.

Dagný Aradóttir Pind, lögfræðingur BSRB, hefur setið fundi Ráðgjafanefndar EFTA fyrir hönd BSRB. Ráðgjafanefndin er skipuð fulltrúum aðila vinnumarkaðarins frá Íslandi, Noregi, Liechtenstein og Sviss og fundar nokkrum sinnum á ári.

# Kynningarmál

BSRB hefur unnið markvisst að kynningarmálum bandalagsins síðustu ár með gerð kynningaráætlana þar sem sett eru mælanleg markmið um sýnileika og virkni í kynningarmálum.




## Í áætlun ársins 2021 voru eftirfarandi markmið sett fram:

**Fjölmiðlavöktun**
Umræða í fjölmiðlum sem tengist bandalaginu og þeim málaflokum sem eru á dagskrá hjá bandalaginu er vöktuð. Samantekt með fréttum er send á starfsmenn BSRB og stjórn bandalagsins. Markmiðið er að senda 15 pósta að meðaltali í mánuði.

**Fréttir á vef BSRB**
Skrifaðar eru tvær fréttir sem birtast á vef bandalagsins og samfélagsmiðlum í hverri viku.

**Skoðanapistlar á vef BSRB**
Tíðni á pistlum á vef bandalagsins er lægri en á fréttum en miðað er við að einn nýr pistill sé birtur í hverjum mánuði.

**Fróðleiksmolar á vef BSRB**
Sérfræðingar BSRB skrifa fróðleiksmola tengda þeim verkefnum sem þeir eru að vinna hverju sinni. Molarnir eru á einhvern hátt upplýsandi fyrir formenn og starfsmenn aðildarfélaga en einnig almenna félagsmenn. Einn fróðleiksmoli er birtur í hverjum mánuði.

**Fréttir í fjölmiðlum**
BSRB vekur athygli fjölmiðla á verkefnum bandalagsins og áherslum með það að markmiði að fréttir birtist um tvö aðskilin málefni tengd bandalaginu í hverjum mánuði.

**Viðtöl við forsvarsmenn**
Fjölmiðlum eru boðin viðtöl við forsvarsmenn BSRB um þau mál sem bandalagið vinnur að hverju sinni og er miðað við að í það minnsta eitt viðtal birtist í hverjum mánuði.




### Aðsent efni í fjölmiðlum

BSRB kemur skoðunum sínum og áherslum á framfæri með reglulegum skrifum í dagblöð og vefmiðla og setur sér það markmið að ein grein birtist í fjölmiðlum í hverjum mánuði.

### Rafrænt fréttabréf:

Unnið er rafrænt fréttabréf í lok hvers mánaðar og sent á póstlista BSRB. Hann nær til fjölda félagsmanna aðildarfélaga, þingmanna, fjölmiðla og fleiri. Í fréttabréfinu er vakin athygli á fréttum sem sagðar hafa verið af bandalaginu þann mánuðinn.

### Fundir og ráðstefnur

Haldnir eru fundir, málstofur og ráðstefnur um málefni sem BSRB vill koma í umræðuna, eftir því sem tilefni gefast til og miðað við að bandalagið standi fyrir eða taki þátt í fjórum fundum eða ráðstefnum á ári.

Áætlun ársins 2021 var gerð upp í byrjun árs 2022. Niðurstöðurnar voru kynntar stjórn BSRB, árangurinn metinn og markmið endurskoðuð. Árangurinn á árinu fór fram úr áætlunum, sérstaklega hvað varðar fjölmiðlavinnu þó heldur hafi dregið úr tíðni frétta og viðtala samanborið við síðustu tvö ár. Ástæðan að á síðustu árum stóð bandalagið í kjarasamningum, innleiðingu á styttingu vinnuvikunnar og málefnum tengdum heimsfaraldrinum. Nú þegar þeim málum er lokið minnkar umfjöllunin samhliða. Fjölmiðlavöktunin var vel umfram áætlun, fréttir og fróðleiksmolar á vef BSRB voru nær algjörlega á áætlun en pistlar talsvert fleiri en áformað var. Stjórnendur bandalagsins ákváðu að halda markmiðum að mestu óbreyttum á árinu 2022 en nýr samskiptastjóri BSRB kemur til með að endurskoða áætlunina og vinna nýja fyrir árið 2023 í samræmi við áherslur og markmið bandalagsins.



Arna Jakobína Björnsdóttir formaður Kjalar

## Sameiningar aðildarfélaga

Aðildarfélögum BSRB fækkaði frá 46. þingi bandalagsins til aðalfundar þar sem fjögur aðildarfélög sameinuðust Kili – Stéttarfélagi starfsmanna í almannaþjónustu. Félögin fjögur eru Starfsmannafélag Fjarðabyggðar, Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu, Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum og Starfsmannafélag Fjallabyggðar og fóru sameiningarnar fram í október 2021.

Við sameininguna breyttist ásýndin verulega enda fjölgaði félagsmönnum úr um það bil eitt þúsund í tæplega 1.800. Sameiningarnar eru stórt skref í þá átt að sameina bæjarstarfsmannafélögin á landsbyggðinni. Skrifstofur sameinaðs félags verða þrjár og fyrrverandi formenn félaganna hafa tekið sæti í stjórn félagsins.

Eftir sameininguna hefur félagið meiri burði til að veita félagsmönnum þjónustu og þróa hana, til dæmis upplýsingamiðlun og rafræna þjónustu. Sama á við um réttindagæslu, aðstoð við félagsmenn þegar upp koma álitaefni um réttindamál, kjarasamningagerð, starfsmenntamál og fleira.

## Umsagnir um þingmál

Skrifstofa BSRB vinnur umsagnir um fjölda þingmála á hverju þingi. Mál sem bandalagið veitir umsagnir um eru almennt mál sem hafa með einhverjum hætti áhrif á félagsmenn aðildarfélaga bandalagsins og er leitast við að gæta hagsmuna þeirra í hvívetna. Þá mæta fulltrúar bandalagsins fyrir þingnefndir þegar þörft er á til að skýra afstöðu þess betur í stærri málum.

**Listi yfir þær 13 umsagnir sem BSRB hefur sent Alþingi frá 46. þingi BSRB í september 2021 er hér að neðan. Hægt er að lesa umsagnirnar í heild sinni á vef bandalagsins.**

- Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2023- 2027
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um sorgarleyfi
- Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um afnám 70 ára aldurstakmörkunar í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins
- Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um greiningu á samúðarþreytu og tillögur að úrræðum



Alþingishúsið

- Umsögn BSRB um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæðum um tilgreinda séreign
- Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsar tannréttingar fyrir börn
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr 46/1980 (vinnutími starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð)
- Umsögn BSRB um drög að skýrslu og tillögum starfshóps um verðmætamat kvennastarfa og endurmat á virði kvennastarfa
- Umsögn BSRB um frumvarp til fjárlaga 2022
- Umsögn BSRB um frumvarp til breytinga á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2022, 3. mál
- Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um atvinnulýðræði
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannavarnir, nr. 82/2009 (almannavarnastig o.fl.), 181. mál
- Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum hinsegin fólks

## Varða

BSRB hefur haldið áfram samstarfi við Vörðu – Rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins, sem var stofnuð af BSRB og ASÍ haustið 2019. Varða gerði könnun á fjárhagsstöðu og heilsu félagsmanna BSRB og ASÍ og voru niðurstöður kynntar um miðjan janúar 2022. Niðurstöðurnar voru sláandi, en þær sýndu að tæplega þriðjungur vinnandi fólks glímdi við erfiða fjárhagsstöðu og átti erfitt með að ná endum saman. Tæplega tíundi hluti launafólks bjó við skort á efnislegum gæðum og um fjórir af hverjum tíu gátu ekki mætt óvæntum 80 þúsund króna útgjöldum án þess að stofna til skuldar, samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar.

Sambærileg könnun var gerð ári áður og hafði staðan versnað heldur milli ára. Ástandið var sérstaklega alvarlegt hjá einstæðum foreldrum þar sem sex af hverjum tíu einstæðra foreldra á vinnumarkaði áttu erfitt með að ná endum saman og tveir af hverjum tíu bjuggu við skort á efnislegum gæðum.

Í könnuninni var einnig spurt um áhrif heimsfaraldursins á launafólk. Ríflega helmingur fann fyrir meira álagi í starfi vegna faraldursins. Hlutfallið var hæst meðal kvenna sem unnu hjá ríki og sveitarfélögum þar sem sjö af hverjum tíu sögðust finna fyrir því að álagið hafi aukist. Andlegri heilsu launafólks fór hrakandi milli ára. Ríflega þrjár af hverjum tíu konum og tæplega þrír af hverjum tíu körlum mældust með slæma andlega heilsu, sem var mun meira en í sambærilegri könnun sem gerð var ári fyrr. Þá mældist andleg heilsa slæm hjá um tveimur af hverjum tíu.

Varða gerði einnig tvær rannsóknir á stöðu erlendra ungmenna utan vinnumarkaðar og skóla sem voru kynntar í október 2021. Niðurstöðurnar sýndu að undanfarna áratugi hafði dregið úr atvinnuþátttöku ungmenna samhliða því sem fjölgað hafði í hópi ungmenna sem stunduðu hvorki nám né atvinnu. Þróunin virtist nátengd stöðunni á vinnumarkaði.

Varða birti jafnframt sína fyrstu ritrýndu fræðigrein í tímariti Félagsfræðinga, Íslenska þjóðfélaginu. Í greininni er fjallað um rannsókn Vörðu á tengslum þunglyndiseinkenna og fjárhagsþrenginga. Rannsóknin bendir til þess að þunglyndi aukast eftir því sem félags- og efnahagsleg staða er verri. Í COVID-kreppunni hafi lágtekjufólk og fólk í viðkvæmri stöðu á íslenskum vinnumarkaði borið auknar byrðar af kreppunni umfram þau sem voru betur sett. Stjórnvöld hafi ekki varið afkomu og lífskjör fólks í kreppunni með fullnægjandi hætti með þeim afleiðingum að mörg heimili upplifðu bæði fjárhagsþrengingar og andlega vanlíðan.




Kristín Heba Gísladóttir kynnir niðurstöður rannsóknar Vörðu

# 03

# Kynjabókhald

Stefna BSRB um jafnréttismál var uppfærð og samþykkt á framhaldsþingi 46. þings sambandsins, vorið 2022. Þar segir meðal annars að jafnrétti skulu haft að leiðarljósi í allri starfsemi BSRB.

Bandalagið skuli bjóða upp á öfluga jafnréttisfræðslu til aðildarfélaganna og félagsmanna, stuðla að því að allir vinni að þessu mikilvæga hagsmunamáli launafólks og að unnið sé í samræmi við þær. Því leggur bandalagið mikla áherslu á að gæta að því að kynjahlutföll séu sem jöfnust í starfseminni.





Una Torfa tónlistarkona á baráttufundi 1. maí 2022

# 04

# Nefndarstörf

## Starfsnefndir BSRB

Starfsnefndir BSRB eru skipaðar að loknu þingi BSRB sem haldið er á þriggja ára fresti en hlutverk nefndanna er meðal annars að fylgja eftir stefnu og ályktunum sem þingið samþykkir. Vegna heimsfaraldurs kórónaveirunnar var þingið með breyttu sniði í þetta sinn og málefnastarfinu þar sem endurnýjar stefnu BSRB og ályktar um áherslumálefni var frestað fram til 24. mars 2022. Af þessum sökum hefur ekki verið skipað að nýju í starfsnefndir BSRB og nefndirnar frá fyrra kjörtímabili hafa flestar lokið störfum. Réttindanefnd hefur þó haldið hefðbundinni vinnu áfram enda viðvarandi nefnd innan bandalagsins. Sömuleiðis hefur menntanefnd haldið áfram störfum vegna yfirstandandi verkefnis sem tengist breytingum á vinnumarkaði, greiningu og mati á þróunina og hvaða áhrif tæknibreytingar á vinnumarkaði mun hafa á færniþörf félagsfólks aðildarfélaga BSRB. Hér verður því eingöngu sagt frá störfum réttindanefndar og menntanefndar frá því í lok september 2021 fram til maí 2022. Umfjöllun um starf annarra nefnda bandalagsins á síðasta kjörtímabili þeirra má lesa um í skýrslu stjórnar sem lögð var fram á 46. þingi BSRB.

### Menntanefnd

Hlutverk nefndarinnar er að bera ábyrgð á og taka til umfjöllunar stefnu BSRB í menntamálum. Hlutverk nefndarinnar er jafnframt að taka til umfjöllunar álitaefni sem snúa að framtíð vinnumarkaðar (4. iðnbyltingin). Formaður menntanefndar er Karl Rúnar Þórsson og starfsmaður Karl Sigurðsson sérfræðingur BSRB.

Menntanefnd hefur undanfarið lagt áherslu á að kortleggja breytingar á vinnumarkaði sem tengjast fjórðu iðnbyltingunni, skoða stöðu sí- og endurmenntunar félagsfólks í aðildarfélögum BSRB og leggja drög að stefnu BSRB í mennta- og atvinnumálum.

**Nefndarfólk:** Birna Ólafsdóttir SLFÍ, Ingibjörg Sif Fjelsted Sameyki, Jófríður Magnúsdóttir SDS, Jóhanna Þórdórsdóttir Sameyki, Karl Rúnar Þórsson STH, Málfríður Anna Gunnlaugsdóttir SFK, Unnur Sigmarsdóttir STAVEY og Þórveig Þormóðsdóttir FSS.

**Tengiliðir:** Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur, Sandra B. Franks SLFÍ.

### Réttindanefnd

Hlutverk nefndarinnar er að taka til umfjöllunar þau álitamál sem aðildarfélög skjóta til BSRB varðandi túlkun á réttindamálum sem eru almenn fyrir aðildarfélögin. Nefndin getur einnig að eigin frumkvæði tekið til athugunar mál sem snerta sameiginlega hagsmuni félaganna. Formaður réttindanefndar er Arna Jakobína Björnsdóttir og starfsmaður Hrannar Már Gunnarsson lögfræðingur BSRB.

Nefndin tók til skoðunar 23 erindi frá aðildarfélögum BSRB þar sem óskað var eftir túlkun nefndarinnar á reglum kjarasamnings. Nefndin skilaði frá sér rökstuddu áliti í öllum þeim málum og tók einnig afstöðu til beiðnar um aðstoð við rekstur dómsmáls frá einu aðildarfélagi.

**Nefndarfólk:** Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur, Árný Erla Bjarnadóttir FOSS, Gunnar Örn Gunnarsson SLFÍ, Guðmundur Freyr Sveinsson Sameyki, Hermann Sigurðsson LSS, Karl Rúnar Þórsson STH, Lilja Magnúsdóttir SDS, Marta Ólöf Jónsdóttir SFK, Stefanía J. Nilsen Sameyki.

**Tengiliðir:** Birna Friðfinnsdóttir TFÍ, Helga Hafsteinsdóttir SDS, Sandra B. Franks SLFÍ.

## Fulltrúar BSRB í nefndum og ráðum

Fulltrúar BSRB eiga sæti í ýmsum nefndum og ráðum hérlendis og erlendis, þar sem þeir gæta hagsmuna félagsmanna aðildarfélaga bandalagsins.

### Innlendar nefndir

BSRB skipar fulltrúa í ýmsar nefndir, ráð, stjórnir, stýrihópa og annað sem fellur að starfsemi bandalagsins. Listi yfir þær nefndir og þau ráð, ásamt þeim fulltrúum bandalagsins sem í þeim sitja, fer hér á eftir.

---

**Yfirkjörstjórn BSRB**

**Aðal:** Árni Egilsson Kili, Gissur Guðmundsson Landssambandi lögreglumanna, Gréta Húnfjörð Sameyki

**Vara:** Edda R. Davíðsdóttir Starfsmannafélagi Mosfellsbæjar, Hlöðver Sigurðsson Starfsmannafélagi Hafnarfjarðar og Lilja Magnúsdóttir Starfsmannafélagi Dala- og Snæfellsnessýslu




Frá málefnastarfi á framhaldsþingi BSRB 2022

**Félagamiðstöðin**

**Aðal:** Magnús Már Guðmundsson BSRB, Sigrún Ómarsdóttir PFÍ, Hólmsteinn Gauti Sigurðsson LL og Þórarinn Eyfjörð Sameyki

**Vara:** Ása Clausen, Guðlaug Hreinsdóttir, Jón Ingi Cæsarsson og Sólveig Jónasdóttir

**Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, LSR**

**Aðal:** Árni Stefán Jónsson Sameyki, Þórveig Þormóðsdóttir FSS

**Vara:** Guðrún Árnadóttir LL, Sandra B. Franks SLFÍ

**Brú lífeyrissjóður**

**Aðal:** Garðar Hilmarsson Sameyki, Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB

**Vara:** Anna María Gunnarsdóttir KÍ, Magnús Smári Smárason LSS

**Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda**

**Aðal:** Reynir Þorsteinsson PFÍ

**Bakhópur BSRB um lægri lífeyristökualdur**

Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur, Árni Stefán Jónsson Sameyki, Birna Friðfinnsdóttir TFÍ, Garðar Hilmarsson Sameyki, Kári Örn Óskarsson FÍF, Magnús Smári Smárason LSS, Sandra B. Franks SLFÍ, Snorri Magnússon LL

**Uppstillinganefnd landssambands lífeyrissjóða**

Magnús Már Guðmundsson BSRB

**Félagsmálaskóli alþýðu skólanefnd**

**Aðal:** Karl Rúnar Þórsson STH

**Vara:** Þórveig Þormóðsdóttir FSS

**Starfsgreinaráð heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina 2019-2022**

Aðal: Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur, Birna Ólafsdóttir SLFÍ, Jóhanna Þórdórsdóttir Sameyki

Vara: Karl Rúnar Þórsson STH, Svala Ósk Sævarsdóttir FOSS, Edda Ragna Davíðsdóttir STAMOS

**Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina 2019-2021**

**Aðal:** Rita Arnfjörð St.Kóp.

**Vara:** Sigrún Ómarsdóttir PFÍ

**Starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina**

**Aðal:** Védís Guðjónsdóttir Sameyki

**Vara:** Jón Ingi Cæsarsson PFÍ

**Fræðslumiðstöð atvinnulífsins**

**Aðal:** Karl Rúnar Þórsson STH

**Vara:** Þórveig Þormóðsdóttir FSS

**Stjórn Fræðslusjóðs**

**Aðal:** Karl Rúnar Þórsson STH

**Vara:** Birna Ólafsdóttir SLFÍ

**Úthlutunarnefnd Nýsköpunar og þróunarverkefna Fræðslusjóðs (FA)**

Jóhanna Þórdórsdóttir Sameyki

**Stjórn Virk**

**Aðal:** Marta Ólöf Jónsdóttir SfK

**Vara:** Karl Rúnar Þórsson STH

**Fulltrúaráð VIRK**

Marta Ólöf Jónsdóttir SFK, Karl Rúnar Þórsson STH, Sandra B. Franks SLFÍ, Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB og Þórveig Þormóðsdóttir FSS

**Samráðshópur um fagháskólanám**

**Aðal:** Þórarinn Eyfjörð Sameyki

**Vara:** Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur

**Framtíðarhópur skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar**

Karl Sigurðsson BSRB

**Fræðsluráð ríkissáttasemjara**

Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur

**Vinnueftirlit ríkisins, stjórn**

**Aðal:** Fjölnir Sæmundsson LL

**Vara:** Sandra B. Franks, SLFÍ

**Vinnumálastofnun, stjórn**

**Aðal:** Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur

**Vara:** Hrannar Már Gunnarsson BSRB

**Stýrihópur um Evrópuverkefni um hreyfi- og stoðkerfi**

**Aðal:** Hrannar Már Gunnarsson BSRB

**Vara:** Sandra B. Franks SLFÍ

**Vinnumarkaðsráð höfuðborgarsvæðisins 2019-2023**

**Aðal:** Sigrún Helga Jónsdóttir Sameyki

**Vara:** Rita Arnfjörð St.Kóp

**Vinnumarkaðsráð Vesturlands 2019-2023**

**Aðal:** Helga Hafsteinsdóttir SDS

**Vara:** Ingveldur Jónsdóttir Sameyki

**Vinnumarkaðsráð Vestfjarða 2019-2023**

**Aðal:** Sigurður Arnórsson FOS-Vest

**Vara:** Gunnfríður Magnúsdóttir Kjölur

**Vinnumarkaðsráð Norðurlands vestra 2019-2023**

**Aðal:** Árni Egilsson Kjölur

**Vara:** Sigurbjörn Björnsson LSS

**Vinnumarkaðsráð Norðurlands eystra 2019-2023**

**Aðal:** Anna Rósa Magnúsdóttir Kjölur

**Vara:** Reynir Stefánsson PFÍ

**Vinnumarkaðsráð Austurlands 2019-2023**

**Aðal:** Þórður Vilberg Guðmundsson FOS-Aust

**Vara:** Hafsteinn Ólason FOS-Aust

**Vinnumarkaðsráð Suðurlands 2019-2023**

**Aðal:** Árný Erla Bjarnadóttir FOSS

**Vara:** Unnur Sigmarsdóttir Stavey

**Vinnumarkaðsráð Suðurnesja 2019-2023**

**Aðal:** Stefán B. Ólafsson St. Suðurn.

**Vara:** Ingvar Georg Georgsson LSS

**Nefnd um vinnustaðanámssjóð**

**Aðal:** Birna Ólafsdóttir SLFÍ

**Vara:** Karl Rúnar Þórsson STH

**Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta**

Berglind Margrét Njálsdóttir TFÍ, Garðar Hilmarsson Sameyki

**Ferðakostnaðarnefnd**

Guðmundur F. Guðmundsson Sameyki til apríl 2022 en eftir það Stefán Örn Arnarson LL

**Félagsdómur**
Sonja Hjördís Berndsen

**Velferðarvaktin**
**Aðal:** Jón Ingi Cæsarsson PFÍ
**Vara:** Edda Davíðsdóttir STAMOS

**Nefnd skv. 27. grein starfsmannalaga**
Hrannar Már Gunnarsson BSRB

**Innleiðingarhópur um styttingu vinnutíma í vaktavinnu hjá ríkinu**
**Aðal:** Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB
**Vara:** Sandra B. Franks SLFÍ

**Innleiðingarhópur um styttingu vinnutíma í vaktavinnu hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga**
**Aðal:** Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB
**Vara:** Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur

**Innleiðingarhópur um styttingu vinnutíma í vaktavinnu hjá Reykjavíkurborg**
**Aðal:** Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB
**Vara:** Guðmundur Freyr Sveinsson Sameyki

**Innleiðingarhópur um styttingu vinnutíma á dagvinnutíma hjá ríkinu**
**Aðal:** Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB
**Vara:** Árni Stefán Jónsson Sameyki

**Innleiðingarhópur um styttingu vinnutíma í dagvinnu hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga**
**Aðal:** Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB
**Vara:** Karl Rúnar Þórsson STH

**Innleiðingarhópur um styttingu vinnutíma í dagvinnu hjá Reykjavíkurborg**
**Aðal:** Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB
**Vara:** Garðar Hilmarsson Sameyki

**Stýrihópur vegna styttingar vinnuviku hjá vaktavinnufólki**
**Aðal:** Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB
**Vara:** Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur

**Nefnd gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði**
**Aðal:** Hrannar Már Gunnarsson BSRB
**Vara:** Dagný Aradóttir Pind BSRB

**Nefnd um útreikning vísitölu neysluverðs**
**Aðal:** Sigríður Ingibjörg Ingadóttir BSRB
**Vara:** Magnús Már Guðmundsson BSRB

**Nefnd um heildarendurskoðun laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar**
Hrannar Már Gunnarsson BSRB

**Kjaratölfræðinefnd**
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir BSRB

**Starfshópur um endurskoðun Sambands íslenskra sveitarfélaga og heildarsamtaka um miðlun launatölfræðiupplýsinga**
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir BSRB

**Samráðshópur um vinnutíma**
Hrannar Már Gunnarsson BSRB

**Starfshópur vegna ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 127/2016**
**Aðal:** Sandra B. Franks SLFÍ
**Vara:** Birna Friðfinnsdóttir TFÍ

**Stjórn húsnæðismálasjóðs**
**Aðal:** Magnús Norðdahl ASÍ
**Vara:** Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur

**Samstarfsnefnd um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO)**
**Aðal:** Sigríður Ingibjörg Ingadóttir BSRB
**Vara:** Karl Sigurðsson BSRB

**Bjarg íbúðarfélag, stjórn**
**Aðal:** Árni Stefán Jónsson Sameyki
**Vara:** Sandra B. Franks SLFÍ

**Bjarg íbúðarfélag, úrskurðarnefnd**
Hrannar Már Gunnarsson BSRB

**Fulltrúaráð Bjargs íbúðafélags**
Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB, Garðar Hilmarsson Sameyki

**Undirbúningshópur vegna leigufélagsins Blævar**
Árni Stefán Jónsson Sameyki, Hrannar Már Gunnarsson BSRB, Sandra B. Franks SLFÍ, Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB



Þórarinn Eyfjörð, formaður Sameykis, á baráttufundi 1. maí 2022

**Varða, rannsóknarstornun BSRB og ASÍ í vinnumarkaðsmálum, stjórn**

Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB,
Magnús Már Guðmundsson BSRB

**Samráðshópur sem vinnur gegn félagslegum undirboðum á innlendum vinnumarkaði**

**Aðal:** Hrannar Már Gunnarsson BSRB

**Vara:** Edda R. Davíðsdóttir STAMOS

**Nefnd um réttindi starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)**

**Aðal:** Hrannar Már Gunnarsson BSRB

**Vara:** Bryndís Theódórsdóttir Sameyki

**Aðgerðarhópur félags- og jafnréttismálaráðherra í því skyni að vinna gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum**

**Aðal:** Dagný Aradóttir Pind BSRB

**Vara:** Magnús Már Guðmundsson BSRB

**Tækninefnd um endurskoðun á jafnlaunastaðli**

Dagný Aradóttir Pind BSRB

**Starfshópur um endurmat á störfum kvenna – lauk störfum haustið 2021**

**Aðal:** Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB

**Vara:** Karl Sigurðsson BSRB

**Vinnuhópur í tengslum við vinnuvernd vegna starfa framtíðarinnar**

Karl Sigurðsson BSRB

**Starfshópur Reykjavíkurborgar um endurskoðun slysatrygginga**

Hrannar Már Gunnarsson BSRB

**Þjóðhagsráð**

Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB

**Undirbúningshópur fyrir Þjóðhagsráð**

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir BSRB

**Samráðshópur um mansal**

**Aðal:** Dagný Aradóttir Pind BSRB

**Vara:** Magnús Már Guðmundsson BSRB

**Samhæfingarhópur um atvinnu- og menntaúrræði og stöðu námsmanna og atvinnuleitenda**

**Aðal:** Dagný Aradóttir Pind BSRB

**Vara:** Hrannar Már Gunnarsson BSRB

**Nefnd um jöfnun launa milli markaða**

**Aðal:** Árni Stefán Jónsson Sameyki

**Vara:** Sigríður Ingibjörg Ingadóttir BSRB

**Nefnd um skráningu atvinnusjúkdóma**

**Aðal:** Hrannar Már Gunnarsson BSRB

**Vara:** Sandra B. Franks SLFÍ

## Erlendar nefndir

Fulltrúar BSRB taka þátt í samstarfi með ýmsum erlendum samtökum. Listi yfir samtök og fulltrúa bandalagsins fer hér á eftir.

**NFS**

**Aðal:** Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB

**Vara:** Magnús Már Guðmundsson BSRB

**ETUC**

**Aðal:** Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB

**Vara:** Magnús Már Guðmundsson BSRB

**NOFS**

**Aðal:** Þórarinn Eyfjörð Sameyki

**Vara:** Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur

**EPSU**

**Aðal:** Gunnsteinn R. Ómarsson Sameyki

**Vara:** Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur

**EPSU nefnd um heilbrigðis- og velferðarmál**

Sandra B. Franks SLFÍ

**EPSU nefnd um ríkisrekstur**

Þórarinn Eyfjörð Sameyki

**PSI**

**Aðal:** Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB

**Vara:** Þórarinn Eyfjörð Sameyki

**Ráðgjafanefnd EFTA**

Dagný Aradóttir Pind BSRB

# 05

## Félagatal BSRB janúar 2022

| Heiti aðildarfélags | Fjöldi félagsmanna | Konur | Karlar |
|---|---|---|---|
| | | | |
| Félag flugmálastarfsmanna ríkisins | 385 | 99 | 286 |
| Félag íslenskra flugumferðarstjóra | 151 | 49 | 102 |
| Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi | 141 | 100 | 41 |
| FOSS- stéttarfélag í almannaþjónustu | 1133 | 867 | 266 |
| Félag starfsmanna stjórnarráðsins | 193 | 143 | 50 |
| Kjölur-stéttarfélag starfsmanna í almannþjónustu | 1712 | 1221 | 491 |
| Landssamband lögreglumanna | 873 | 245 | 628 |
| Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna | 397 | 41 | 356 |
| Póstmannafélag Íslands | 624 | 292 | 332 |
| Sameyki-stéttarfélag í almannaþjónustu | 11986 | 7531 | 4455 |
| Sjúkraliðafélag Íslands | 1959 | 1899 | 60 |
| Starfsmannafélag Garðabæjar | 674 | 492 | 182 |
| Starfsmannafélag Hafnarfjarðar | 683 | 447 | 236 |
| Starfsmannafélag Húsavíkur | 81 | 52 | 29 |
| Starfsmannafélag Kópavogs | 1242 | 899 | 343 |
| Starfsmannafélag Mosfellsbæjar | 519 | 372 | 147 |
| Starfsmannafélag Suðurnesja | 800 | 598 | 202 |
| Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar | 254 | 180 | 74 |
| Tollvarðafélag Íslands | 94 | 19 | 75 |
| **Samtals** | **23901** | **15546** | **8355** |

BSRB

Grettisgötu 89 | 105 Reykjavík | Sími: 525 8300 | bsrb.is | bsrb@bsrb.is



# Skýrsla stjórnar BSRB

*Frá aðalfundi bandalagsins í maí 2022 til aðalfundar bandalagsins í september 2023*

Ábyrgðarmaður: Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður
Ritstjóri: Freyja Steingrímsdóttir, samskiptastjóri

BSRB

01

Inngangur

02

Starfsemi og skipulag

03

Kjarasamningar

04

Fréttir og málefni

05

Nefndarstörf

06

BSRB í tölum

07

Myndir úr starfi



# Afl í almannaþágu

## Ávarp formanns

Samstaða og baráttuandi einkenndi starfsár BSRB sem var viðburðaríkt - jafnvel enn viðburðaríkara en við áttum von á þegar við hófum undirbúning kjarasamninga haustið 2022.

Kjarasamningsviðræðurnar við ríki og sveitarfélög stóðu frá desember 2022 og síðustu samningar voru undirritaðir í júní 2023. Samningarnir gilda hins vegar í eitt ár svo það styttist í undirbúning næstu lotu. Þrátt fyrir að kjarasamningsviðræður við ríki og borg tækju lengri tíma en ráðgert var tók kjarasamningur við af kjarasamningi sem er fagnaðarefni. Kjarasamningsviðræður við Samband íslenskra sveitarfélaga endaði hins vegar í hörðum hnút þegar ljóst varð að sveitarfélögin neituðu að leiðrétta augljóst launamisrétti okkar félagsfólks gagnvart fólki í sömu eða sambærilegum störfum. Okkur fannst fjarstæðukennt að það þyrfti að grípa til verkfalla til að knýja fram svo sjálfsagða réttlætiskröfu en það varð niðurstaðan.

Verkfallsaðgerðirnar náðu alls til um 2500 félagsfólks í 30 sveitarfélögum og áhrifanna gætti víða. Það sem stendur upp úr á þessu ári er hugrekkið, baráttuþrekið og samstaða okkar fólks sem vakti athygli á baráttunni með margvíslegum hætti, svo sem með því að mótmæla fyrir utan bæjarskrifstofur, halda ræður, skrifa greinar, halda og mæta á samstöðufundi, vekja athygli á sameiginlegri auglýsingaherferð (oft með mjög skapandi hætti) og svo mætti lengi telja ýmist á vegum síns stéttarfélags undir styrkri stjórn formanna félaganna eða jafnvel að eigin frumkvæði. Samfélagið allt stóð líka sterkt með verkfallsfólki enda vita þau sem er, að þau eru ómissandi! Stuðningurinn birtist meðal annars í því að foreldrar leikskólabarna skipulögðu kröftug mótmæli, skrifuðu greinar og vöktu athygli á málinu á samfélagsmiðlum. Það er ómetanlegt og leiddi til kjarasamninga þar sem markmið okkar náðust að mestu leyti.

Varða rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins birti í maí á þessu ári sína árlega könnun um stöðu launafólks. Þó það komi tæplega á óvart að staða launafólks hafi versnað milli ára í ljósi mikillar verðbólgu þá eru niðurstöðurnar engu að síður sláandi. Tæplega helmingur vinnandi fólks á erfitt með að ná endum saman og þeir hópar sem eiga í mestri hættu á að búa við efnislegan skort eru einstæðir foreldrar og innflytjendur.

Við búum í ríku landi – en samt ná stórir hópar láglaunafólks, atvinnulausra, öryrkja og eldra fólks vart að draga fram lífið. Verðbólga hefur lækkað lítillega en er enn mjög há og vaxtahækkanir bíta fast – helst þá hópa sem síst skyldi. Á meðan gerir ríkisstjórnin ekkert til að bregðast við og auka jöfnuð, jafnvel þó hún hafi öll tækin til þess að koma fólki til aðstoðar með húsnæðisstuðningi, vaxta- og barnabótum.

Við stöndum nú frammi fyrir næstu kjarasamningslotu þar sem BSRB og aðildarfélög bandalagsins munu sækja réttlátar kjarabætur fyrir launafólk. Ekki einungis þær sem birtast í launaumslaginu. Heldur ekki síður þær sem birtast í mikilvægum samfélagsbreytingum sem varða okkur öll.

Þrátt fyrir að kjarasamningsviðræður og kjarabarátta hafi einkennt starfsárið voru verkefni bandalagsins að vanda fjölbreytt og er það von okkar að skýrsla stjórnar veiti góða yfirsýn þar um. Öll sem komu þar að eiga miklar þakkir skildar. Öflugt málefnastarf og stefnumótunarvinna fór fram í formannaráði BSRB og stjórn bandalagsins vann ötult starf. Starfsfólk skrifstofu BSRB vann ómetanlegt starf á annasömu ári og fulltrúar bandalagsins í fjölda nefnda, stjórna og ráða stóð vaktina í hagsmunabaráttunni. Sú ríka samstaða sem hefur einkennt okkur er ekki sjálfgefin – það er okkar styrkleiki og hefur skilað þeim árangri sem náðst hefur hingað til. Og áfram höldum við!




**„Sú ríka samstaða sem hefur einkennt okkur er ekki sjálfgefin – það er okkar styrkleiki og hefur skilað þeim árangri sem náðst hefur hingað til.“**

# 01 Starfsemi BSRB

Lesa meira



**BSRB eru stærstu heildarsamtök starfsfólks í almannaþjónustu á Íslandi. Bandalagið var stofnað þann 14. febrúar 1942 af fjórtán stéttarfélögum með samtals um 1.550 félagsmenn.**

**BSRB hefur vaxið mikið síðan og í dag eru aðildarfélögin 19 talsins með um það bil 25.000 félagsmenn. Um tveir þriðju félagsmanna aðildarfélaga BSRB eru konur.**

Bandalagið leiðir hagsmuna- og réttindabaráttu launafólks sem starfar í almannaþjónustu hjá ríki, sveitarfélögum, óhagnaðardrifnum stofnunum og almennum vinnumarkaði. Bandalagið talar máli félagsmanna aðildarfélaga gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum og vinnur að markmiðum sínum um að stuðla að bættu velferðarsamfélagi og auknum jöfnuði í samfélaginu.

Aðildarfélög BSRB geta falið bandalaginu að fara með samningsrétt fyrir sína hönd í kjarasamningum í þeim málum þar sem þau eiga sameiginlega hagsmuni en kjarasamningsmál og gerð kjarasamninga er á hendi hvers aðildarfélags.

Hlutverk BSRB er einnig að efla aðildarfélög bandalagsins og styðja þau í því að veita félagsmönnum góða þjónustu. Hluti af því er stuðningur við gerð kjarasamninga, aðstoð við úrlausnir á lögfræðilegum álitaefnum, ýmsar greiningar og rannsóknir á sviði hagfræði og stjórnsýslu og vinna tengd fræðslu- og upplýsingamálum.

BSRB vinnur jafnframt að því að efla samstöðu meðal aðildarfélaga og stuðla að jafnræði í framkvæmd þjónustu til félagsmanna. Þá vinnur bandalagið að aukinni samstöðu og samstarfi á vinnumarkaði innanlands og erlendis.

Þing BSRB, sem haldin eru þriðja hvert ár, fara með æðsta vald í öllum málum bandalagsins. Þar móta þingfulltrúar stefnu bandalagsins og kjósa í helstu embætti. Síðasta þing bandalagsins, það 46. í röðinni, bar þess merki að það var haldið í miðjum heimsfaraldri.

Þingið var síðast haldið með rafrænum hætti september 2021 en hluta þess var frestað til 24. mars 2022 þegar hafði slaknað á faraldrinum og talið óhætt að stefna saman þingfulltrúum. Á rafrænum fundi bandalagsins kusu þingfulltrúar formann, tvo varaformenn og stjórnarmenn sem stýra starfsemi bandalagsins í samræmi við samþykktir. Allt málefnastarf fór síðan fram 24. - 25. mars 2022 þar sem ný stefna BSRB var samþykkt.

Næsta þing BSRB verður haldið 2. - 4. október 2024 á Hilton Reykjavík Nordica.




## Formannaráð

Formannaráð BSRB er skipað formönnum allra aðildarfélaga bandalagsins og er formaður BSRB jafnframt formaður ráðsins.

Formannaráðið fundar að lágmarki þrisvar sinnum á ári en boðað er til funda oftar ef þurfa þykir. Frá aðalfundi 24. maí 2022 hefur ráðið fundað alls þrisvar sinnum.

Sérstakur fundur var haldinn í Stykkishólmi 17. og 18. október 2022 með það að markmiði að ræða og ákveða kröfur BSRB gagnvart stjórnvöldum í aðdraganda kjarasamninga 2023. Stefnumótunarvinna og umræður fóru fram á fundinum undir stjórn formanns BSRB.



**Formannaráðið skipa eftirtalin:**

Arna Jakobína Björnsdóttir
– Kjölur – stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu
Arnar Hjálmsson
– Félag íslenskra flugumferðarstjóra
Árný Erla Bjarnadóttir
– FOSS – stéttarfélag í almannaþjónustu
Bjarni Ingimarsson
– Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
Edda Davíðsdóttir
– Starfsmannafélag Mosfellsbæjar
Fjölnir Sæmundsson
– Landssamband lögreglumanna
Guðbjörn Guðbjörnsson
– Tollvarðafélags Íslands
Gunnar Hrafn Gunnarsson
– Starfsmannafélag Garðabæjar
Hafsteinn Ólafsson
– Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi
Hermína Hreiðarsdóttir
– Starfsmannafélag Húsavíkur
Jóhanna Fríður Bjarnadóttir
– Póstmannafélag Íslands
Karl Rúnar Þórsson
– Starfsmannafélag Hafnarfjarðar
Marta Ólöf Jónsdóttir
– Starfsmannafélag Kópavogs
Sandra B. Franks
– Sjúkraliðafélag Íslands
Sonja Ýr Þorbergsdóttir
– Formaður BSRB
Trausti Björgvinsson
– Starfsmannafélag Suðurnesja
Unnur Sigmarsdóttir
– Starfsmannafélag Vestmannaeyja
Unnar Örn Ólafsson
– Félag flugmálastarfsmanna ríkisins
Þórarinn Eyfjörð
– Sameyki
Þórveig Þormóðsdóttir
– Félag starfsmanna stjórnarráðsins

## Stjórn BSRB

Á milli þinga og aðalfunda fer stjórn BSRB með æðsta vald í málefnum bandalagsins. Stjórnin stýrir starfseminni í samræmi við lög bandalagsins, stefnumörkun þings, formannaráðs og aðalfundar. Stjórnina skipa alls níu aðalfulltrúar og er formaður bandalagsins jafnframt formaður stjórnarinnar. Í stjórninni sitja formaður BSRB og 1. og 2. varaformaður BSRB ásamt sex meðstjórnendum. Til viðbótar eru sjö varamenn sem kosnir eru á þingi bandalagsins eins og aðrir stjórnarmenn og koma þeir inn á fundi stjórnar í forföllum aðalmanna.

Fundir stjórnar BSRB eru að jafnaði haldnir aðra hverja viku, nema yfir hásumarið eða við sérstakar aðstæður eins og í kjaraviðræðum. Að fundum loknum eru fundargerðir sendar aðildarfélögum bandalagsins svo forystufólk aðildarfélaganna geti verið vel upplýst um umfjöllun og afgreiðslu stjórnar á einstökum málum.

**Stjórn BSRB árin 2021-2024:**

Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB
Þórarinn Eyfjörð, 1. varaformaður BSRB
Arna Jakobína Björnsdóttir, 2. varaformaður BSRB
Árný Erla Bjarnadóttir
Fjölnir Sæmundsson
Jón Ingi Cæsarsson
Karl Rúnar Þórsson
Sandra B. Franks
Þórveig Þormóðsdóttir

**Varamenn:**

Marta Ólöf Jónsdóttir
Unnar Örn Ólafsson
Unnur Sigmarsdóttir
Magnús Smári Smárason
Ástríður Sigþórsdóttir
Edda Davíðsdóttir
Guðbjörn Guðbjörnsson



## Starfsfólk BSRB

Starfsfólk skrifstofu BSRB fylgir eftir stefnu bandalagsins sem mótuð er af kjörnum fulltrúum þess. Starfsfólk gætir hagsmuna launafólks hvort sem er á opinberum vinnumarkaði eða hjá opinberum fyrirtækjum sem rekin eru í almannaþágu, sinnir hagsmunagæslu gagnvart stjórnvöldum og stendur vörð um réttindi og skyldur félagsmanna aðildarfélaga bandalagsins.

Starfsfólk BSRB undirbýr mál og skipuleggur stjórnarfundi, fundi formannaráðs og aðra fundi sem haldnir eru, stendur fyrir starfsdögum og öðrum viðburðum og kennir á námskeiðum. Starfsfólk veitir aðildarfélögum auk þess fjölbreytta þjónustu og ráðgjöf, til dæmis varðandi lög- og hagfræðileg efni, kynningarmál, menntamál og fleira. Starfsfólk á skrifstofu BSRB sér einnig um skil iðgjalda til aðildarfélaga bandalagsins í gegnum BIBS. Bandalagið sinnir einnig fræðslu og upplýsingagjöf og sér um samskipti við stjórnvöld, önnur heildarsamtök launafólks, atvinnurekendur og erlenda aðila svo fátt eitt sé nefnt.

Frá aðalfundi 2022 hafa orðið nokkrar breytingar á starfsmannamálum. Heiður Margrét Björnsdóttir hefur verið ráðin í nýja stöðu hagfræðings BSRB. Karl Sigurðsson lét af störfum sem sérfræðingur í fræðslumálum og var Fríða Rós Valdimarsdóttir ráðin í hans stað. Þá var Rakel Pálsdóttir ráðin staðgengill samskiptastjóra á meðan Freyja Steingrímsdóttir var í fæðingarorlofi frá ágúst 2022 til febrúar 2023.

Ásthildur Torfadóttir, afgreiðslufulltrúi
Björg Geirsdóttir, fulltrúi
Dagný Aradóttir Pind, lögfræðingur
Freyja Steingrímsdóttir, samskiptastjóri
Fríða Rós Valdimarsdóttir, sérfræðingur í fræðslumálum
Heiður Margrét Björnsdóttir, hagfræðingur
Hrannar Már Gunnarsson, lögfræðingur
Jóhanna Þorgilsdóttir, fulltrúi
Magnús Már Guðmundsson, framkvæmdastjóri
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur
Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður
Sólveig Jónasdóttir, fjármálastjóri



# Kjarasamningar & kjaradeilur

## Undirbúningur kjarasamninga 2023

Kjarasamningar flestra aðildarfélaga BSRB runnu út 31. mars 2023 en hjá þeim sem semja við almenna vinnumarkaðinn á haustmánuðum 2022. Á vettvangi samningseininga bandalagsins hófst undirbúningur fyrir gerð kjarasamninga í september á síðasta ári. Fundi samningseininga sækir forystufólk, samninganefndir og starfsfólk aðildarfélaganna ásamt BSRB. Þar er rætt um og tekin ákvörðun um þau mál sem félögin vilja sameina kröfur sínar um og BSRB fer þá fyrir ásamt því að skipst er á upplýsingum um undirbúning, gang viðræðna og áherslur aðildarfélaganna.

Samningseiningar BSRB fengu Aðalstein Leifsson, ríkissáttasemjara, á fund sinn til að fjalla um undirbúning fyrir samningaviðræður og hvað skipti máli að hafa í huga þegar sest er að samningaborðinu. Meðal þeirra verkefna sem samningseiningar ákváðu að yrði á sameiginlegu borði BSRB var stytting vinnuviku í vaktavinnu á opinberum vinnumarkaði. Almennt hefur tekist vel upp með kerfisbreytingarnar sem samið var um með gerð kjarasamninga í mars 2020 en einnig ljóst að meta þurfti reynsluna og m.a. gera kröfu um betrumbætur á vaktahvata. Fjöldi funda voru haldnir um efnið þar sem bandalagið mótaði áherslur sínar til vaktavinnunnar og annarra krafna í sameiningu til undirbúnings kjarasamningsviðræðna.

Á almennum vinnumarkaði voru kjarasamningar undirritaðir í desember 2022 en vegna óvissunnar var um skammtímasamninga að ræða til 15 mánaða, frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024. Í kjölfarið tóku samningseiningar BSRB þá ákvörðun að vilji væri til þess að gera skammtímasamninga á opinberum vinnumarkaði að því gefnu að stjórnvöld myndu efna loforð sitt um jöfnun launa milli markaða. BSRB fékk þá samningsumboð fyrir hönd aðildarfélaganna um gerð kjarasamninga við ríki, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg.

Að því markmiði að tryggja að ríki og sveitarfélög myndu taka markvisst skref í átt að jöfnun launa milli markaða ákváðu einnig BSRB, BHM og KÍ að vinna saman að gerð kjarasamninganna og undir lokin höfðu opinberu launagreiðendurnir þrír, ríki, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg, einnig ákveðið að vinna að frekari samstillingu og samstarfi. Þannig áttu sér því stað sexhliða viðræður um gerð kjarasamninga á opinberum vinnumarkaði, milli BSRB, BHM og KÍ annars vegar og ríkis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar hins vegar.

*Leiðarljós BSRB í viðræðunum var að verja kaupmátt starfsfólks í almannaþjónustu, enda er verðbólgan farin að bíta almenning verulega og langt síðan fólk á almennum vinnumarkaði fékk sínar kjarabætur. Markmið um að kjarasamningur tæki við af kjarasamningi tókst vegna félagsfólks sem starfar hjá ríki og Reykjavíkurborg en til verkfalla kom til að knýja fram réttlátar kröfur gagnvart öðrum sveitarfélögum. Fljótlega hefst svo undirbúningur fyrir gerð langtímakjarasamninga hjá aðildarfélögum BSRB bæði hvað varðar kröfur gagnvart launagreiðendum og stjórnvöldum.*



# Efni kjarasamninga



Í ljósi þess að horft var til gerð skammtímakjarasamninga var ljóst að fresta þurfti umræðu um önnur mál en þau kjör sem brýnast var að bæta. Kröfur BSRB í viðræðunum snéru því að hækkun launa, desember- og orlofsuppbótar og smávægilegar betrumbætur á vaktahvata ásamt stórhátíðarálagi vaktavinnufólks. Annað bíður næstu kjarasamninga en samkvæmt verkáætlun verður á kjarasamningstímabilinu á sameiginlegu borði allra heildarsamtaka launafólks og opinberra launagreiðenda fjallað um Betri vinnutíma í dagvinnu, Betri vinnutíma í vaktavinnu, endurskoðun veikindakafla og þá verða kjör bakvaktafólks og fyrirkomulag tímavinnuráðninga til umræðu. Enn fremur hafa aðildarfélögin gert verkáætlun með viðsemjendum um tiltekin mál sem verða tekin til umræðu fljótlega til að undirbúa gerð næstu kjarasamninga. Þá eiga kröfugerðir stéttarfélaga að liggja fyrir 31. október n.k. og viðræður um gerð nýs kjarasamning skulu hefjast eigi síðar en 15. nóvember n.k. að því markmiði að kjarasamningur taki við af kjarasamningi.

Kjarasamningar aðildarfélaga BSRB við ríki og Reykjavíkurborg voru undirritaðir 30. og 31. mars og við Samband íslenskra sveitarfélaga 10. júní. Allir samningarnir voru samþykktir í atkvæðagreiðslum meðal félagsfólks. Kjarasamningarnir gilda í tólf mánuði frá 1. apríl 2023.

# Kjaradeila BSRB félaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Á síðustu dögum marsmánaðar náðu aðildarfélög BSRB samkomulagi um launahækkanir og kjarabætur fyrir starfsfólk í almannaþjónustu við ríki og Reykjavíkurborg. Hins vegar slitnaði upp úr samningsviðræðum BSRB við Samband íslenskra sveitarfélaga og var kjaradeilunni vísað til ríkissáttasemjara þann 4. apríl.

Deilan snerist í kjarnann um að nýr kjarasamningur þyrfti að endurspegla þá launamismunun sem starfsfólk BSRB félaga hjá sveitarfélögunum varð fyrir í byrjun árs 2023 vegna mismunandi gildistíma samninga. Félagsfólk aðildarfélaga BSRB gat ekki sætt sig við að fólk sem vinnur sömu eða sambærileg störf, jafnvel inni á sömu vinnustöðum ætti að fá 25% minni launahækkun en þau.

Þar sem Samband íslenskra sveitarfélag neitaði að verða við þeirri kröfu var farið í atkvæðagreiðslur um verkföll víðsvegar um landið, auk herferðar, til að knýja sveitarfélög landsins að borðinu.







Stígandi var í verkföllunum með hverri vikunni sem leið en þau stóðu yfir frá 15. maí til 10. júní þegar kjarasamningar voru loks undirritaðir.

Verkfallsaðgerðirnar voru víðtækar en þær náðu alls til 2500 félaga í 30 sveitarfélögum. Starfsfólk í leikskólum, grunnskólum, höfnum, sundlaugum, íþróttamannvirkjum, þjónustumiðstöðvum, bæjarskrifstofum, áhaldahúsum og fleiri vinnustöðum lögðu niður störf. Áhrif verkfallanna gætti á að minnsta kosti 150 starfsstöðvum um allt land. Ekki var gripið til verkfallanna af léttúð heldur til að knýja fram kröfur gagnvart sveitarfélögum landsins neituðu að leiðrétta launamisrétti gagnvart starfsfólki sínu.

Niðurstaðan varð sú að mánaðarlaun hækkuðu að lágmarki um 35.000 kr, samkomulag náðist um sáttagreiðslu að upphæð 105.000 kr. eftir að ríkissáttasemjari lagði fram innanhústillögu auk þess sem samið var um hækkun á lægstu launum og viðbótargreiðslur fyrir tiltekin starfsheiti. Samningurinn gildir frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024 og nær til um 7000 félagsmanna BSRB.

# Jöfnun launa milli markaða

Árið 2016 sömdu ríki, sveitarfélög og heildarsamtök launafólks um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Markmið samkomulagsins var að tryggja sjálfbærni lífeyriskerfisins og kjör launafólks á opinberum og almennum vinnumarkaði yrðu jöfnuð eins og kostur er. Jafnframt var samið um að jafna eigi laun einstakra starfshópa milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins til að tryggja að ekki sé kerfislægur launamunur milli markaða. Jöfnunin átti að eiga sér stað á 6-10 árum sem þýðir að henni á að vera lokið árið 2026 í síðasta lagi. Í þessum kjarasamningsviðræðum var krafa BSRB og aðildarfélaga að tekið yrði markvisst skref í átt að jöfnuninni til að tryggja að loforð stjórnvalda verði efnt. Niðurstaðan er áfangasamkomulag um skref í átt að jöfnun launa fyrir þær starfsstéttir þar sem skýrar vísbendingar eru um ómálefnalegan og kerfislægan launamun milli markaða, eða hópa sem tilheyra heilbrigðis- og velferðarþjónustu og veita klíníska þjónustu og menntastofnunum sem sinna kennslu. Nefnd um jöfnun launa milli markaða mun svo áfram vinna að framkvæmd jöfnunar til framtíðar. Hóparnir sem munu fá leiðréttingu samkvæmt áfangasamkomulaginu eiga það sameiginlegt að opinberir launagreiðendur eru að meginstofni til eini launagreiðandinn sem stundum er kallað einkeypisstéttir. Í því felst að sambærileg starfsheiti eru almennt ekki fyrir hendi á vinnustöðum á almennum vinnumarkaði.

Til að vinna að framkvæmd þessa áfanga verða skipaðir tveir undirhópar, annars vegar um störf tiltekinna hópa hjá ríkinu og hins vegar hjá sveitarfélögunum þar sem samtök launafólks á opinberum vinnumarkaði á einnig sæti. Lagt var upp með að tillögur þessa tveggja hópa myndi liggja fyrir í lok ágúst 2023 og leiðrétting á að taka gildi 1. október n.k. Launamyndun starfsfólks sem starfar hjá ríki og sveitarfélögum er ólík, þannig verður fyrst og fremst horft til leiðréttingar í gegnum stofnanasamninga hjá ríkinu en starfsmats hjá sveitarfélögunum.

Um er að ræða áfanga í vinnu 7. gr. nefndarinnar sem kemur til framkvæmda á árinu 2023 til einstakra hópa í samræmi við ofangreint. Nefndin heldur eftir sem áður áfram störfum á grundvelli upprunalega samkomulagsins frá 2016 undir stjórn ríkissáttasemjara samkvæmt tímasettri verkáætlun. Helstu verkefni nefndarinnar verða að greina frekar kerfislægan og ómálefnalegan launamun milli markaða, dýpka og þróa aðferðarfræði í því sambandi, skilgreina hlutlæg viðmið og ákvarða hvort og hvenær leiðrétta beri launamun einstakra hópa




# Fjöldi félagsfólks

# 24494

**Félagatal BSRB janúar 2023**
**Fjöldi félaga í janúar 2023**

| Heiti aðildarfélags | Fjöldi félaga | Konur | Karlar |
|---|---|---|---|
| Félag flugmálastarfsmanna ríkisins | 413 | 109 | 304 |
| Félag íslenskra flugumferðarstjóra | 152 | 51 | 101 |
| Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi | 120 | 85 | 35 |
| FOSS- stéttarfélag í almannaþjónustu | 1177 | 894 | 283 |
| Félag starfsmanna stjórnarráðsins | 178 | 129 | 49 |
| Kjölur-stéttarfélag starfsmanna í almannþjónustu | 1803 | 1287 | 516 |
| Landssamband lögreglumanna | 929 | 271 | 658 |
| Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna | 435 | 63 | 372 |
| Póstmannafélag Íslands | 495 | 226 | 269 |
| Sameyki-stéttarfélag í almannaþjónustu | 12294 | 7720 | 4574 |
| Sjúkraliðafélag Íslands | 1983 | 1917 | 66 |
| Starfsmannafélag Garðabæjar | 730 | 528 | 202 |
| Starfsmannafélag Hafnarfjarðar | 729 | 477 | 252 |
| Starfsmannafélag Húsavíkur | 76 | 49 | 27 |
| Starfsmannafélag Kópavogs | 1322 | 943 | 379 |
| Starfsmannafélag Mosfellsbæjar | 527 | 383 | 144 |
| Starfsmannafélag Suðurnesja | 762 | 571 | 191 |
| Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar | 258 | 187 | 71 |
| Tollvarðafélag Íslands | 111 | 23 | 88 |
| **Samtals** | **24494** | **15913** | **8581** |




## Félagsfólk




## Formannaráð




Það eru jafn  margar konur og karlar í formannaráði BSRB

## Stjórn BSRB



# Skýrsla stjórnar

*Frá aðalfundi bandalagsins í september 2023 til aðalfundar bandalagsins í maí 2024*

**Ábyrgðarmaður:** Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður
**Ritstjóri:** Freyja Steingrímsdóttir, samskiptastjóri




BSRB





01

Inngangur

02

Starfsemi og skipulag

03

Kjarasamningar

04

Fréttir og málefni

05

Nefndarstörf og fræðsla




# Saman vinnum við stóru sigrana

## Ávarp formanns

**„Við vitum að samstaða skilar árangri fyrir launafólk og sameiginlegur slagkraftur og samvinna hefur verið okkar gæfa."**

Viðamikil verkefni einkenndu starfsár BSRB 2023, rétt eins og árin þar á undan.

Þar bar hæst að BSRB kom mikilvægum aðgerðum í þágu launafólks að í kjarapakka ríkisstjórnarinnar í aðdraganda kjarasamninga á almenna markaðinum og hefur auk þess unnið að stórum sameiginlegum umbótamálum í umboði aðildarfélaga í kjaraviðræðunum á opinbera markaðinum.  Þá tók skrifstofa BSRB að sér stór verkefni í skipulagningu Kvennaverkfallsins 24. október, fjölmennasta útiviðburði í sögu Íslands.

Talið er að um fjórðungur þjóðarinnar hafi svarað kalli skipuleggjenda Kvennaverkfallsins og safnast saman á baráttufundum á að minnsta kosti tuttugu stöðum um allt land. Enn fleiri konur og kvár lögðu niður störf: umferð var þriðjungi minni, leikskólar og aðrar menntastofnanir lokuðu, heilbrigðisþjónusta var í algjöru lágmarki, bankaútibú og búðir lokuðu dyrum sínum og svona mætti lengi telja. Ein af mikilvægum afleiðingum Kvennaverkfallsins var vitundarvakning meðal almennings um nauðsyn þess að endurmeta virði kvennastarfa, sem BSRB hefur barist fyrir í til fjölda ára ásamt því að útrýma skuli kynbundnu ofbeldi.

Í aðdraganda og samhliða viðræðum félaga á almenna markaðinum fór fram mikil vinna með stjórnvöldum um aðgerðapakka til að liðka fyrir kjarasamningum. BSRB lagði mikið á sig til að tryggja að sem flest stefnumál bandalagsins yrðu hluti af aðgerðarpakka þeirra. Þar má nefna endurmat á virði kvennastarfa, aukinn húsnæðisstuðning, og stuðning við barnafjölskyldur s.s. hærri barnabætur, fæðingarorlofsgreiðslur, fríar skólamáltíðir og að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Í þeim viðræðum skipti það verulegu máli að vera með greiningar Vörðu-rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins um stöðu launafólks. Í kjaraviðræðunum á opinbera markaðinum höfum við einbeitt okkur að málum sem varða hagsmuni allra aðildarfélaga, t.a.m. vinnutíma dag- og vaktavinnufólks, bakvöktum og jöfnun launa milli markaða og höfum auk þess lagt fjölda aðildarfélaga lið í sínum viðræðum við atvinnurekendur.

Verkefni bandalagsins voru að vanda fjölbreytt og er það von okkar að skýrsla stjórnar veiti góða yfirsýn þar um. Öll sem komu þar að eiga miklar þakkir skildar. Öflugt málefnastarf og stefnumótunarvinna fór fram í formannaráði BSRB og stjórn bandalagsins vann ötult starf. Þá vann starfsfólk skrifstofu BSRB ómetanlegt starf á annasömu ári og fulltrúar bandalagsins í fjölda nefnda, stjórna og ráða stóð einnig vaktina í hagsmunabaráttunni.

Við vitum að samstaða skilar árangri fyrir launafólk og sameiginlegur slagkraftur og samvinna hefur verið okkar gæfa. Í haust fáum við svo tækifæri til að koma saman á fjölmennu þingi BSRB, stilla saman strengi og taka ákvarðanir um okkar helstu áherslur í sameiginlegri baráttu okkar allra.

*Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB*

# 01 Starfsemi BSRB



**BSRB eru stærstu heildarsamtök starfsfólks í almannaþjónustu á Íslandi. Bandalagið var stofnað þann 14. febrúar 1942 af fjórtán stéttarfélögum með samtals um 1.550 félagsmenn.**

**BSRB hefur vaxið mikið síðan og í dag eru aðildarfélögin 19 talsins með um það bil 25.000 félagsmenn. Um tveir þriðju félagsmanna aðildarfélaga BSRB eru konur.**

Bandalagið leiðir hagsmuna- og réttindabaráttu launafólks sem starfar í almannaþjónustu hjá ríki, sveitarfélögum, óhagnaðardrifnum stofnunum og almennum vinnumarkaði. Bandalagið talar máli félagsmanna aðildarfélaga gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum og vinnur að markmiðum sínum um að stuðla að bættu velferðarsamfélagi og auknum jöfnuði í samfélaginu.

Aðildarfélög BSRB geta falið bandalaginu að fara með samningsrétt fyrir sína hönd í kjarasamningum í þeim málum þar sem þau eiga sameiginlega hagsmuni en kjarasamningsmál og gerð kjarasamninga er á hendi hvers aðildarfélags.

Hlutverk BSRB er einnig að efla aðildarfélög bandalagsins og styðja þau í því að veita félagsmönnum góða þjónustu. Hluti af því er stuðningur við gerð kjarasamninga, aðstoð við úrlausnir á lögfræðilegum álitaefnum, ýmsar greiningar og rannsóknir á sviði hagfræði og stjórnsýslu og vinna tengd fræðslu- og upplýsingamálum.

BSRB vinnur jafnframt að því að efla samstöðu meðal aðildarfélaga og stuðla að jafnræði í framkvæmd þjónustu til félagsmanna. Þá vinnur bandalagið að aukinni samstöðu og samstarfi á vinnumarkaði innanlands og erlendis.

Þing BSRB, sem haldin eru þriðja hvert ár, fara með æðsta vald í öllum málum bandalagsins. Þar móta þingfulltrúar stefnu bandalagsins og kjósa í helstu embætti. Síðasta þing bandalagsins, það 46. í röðinni, bar þess merki að það var haldið í miðjum heimsfaraldri.

Þingið var síðast haldið með rafrænum hætti september 2021 en hluta þess var frestað til 24. mars 2022 þegar hafði slaknað á faraldrinum og talið óhætt að stefna saman þingfulltrúum. Á rafrænum fundi bandalagsins kusu þingfulltrúar formann, tvo varaformenn og stjórnarmenn sem stýra starfsemi bandalagsins í samræmi við samþykktir. Allt málefnastarf fór síðan fram 24. - 25. mars 2022 þar sem ný stefna BSRB var samþykkt.

**Næsta þing BSRB verður haldið 2. - 4. október næstkomandi á Hilton Reykjavík Nordica.**




## Formannaráð

Formannaráð BSRB er skipað formönnum allra aðildarfélaga bandalagsins og er formaður BSRB jafnframt formaður ráðsins.

Formannaráðið fundar að lágmarki þrisvar sinnum á ári en boðað er til funda oftar ef þurfa þykir. Frá aðalfundi bandalagsins í september 2023 til aðalfundar í maí 2024 fundaði formannaráð þrisvar sinnum með formlegum hætti.



*Fulltrúar á formannaráðsfundi 26. september 2023*

**Formannaráðið skipa eftirtalin:**

Arna Jakobína Björnsdóttir
– Kjölur – stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu
Arnar Hjálmsson
– Félag íslenskra flugumferðarstjóra
Árný Erla Bjarnadóttir
– FOSS – stéttarfélag í almannaþjónustu
Bjarni Ingimarsson
– Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
Edda Davíðsdóttir
– Starfsmannafélag Mosfellsbæjar
Fjölnir Sæmundsson
– Landssamband lögreglumanna
Guðbjörn Guðbjörnsson
– Tollvarðafélag Íslands
Guðbrandur Jónsson
– Félag starfsmanna stjórnarráðsins
Gunnar Hrafn Gunnarsson
– Starfsmannafélag Garðabæjar
Hafsteinn Ólafsson
– Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi
Hermína Hreiðarsdóttir
– Starfsmannafélag Húsavíkur
Jóhanna Fríður Bjarnadóttir
– Póstmannafélag Íslands
Karl Rúnar Þórsson
– Starfsmannafélag Hafnarfjarðar
Marta Ólöf Jónsdóttir
– Starfsmannafélag Kópavogs
Sandra B. Franks
– Sjúkraliðafélag Íslands
Sonja Ýr Þorbergsdóttir
– Formaður BSRB
Trausti Björgvinsson
– Starfsmannafélag Suðurnesja
Unnur Sigmarsdóttir
– Starfsmannafélag Vestmannaeyja
Unnar Örn Ólafsson
– Félag flugmálastarfsmanna ríkisins
Þórarinn Eyfjörð
– Sameyki

## Stjórn BSRB

Á milli þinga og aðalfunda fer stjórn BSRB með æðsta vald í málefnum bandalagsins. Stjórnin stýrir starfseminni í samræmi við lög bandalagsins, stefnumörkun þings, formannaráðs og aðalfundar. Stjórnina skipa alls níu aðalfulltrúar og er formaður bandalagsins jafnframt formaður stjórnarinnar. Í stjórninni sitja formaður BSRB og 1. og 2. varaformaður BSRB ásamt sex meðstjórnendum. Til viðbótar eru sjö varamenn sem kosnir eru á þingi bandalagsins eins og aðrir stjórnarmenn og koma þeir inn á fundi stjórnar í forföllum aðalmanna.

Fundir stjórnar BSRB eru að jafnaði haldnir aðra hverja viku, nema yfir hásumarið eða við sérstakar aðstæður eins og í kjaraviðræðum. Að fundum loknum eru fundargerðir sendar aðildarfélögum bandalagsins svo forystufólk aðildarfélaganna geti verið vel upplýst um umfjöllun og afgreiðslu stjórnar á einstökum málum. Stjórn BSRB fundaði sautján sinnum frá aðalfundi BSRB 5. september 2023 til aðalfundar bandalagsins 16. maí 2024.

**Stjórn BSRB árin 2021-2024:**

Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB
Þórarinn Eyfjörð, 1. varaformaður BSRB
Arna Jakobína Björnsdóttir, 2. varaformaður BSRB
Árný Erla Bjarnadóttir
Fjölnir Sæmundsson
Jón Ingi Cæsarsson
Karl Rúnar Þórsson
Sandra B. Franks
Þórveig Þormóðsdóttir

**Varamenn:**

Marta Ólöf Jónsdóttir
Unnar Örn Ólafsson
Unnur Sigmarsdóttir
Magnús Smári Smárason
Ástríður Sigþórsdóttir
Edda Davíðsdóttir
Guðbjörn Guðbjörnsson



## Starfsfólk BSRB

Starfsfólk skrifstofu BSRB fylgir eftir stefnu bandalagsins sem mótuð er af kjörnum fulltrúum þess. Starfsfólk gætir hagsmuna launafólks hvort sem er á opinberum vinnumarkaði eða hjá opinberum fyrirtækjum sem rekin eru í almannaþágu, sinnir hagsmunagæslu gagnvart stjórnvöldum og stendur vörð um réttindi og skyldur félagsmanna aðildarfélaga bandalagsins.

Starfsfólk BSRB undirbýr mál og skipuleggur stjórnarfundi, fundi formannaráðs og aðra fundi sem haldnir eru, stendur fyrir starfsdögum og öðrum viðburðum og kennir á námskeiðum. Starfsfólk veitir aðildarfélögum auk þess fjölbreytta þjónustu og ráðgjöf, til dæmis varðandi lög- og hagfræðileg efni, kynningarmál, menntamál og fleira. Starfsfólk á skrifstofu BSRB sér einnig um skil iðgjalda til aðildarfélaga bandalagsins í gegnum BIBS. Bandalagið sinnir einnig fræðslu og upplýsingagjöf og sér um samskipti við stjórnvöld, önnur heildarsamtök launafólks, atvinnurekendur og erlenda aðila svo fátt eitt sé nefnt.

Ásthildur Torfadóttir, afgreiðslufulltrúi, lét af störfum í desember 2023 og Jóhanna Þorgilsdóttir, fulltrúi, í apríl síðastliðnum, og fóru á eftirlaun eftir langt og farsælt starf hjá BSRB.



*Formaður BSRB þakkar Ásthildi fyrir sín störf í þágu bandalagsins*

| |
|---|
| Ásthildur Torfadóttir, afgreiðslufulltrúi |
| Björg Geirsdóttir, fulltrúi |
| Dagný Aradóttir Pind, lögfræðingur |
| Freyja Steingrímsdóttir, samskiptastjóri |
| Fríða Rós Valdimarsdóttir, sérfræðingur í fræðslumálum |
| Heiður Margrét Björnsdóttir, hagfræðingur (í leyfi) |
| Hrannar Már Gunnarsson, lögfræðingur |
| Jóhanna Þorgilsdóttir, fulltrúi |
| Magnús Már Guðmundsson, framkvæmdastjóri |
| Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur |
| Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður |
| Sólveig Jónasdóttir, fjármálastjóri |




## Kjarasamningar 2024

Kjarasamningar aðildarfélaga BSRB runnu út í lok mars 2024. Félögin á almenna markaðnum luku kjarasamningum í febrúar og samhliða þeim viðræðum fór fram vinna með stjórnvöldum um aðgerðir til þess að styðja við gerð kjarasamninga. Sú vinna byggði að mestu á vinnu Þjóðhagsráðs síðustu misseri. BSRB kom að þeirri vinnu og mörg af helstu stefnumálum bandalagsins urðu hluti af aðgerðarpakkanum, svo sem endurmat á virði kvennastarfa, umbætur í húsnæðismálum og stuðningur við barnafjölskyldur.

Þegar ársskýrsla þessi er rituð standa viðræður enn yfir á opinberum markaði og borið hefur á hægagangi í viðræðum af hálfu atvinnurekenda. Hlutverk BSRB í kjaraviðræðum hefur fyrst og fremst snúið að málum sem varða hagsmuni allra aðildarfélaga. Í þessari lotu voru það vinnutímamál, bakvaktir, tímavinna og jöfnun launa milli markaða. Samið var um styttingu vinnuvikunnar eftir langa baráttu árið 2020 og voru þá gerð tvö fylgiskjöl við kjarasamninga, annars vegar um styttingu hjá dagvinnufólki og hins vegar hjá vaktavinnufólki. Krafa BSRB að þessu sinni var að festa í sessi 36 stunda vinnuviku og leiðrétta einstaka þætti þegar kemur að styttingunni hjá vaktavinnufólki. Þetta gekk eftir og í byrjun maí náðist samkomulag milli allra heildarsamtaka launafólks og opinberra launagreiðenda um að fella texta fylgiskjalanna inn í texta kjarasamnings. Nú er því kveðið á um 36 stunda vinnuviku fyrir allt starfsfólk á opinberum vinnumarkaði. Að sama skapi náðist árangur varðandi lagfæringar á vaktavinnukaflanum, einna helst hvað varðar vaktahvata. Smávægilegar breytingar voru gerðar á bakvaktakaflanum og auk þess bókun um að halda áfram að skoða bakvaktir á samningstímanum. Þá voru gerðar leiðbeiningar um tímavinnu.

Þegar þetta er ritað stendur eftir á sameiginlega borðinu krafa aðildarfélaga BSRB um jöfnun launa en ekki verður gengið frá kjarasamningum nema tekin verði skref í átt að því að jafna laun milli markaða. Nokkuð langt er enn á milli aðila þegar kemur að því hvernig slíkt áfangasamkomulag á að líta út þegar ársskýrsla þessi er rituð. Þá er enn óljóst hvort sveitarfélög ætli að standa við fríar skólamáltíðir fyrir börn eins og lofað var í aðgerðapakka stjórnvalda.





# Nefndarstörf og fræðsla

BSRB skipuleggur málefnastarf milli þingfunda, býður upp á ýmis konar fræðslu og heldur reglulega málþing.

## Nefndarstörf

Starfsnefndir BSRB eru skipaðar að loknu þingi BSRB sem haldið er á þriggja ára fresti en hlutverk nefndanna er meðal annars að fylgja eftir stefnu og ályktunum sem þingið samþykkir hverju sinni. Fjöldi og skipan nefnda er því breytileg en stjórnarmeðlimir gegna iðulega formennsku og njóta aðstoðar starfsfólks BSRB við starfið.

**Starfsnefndir 2022 - 2024:**
Framtíðarnefnd: Formaður Karl Rúnar Þórsson
Jafnréttisnefnd: Formaður Fjölnir Sæmundsson
Nefnd um almannaþjónustu: Formaður Arna Jakobína Björnsdóttir
Heilbrigðisnefnd: Formaður Sandra B. Franks
Nefnd um afkomuöryggi: Formaður Þórarinn Eyfjörð
Nefnd um lífeyrismál: Formaður Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Réttindanefnd: Formaður Arna Jakobína Björnsdóttir

### Framtíð trúnaðarmannafræðslu



Framtíðarnefnd BSRB stóð að vel heppnaðri vinnustofu þann 21. febrúar sl. fyrir trúnaðarmenn allra aðildarfélaga BSRB. Þar ræddu trúnaðarmenn hvernig mætti bæta fræðslu og styrkja þá í sínum mikilvægu störfum. Guðrún Ragnarsdóttir hjá Strategíu stýrði fundi ásamt Karli Rúnari Þórssyni, formanni Framtíðarnefndar og Fríðu Valdimarsdóttur, sérfræðingi BSRB í fræðslumálum.

Um þessar mundir stendur yfir heildarendurskoðun á fræðslu og stuðningi við trúnaðarmenn til framtíðar og vinnustofa þessi var mikilvægur liður í að kortleggja vilja og þarfir þeirra sem sinna trúnaðarmannastörfum. Meðal umræðuefna var fræðsluþörf trúnaðarmanna í dag, hvað eigi að teljast til grunnfræðslu og hvað til framhaldsfræðslu, hvernig námskeiðum skuli hagað hvað varðar staðsetningu, tímalengd og form, hvaða upplýsingar þurfi alltaf að vera til taks á vefnum og hvernig samráði trúnaðarmanna skuli hagað innan BSRB, milli og innan stéttarfélaga bandalagsins.

### Fræðsludagur Réttindanefndar BSRB

Réttindanefnd BSRB heldur tvo fræðslufundi á hverju ári þar sem markmiðið er að bjóða starfsfólki og félagslega kjörnum fulltrúum aðildarfélaga BSRB fræðslu um ýmis atriði. Fræðsludagur Réttindanefndar BSRB var haldinn hinn 22. nóvember sl. og þar voru fulltrúar frá Fjársýslu ríkisins og Vinnueftirlitinu með fræðsluerindi. Í þetta skipti var annars vegar fjallað um Vinnustund og hins vegar um vinnuslys. Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður Kjalar og formaður Réttindanefndar, stýrði fundi.

Frá Fjársýslu ríkisins komu þau Arngrímur V. Angantýsson og Guðrún J. Haraldsdóttir sem eru sérfræðingar hjá stofnuninni. Erindi þeirra fjallaði um virkni Vinnustundar og þau verkfæri sem eru í boði innan kerfisins fyrir yfirmenn, vaktasmiði og starfsfólk. Frá Vinnueftirlitinu kom Guðmundur Mar Magnússon, sérfræðingur á sviði Vinnuslysa. Hann fjallaði um vinnuslys, tilkynningarskyldu, fyrirbyggjandi aðgerðir og þróun í fjölda slysa.



### Fræðsla fyrir starfsfólk í húsi BSRB



Lífstíðarnám er það sem einstaklingar, vinnustaðir og samfélagið þarf að tileinka sér á tímum mikilli samfélagsbreytinga. Í stefnu BSRB um menntamál kemur fram að mikilvægt er að gera vinnustaði að námsstöðum. Í því ljósi var byrjað að taka þau mál fastari tökum í BSRB húsinu og boðið upp á reglubundna fræðslu á síðasta ári.

Gerð var fræðsluáætlun sem byggðist upp á fræðsluþemum sem keyrð voru yfir veturinn. Þemun voru til að mynda um vinnustaðamenningu, öryggismál, vellíðan í starfi og inngildingu. Hvert þema var keyrt í 4 vikur og auk þess hafði starfsfólk aðgang að fjölbreyttu efni tengdu tækni, hugbúnaði og upplýsingatækni. Fræðslan byggðist upp á upptökum af fræðsluerindum í bland við fyrirlestra á staðnum. Oftast var þema lokað með fræðsluerindi á staðnum þar sem kastljósi var beint að ákveðnum þáttum fræðsluþemans.

Í húsinu eru nokkrir sjálfstæðir vinnustaðir og starfsfólk sinnir mjög ólíkum verkum. Það var því áskorun að setja saman fræðslu sem hentaði sem flestum. Mikilvægt er að velja vel hvaða fræðslu er miðlað til að tryggja faglega fræðslu og að réttum upplýsingum sé komið á framfæri. Verkefnið var unnið af Fríðu Rós Valdimarsdóttur sérfræðingi hjá BSRB og Jóhönnu Þórdórsdóttur fræðslustjóra Sameykis í samstarfi við stjórnendur.

Samkvæmt starfsfólki tókst vel til og þau almennt ánægð með að hafa aðgang að fræðslu á vegum vinnustaðarins. Verkefnið verður þróað áfram með tilliti til fræðsluþarfa starfsfólksins.

# Fulltrúar BSRB í nefndum og ráðum

Fulltrúar BSRB eiga sæti í ýmsum nefndum og ráðum hérlendis og erlendis, þar sem þeir gæta hagsmuna félagsmanna aðildarfélaga bandalagsins.

### Innlendar nefndir

BSRB skipar fulltrúa í ýmsar nefndir, ráð, stjórnir, stýrihópa og annað sem fellur að starfsemi bandalagsins. Listi yfir þær nefndir og þau ráð, ásamt þeim fulltrúum bandalagsins sem í þeim sitja, fer hér á eftir.

**Yfirkjörstjórn BSRB**
Aðal: Árni Egilsson Kili, Gissur Guðmundsson Landssambandi lögreglumanna, Gréta Húnfjörð Sameyki
Vara: Edda R. Davíðsdóttir Starfsmannafélagi Mosfellsbæjar, Hlöðver Sigurðsson Starfsmannafélagi Hafnarfjarðar og Lilja Magnúsdóttir Starfsmannafélagi Dala- og Snæfellsnessýslu

**Félagamiðstöðin**
Aðal: Magnús Már Guðmundsson BSRB, Sigrún Ómarsdóttir PFÍ, Hólmsteinn Gauti Sigurðsson LL og Gunnsteinn R. Ómarsson Sameyki
Vara: Jóhanna Fríður Bjarnadóttir, Guðlaug Hreinsdóttir, Jakobína Þórðardóttir og Sólveig Jónasdóttir

**Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, LSR**
Aðal: Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB, Árni Stefán Jónsson, Sameyki
Vara: Fjölnir Sæmundsson LL, Guðrún Árnadóttir LL

**Brú lífeyrissjóður**
Aðal: Gunnsteinn R. Ómarsson BSRB, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir BSRB.
Vara: Jónína Hauksdóttir KÍ

**Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda**
Aðal: Reynir Þorsteinsson PFÍ

**Uppstillinganefnd landssambands lífeyrissjóða**
Magnús Már Guðmundsson BSRB

**Félagsmálaskóli alþýðu skólanefnd**
Aðal: Karl Rúnar Þórsson STH
Vara: Þórveig Þormóðsdóttir FSS

**Starfsgreinaráð heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina 2023 - 2027**
Aðal: Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur, Sandra B. Franks SLFÍ, Jóhanna Þórdórsdóttir Sameyki
Vara: Karl Rúnar Þórsson STH, Svala Ósk Sævarsdóttir FOSS, Edda Ragna Davíðsdóttir STAMOS

**Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina 2023 - 2027** Aðal: Marta Ólöf Jónsdóttir, SFK
Vara: Sigrún Ómarsdóttir PFÍ

**Starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina**
Aðal: Hafdís Ósk Jónsdóttir Sameyki
Vara: Jóhanna Fríður Bjarnadóttir PFÍ

**Fræðslumiðstöð atvinnulífsins**
Fríða Rós Valdimarsdóttir BSRB

**Stjórn Fræðslusjóðs**
Karl Rúnar Þórsson STH

**Úthlutunarnefnd Nýsköpunar og þróunarverkefna Fræðslusjóðs**
Fríða Rós Valdimarsdóttir BSRB

**Stjórn Virk**
Aðal: Kolbrún Halldórsdóttir (sameiginlegur fulltrúi)
Vara: Marta Ólöf Jónsdóttir SFK

**Fulltrúaráð VIRK**
Marta Ólöf Jónsdóttir SFK, Karl Rúnar Þórsson STH

**Samráðshópur um fagháskólanám**
Aðal: Þórarinn Eyfjörð Sameyki
Vara: Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur

**Fræðsluráð ríkissáttasemjara**
Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur

**Vinnueftirlit ríkisins, stjórn**
Aðal: Fjölnir Sæmundsson LL
Vara: Sandra B. Franks, SLFÍ

**Vinnumálastofnun, stjórn**
Aðal: Hrannar Már Gunnarsson BSRB
Vara: Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur

**Vinnuverndarsjóður**
Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir ASÍ

**Stýrihópur um Evrópuverkefni um hreyfi- og stoðkerfi**
Aðal: Hrannar Már Gunnarsson BSRB
Vara: Sandra B. Franks SLFÍ

**Vinnumarkaðsráð höfuðborgarsvæðisins 2019-2023**
Aðal: Sigrún Helga Jónsdóttir Sameyki
Vara: Rita Arnfjörð St.Kóp

**Vinnumarkaðsráð Vesturlands 2019-2023**
Aðal: Helga Hafsteinsdóttir SDS
Vara: Ingveldur Jónsdóttir Sameyki

**Vinnumarkaðsráð Vestfjarða 2019-2023**
Aðal: Sigurður Arnórsson FOS-Vest
Vara: Gunnfríður Magnúsdóttir Kjölur

**Vinnumarkaðsráð Norðurlands vestra 2019-2023**
Aðal: Árni Egilsson Kjölur
Vara: Sigurbjörn Björnsson LSS

**Vinnumarkaðsráð Austurlands 2019-2023**
Aðal: Þórður Vilberg Guðmundsson FOS-Aust
Vara: Hafsteinn Ólason FOS-Aust

**Vinnumarkaðsráð Suðurlands 2019-2023**
Aðal: Árný Erla Bjarnadóttir FOSS
Vara: Unnur Sigmarsdóttir Stavey

**Vinnumarkaðsráð Suðurnesja 2019-2023**
Aðal: Stefán B. Ólafsson St. Suðurn.
Vara: Ingvar Georg Georgsson LSS

**Verðlagsnefnd búvara**
Hrannar Már Gunnarsson BSRB

**Varúðarsjóður LSR**
Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB

**Nefnd um vinnustaðanámssjóð**
Fríða Rós Valdimarsdóttir BSRB

**Ferðakostnaðarnefnd**
Stefán Örn Arnarson LL

**Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs 2023-2027**
Aðal: Berglind Margrét Njálsdóttir Sameyki
Vara: Þórarinn Eyfjörð Sameyki

**Nefnd um heildarendurskoðun laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar**
Hrannar Már Gunnarsson BSRB

**Kjaratölfræðinefnd**
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir BSRB

**Starfshópur um endurskoðun Sambands íslenskra sveitarfélaga og heildarsamtaka um miðlun launaupplýsinga**
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir BSRB

**Samráðshópur um vinnutíma**
Hrannar Már Gunnarsson BSRB

**Starfshópur vegna ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 127/2016**
Aðal: Sandra B. Franks SLFÍ
Vara: Birna Friðfinnsdóttir TFÍ

**Stjórn húsnæðismálasjóðs**
Aðal: Magnús Norðdahl ASÍ
Vara: Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur

**Samstarfsnefnd um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO)**
Aðal: Dagný Aradóttir Pind BSRB
Vara: Sigríður Ingibjörg Ingadóttir BSRB

**Bjarg íbúðarfélag, stjórn**
Aðal: Árni Stefán Jónsson Sameyki
Vara: Sandra B. Franks SLFÍ

**Bjarg íbúðarfélag, úrskurðarnefnd**
Hrannar Már Gunnarsson BSRB

**Fulltrúaráð Bjargs íbúðafélags**
Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB, Garðar Hilmarsson Sameyki

**Undirbúningshópur vegna leigufélagsins Blævar**
Árni Stefán Jónsson Sameyki, Hrannar Már Gunnarsson BSRB, Sandra B. Franks SLFÍ, Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB

**Varða, rannsóknarstofnun BSRB og ASÍ í vinnumarkaðsmálum, stjórn**
Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB, Magnús Már Guðmundsson BSRB

**Samráðshópur sem vinnur gegn félagslegum undirboðum á innlendum vinnumarkaði**
Aðal: Hrannar Már Gunnarsson BSRB
Vara: Edda R. Davíðsdóttir STAMOS

**Ritstjórn EKKO efnis Vinnustaðaeftirlitsins**
Dagný Aradóttir Pind BSRB

**Nefnd um réttindi starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)**
Aðal: Hrannar Már Gunnarsson BSRB
Vara: Bryndís Theódórsdóttir Sameyki

**Starfshópur Reykjavíkurborgar um endurskoðun slysatrygginga** Hrannar Már Gunnarsson BSRB

**Starfshópur í tengslum við embætti ríkissáttasemjara**
Dagný Aradóttir Pind BSRB

**Starfshópur um húsnæðisstuðning**
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir BSRB

**Sjálfbærniráð**
Aðal: Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB
Vara: Sigríður Ingibjörg Ingadóttir BSRB

**Samhæfingarnefnd um velferð og virkni á vinnumarkaði**
Fríða Rós Valdimarsdóttir BSRB

**Þjóðhagsráð**
Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB

**Undirbúningshópur fyrir Þjóðhagsráð**
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir BSRB

**Nefnd um jöfnun launa milli markaða**
Sonja Ýr Þorbergsdóttir

**Nefnd um skráningu atvinnusjúkdóma**
Aðal: Hrannar Már Gunnarsson BSRB
Vara: Sandra B. Franks SLFÍ

**Vinnuhópur um fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 190**
Dagný Aradóttir Pind BSRB

**Stýrihópur í málefnum innflytjenda og flóttafólks**
Dagný Aradóttir Pind BSRB

**Undirnefndir um jöfnun launa milli markaða**
Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB.

**Starfshópur um heildarendurskoðun laga nr. 88/2003 um Ábyrgðarsjóð launa**
Hrannar Már Gunnarsson BSRB

**Nefnd skv. 27. grein starfsmannalaga**
Hrannar Már Gunnarsson BSRB

**Starfshópur um heildarendurskoðun framhaldsfræðslukerfisins**
Fríða Rós Valdimarsdóttir BSRB

**Starfshópur um heildarendurskoðun lífeyrissjóðakerfisins**
Aðal: Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB
Vara: Sigríður Ingibjörg Ingadóttir BSRB

**Starfshópur um aukin náms- og starfstækifæri fyrir fatlað fólk**
Aðal: Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur
Vara: Fríða Rós Valdimarsdóttir BSRB

**Úthlutunarnefnd Fræðslusjóðs vegna nýsköpunar- og þróunarverkefna**
Fríða Rós Valdimarsdóttir BSRB

**Félagsdómur** Sonja Hjördís Berndsen

**Velferðarvaktin**
Aðal: Jón Ingi Cæsarsson PFÍ
Vara: Edda Davíðsdóttir STAMOS

**Þátttaka fulltrúa BSRB í innlendum og erlendum nefndum og ráðum er jafn fjölbreytt og hún er umfangsmikil. Fulltrúar leggja á sig mikla vinnu til að gæta hagsmuna félagsfólks BSRB í hvívetna.**



### Erlendar nefndir

Fulltrúar BSRB taka þátt í samstarfi með ýmsum erlendum samtökum. Listi yfir samtök og fulltrúa bandalagsins fer hér á eftir.

**NFS**
Aðal: Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB
Vara: Sigríður Ingibjörg Ingadóttir BSRB

**ETUC**
Aðal: Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB
Vara: Sigríður Ingibjörg Ingadóttir BSRB

**ITUC**
Aðal: Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB
Vara: Sigríður Ingibjörg Ingadóttir BSRB

**NOFS**
Aðal: Þórarinn Eyfjörð Sameyki
Vara: Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur

**EPSU**
Aðal: Gunnsteinn R. Ómarsson Sameyki
Vara: Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur

**EPSU nefnd um heilbrigðis- og velferðarmál**
Sandra B. Franks SLFÍ

**EPSU nefnd um ríkisrekstur**
Þórarinn Eyfjörð Sameyki

**PSI**
Aðal: Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB
Vara: Þórarinn Eyfjörð Sameyki

**Ráðgjafarnefnd EFTA**
Aðal: Dagný Aradóttir Pind BSRB
Vara: Hrannar Már Gunnarsson BSRB




# Fjöldi félagsfólks

# 24864

**Félagatal BSRB janúar 2024**

**Fjöldi félaga í janúar 2024**

| Heiti aðildarfélags | Fjöldi félagsmanna | Konur | Karlar | |
|---|---|---|---|---|
| Félag flugmálastarfsmanna ríkisins | 499 | 129 | 370 | 499 |
| Félag íslenskra flugumferðarstjóra | 149 | 53 | 96 | 149 |
| Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi | 115 | 82 | 33 | 115 |
| FOSS- stéttarfélag í almannaþjónustu | 1141 | 852 | 289 | 1141 |
| Félag starfsmanna stjórnarráðsins | 158 | 110 | 48 | 158 |
| Kjölur-stéttarfélag starfsmanna í almannþjónustu | 1808 | 1298 | 510 | 1808 |
| Landssamband lögreglumanna | 963 | 280 | 683 | 963 |
| Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna | 441 | 66 | 375 | 441 |
| Póstmannafélag Íslands | 409 | 173 | 236 | 409 |
| Sameyki-stéttarfélag í almannaþjónustu | 12658 | 7896 | 4762 | 12658 |
| Sjúkraliðafélag Íslands | 1998 | 1925 | 73 | 1998 |
| Starfsmannafélag Garðabæjar | 710 | 503 | 207 | 710 |
| Starfsmannafélag Hafnarfjarðar | 704 | 449 | 255 | 704 |
| Starfsmannafélag Húsavíkur | 72 | 46 | 26 | 72 |
| Starfsmannafélag Kópavogs | 1339 | 947 | 392 | 1339 |
| Starfsmannafélag Mosfellsbæjar | 569 | 417 | 152 | 569 |
| Starfsmannafélag Suðurnesja | 776 | 562 | 214 | 776 |
| Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar | 251 | 181 | 70 | 251 |
| Tollvarðafélag Íslands | 104 | 20 | 84 | 104 |
| **Samtals** | **24864** | **15989** | **8875** | **24864** |




## Félagsfólk




## Formannaráð

40%

40% formanna aðildarfélaga BSRB eru konur og 60% eru karlar

## Stjórn BSRB





# Stefna BSRB

# Almannatryggingar

Almannatryggingar eru hluti af öryggisneti velferðarsamfélagsins til að tryggja mannsæmandi lífskjör þeirra sem ekki hafa náð að safna nægilegum lífeyrissparnaði eða hafa misst starfsgetu vegna veikinda eða slysa. BSRB krefst þess að tekjutenging almannatrygginga og lífeyrisgreiðslna verði endurskoðuð. Það er grundvallaratriði að lífeyrir tryggi elli- og örorkulífeyrisþegum mannsæmandi lífskjör.

Tryggja þarf að greiðslur almannatrygginga fylgi launaþróun í landinu. Gera þarf breytingar á örorkulífeyriskerfinu til samræmis við ellilífeyriskerfið og gera fleiri örorkulífeyrisþegum kleift að stunda atvinnu með því að auka framboð af störfum með sveigjanleika og hækka frítekjumark örorkulífeyris. Mikilvægt er að fólki sé gert kleift að snúa aftur á vinnumarkaðinn eftir veikindi, slys eða önnur áföll. Reynslan frá bankakreppunni sýnir að fjárhagsáhyggjur og slæm fjárhagsstaða hafa verulega neikvæð áhrif á líkamlega og andlega heilsu fólks. Afleiðingar þess eru lengi að koma fram en eru langvarandi og einn helsti orsakavaldur kulnunar og örmögnunar. Tryggja þarf að enginn sé dæmdur til fátæktar vegna skertrar starfsgetu.

# Almannaþjónusta

Öflug almannaþjónusta er ein af grunnstoðum velferðarsamfélagsins. Eitt af meginhlutverkum hins opinbera er að halda uppi öflugu velferðarkerfi þar sem landsmönnum er tryggð örugg framfærsla, heilbrigðis- og félagsþjónusta, menntun og öryggi, óháð búsetu. Velferðarkerfið á að fjármagna úr sameiginlegum sjóðum landsmanna og tryggja öllum framúrskarandi þjónustu án tillits til greiðslugetu. Reynslan sýnir að velferðarþjóðfélag verður ekki reist nema á gildum samvinnu og jafnaðar, gildum sem verkalýðshreyfingin hefur haldið á lofti frá öndverðu.

Besta leiðin til að tryggja jöfnuð felst í því að hið opinbera skipuleggi, stýri og fjármagni almannaþjónustuna. Lagarammi almannaþjónustunnar verður að vera nægilega traustur til að veita henni vernd gegn markaðsvæðingu. Almannaþjónustuna á aldrei að reka á hagnaðar-grundvelli heldur eiga almannahagsmunir og samfélagsmarkmið að vera í forgrunni.

Öflug almannaþjónusta byggir á faglegu og hæfu starfsfólki. Tryggja þarf að mönnun á vinnustað sé með þeim hætti að öryggi notenda og starfsmanna sé ekki hætta búin. Það er búið að skilgreina aukna mannaflaþörf en fjármagn skortir til að standa undir þeim kröfum. Þá er nauðsynlegt að tryggja starfsfólki almannaþjónustunnar gott og skipulagt starfsumhverfi, bætt upplýsingaflæði, samtal og aðkomu að ákvarðanatöku til að mynda varðandi skipulagsbreytingar og jöfn tækifæri til að sækja sér starfstengdamenntun og þjálfun.

# Atvinnumál

Hátt atvinnustig er ein af undirstöðum velferðarsamfélagsins og því er brýnasta viðfangsefni stjórnvalda hvers tíma að búa svo um að sem flestir hafi tök á því að stunda vinnu. Markmið verkalýðshreyfingarinnar er að bæta lífskjör og lífsgæði launafólks og halda á lofti grundvallarkröfum um jöfnuð, réttlæti og samfélagslega ábyrgð sem mótvægi við arðsemiskröfu atvinnurekenda.

Öflug almannaþjónusta myndar hina félagslegu innviði sem tryggja jafnræði og aðgengi að heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu og menntun sem og opinberar fjárfestingar sem tryggja efnislega innviði eins og mannvirki, samgöngur, fjarskipti og aðra þá innviði sem nauðsynlegir eru hverju samfélagi. Þannig skilar almannaþjónustan og opinberar fjárfestingar samfélagslegum arði með því að mynda þann grunn sem nauðsynlegur er fyrir öflugt atvinnulíf og nýsköpun. BSRB krefst þess að almannaþjónustan verði efld með því að byggja upp enn sterkari opinberan vinnumarkað sem er samkeppnisfær um starfsfólk við hinn almenna vinnumarkað.

BSRB leggur áherslu á að mótuð verði atvinnustefna fyrir Ísland í samráði við aðila vinnumarkaðarins til að efla stoðir efnahagskerfisins. Vinnumarkaðurinn er að taka miklum breytingum vegna tæknibreytinga fjórðu iðnbyltingarinnar, nauðsynlegrar aðlögunar atvinnugreina vegna loftslagsbreytinga og hlutfallslegrar öldrunar þjóðarinnar á næstu árum og áratugum, sem taka þarf tillit til. Stefnan þarf einnig að taka mið af réttlátum umskiptum til kolefnishlutleysis. Fyrir vinnumarkaðinn þýðir það að leggja þurfi áherslu á grænar fjárfestingar sem skapa störf sem eru launuð með sanngjörnum hætti, veita atvinnuöryggi og vinnumarkaðstengd réttindi og tryggja að starfsfólk hafi áhrif á starfsaðstæður sínar. Grænar fjárfestingar á því ekki einungis að meta út frá fjárhagslegum ávinningi heldur einnig út frá áhrifum á fjölda og gæði starfa. Mikilvægur liður í umskiptunum er að gera fólki kleift að efla þekkingu sína og færni með sí- og endurmenntun til að takast á við ný eða breytt störf.

BSRB vill að staða landshlutanna verði styrkt svo þeir hafi aðdráttarafl fyrir fólk til búsetu og starfa. Styrkja verður uppbyggingu atvinnulífs og opinberrar þjónustu á landinu öllu. Verð á orku þarf að vera sambærilegt um land allt og sömuleiðis aðgengi að netsambandi en ljósleiðaravæðing er forsenda starfa og menntunar án staðsetningar. Skapa verður ný opinber störf í öllum landshlutum í stað þess að flytja störf landshluta á milli. Reynslan sýnir að tilfærsla starfa á milli landshluta hefur bæði neikvæð áhrif á starfsfólk, starfsemi viðkomandi stofnunar og þjónustuna sem á að veita.

Stjórnvöld verða að leggja sitt af mörkum ásamt verkalýðshreyfingunni og fulltrúum atvinnurekenda og hlúa sem best að þeim sem af einhverjum ástæðum falla út af vinnumarkaði. Sérstaklega þarf að huga að langtímaatvinnulausu fólki svo það einangrist ekki félagslega og efnahagslega og fái tækifæri til að mennta sig og þjálfa til nýrra starfa. Hið opinbera á að ganga fram með góðu fordæmi og skapa störf með viðeigandi aðlögun og sveigjanlegum vinnutíma fyrir fólk með skerta starfsgetu.

# Efnahags og skattamál

BSRB leggur áherslu á að félagslegur stöðugleiki sé hafður að leiðarljósi við efnahagsstjórn. Efnahagsleg misskipting fer vaxandi á Íslandi, sérstaklega þegar litið er til eigna. Samþjöppun auðs og valds er skaðleg fyrir samfélagið og veldur félagslegri stéttskiptingu og dregur úr félagslegri samheldni. Við þessu verður að bregðast m.a. með skattkerfisbreytingum.

BSRB leggur áherslu á að skattkerfið sé nýtt sem jöfnunartæki. Reka á skattkerfið og um leið velferðarkerfið með því hugarfari að fólk greiði inn eftir efnum en taki út eftir þörfum. Þeir sem betur eru stæðir ættu að leggja hlutfallslega meira til en hinir sem verr eru staddir. Samstaða þarf að nást um þessa hugsun í rekstri hins opinbera og hafa samstöðu og jöfnuð fólks að leiðarljósi.
Sveitarfélögin veita íbúum sínum mikilvæga þjónustu og verkefnum þeirra fjölgar jafnt og þétt. Tekjustofnar sveitarfélaga endurspegla ekki þessa þróun. Það hefur leitt til þess að laun starfsfólks hjá sveitarfélögunum eru að jafnaði þau lægstu á íslenskum vinnumarkaði. BSRB telur því nauðsynlegt að hlutdeild sveitarfélaga í skatttekjum hins opinbera verði endurskoðuð og aukin. Mikilvægt er að auka jöfnunarhlutverk skattkerfisins og lækka skattbyrði lág- og millitekjuhópa og jafna tekjutapið með skattlangingu á hæstu tekjurnar og stóreignafólk. BSRB vill að fjármagnstekjuskattur verði hækkaður þannig að tekjuskattur á rekstrarhagnað og fjármagnstekjuskattur verði sambærilegur við tekjuskatt á launatekjur og að skatthlutfallið sé hærra fyrir þá sem eru með hæstu fjármagnstekjurnar. Einnig þarf að herða reglur um skattlagningu reiknaðs endurgjalds þannig að ákveðið lágmark heildartekna verði skattlagðar sem almennar tekjur.

BSRB krefst þess að brugðist verði við auknum eignaójöfnuði með stóreignaskatti á hreina eign þeirra allra ríkustu og að tekjur og eignamyndun eignarhaldsfélaga sem ekki eru í atvinnurekstri verði skattlagðar hjá eigendum.

Ísland er ríkt af auðlindum. BSRB krefst þess að þjóðin fái réttmæta hlutdeild í arðinum sem skapast af nýtingu einkaaðila á auðlindum með auðlindaskatti. BSRB leggur einnig ríka áherslu á að auðlindir verði í almannaeigu en ekki í eigu einkaaðila.

BSRB leggur áherslu á opinbert eignarhald á grunninnviðum samfélagsins og leggst alfarið gegn sölu orkufyrirtækja í eigu hins opinbera og annara arðberandi fyrirtækja.

BSRB krefst þess að skattalöggjöfin verði tekin til gagngerrar endurskoðunar með það að markmiði að stoppa í götótt og ívilnandi regluverk sem leiðir til skattasniðgöngu, ójöfnuðar og veikingar tekjustofna hins opinbera. Einnig þarf að stórefla skattaeftirlit en fjáveitingar í þann málaflokk skila sér margfalt til baka í opinbera sjóði með aukinni skattheimtu.

Tæknibreytingar og sjálfvirknivæðing kalla á nýja hugsun í tekjuöflun. Þegar tæknin leysir mannshöndina af hólmi er mikilvægt að hagnaðurinn sem af því skapast renni að hluta til hins opinbera.

Álagning kolefnisgjalds á jarðefnaeldsneyti er mikilvægur liður í því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. BSRB krefst þess að áður en ákvarðanir um skattlagningu eða skattaívilnanir til að draga úr losun eru teknar verði gerð greining á áhrifum skattlagningarinnar á mismunandi tekjuhópa. Ef byrðarnar reynast leggjast þungt á tekjulægri hópa verður að bregðast við með fjárfestingum í loftslagsvænni þjónustu sem getur komið í stað þeirrar sem verið er að skattleggja eða með beingreiðslum til tekjulægri hópa sem verst verða fyrir barðinu á skattlagningunni.

BSRB leggur ríka áherslu á að skattalækkanir séu fullfjármagnaðar en leiði ekki til niðurskurðar í opinberum rekstri, fjárfestingum og tekjutilfærslum.

Samneyslan er mikilvæg til að tryggja jafnræði meðal fólks, óháð tekjum, og veiking hennar leiðir af sér aukinn ójöfnuð í tekjum, heilsu og menntun.

## Heilbrigðismál

Heilbrigðiskerfið er grunnstoð samfélagsins. Góð heilbrigðisþjónusta bætir lífsgæði fólks og öryggi auk þess sem góð heilsa landsmanna er þjóðhagslega hagkvæm. Hið opinbera á að reka heilbrigðiskerfið fyrir skattfé landsmanna. Kerfið á að vera skilvirkt og tryggja öllum jafnan aðgang að fyrsta flokks þjónustu á réttu þjónustustigi óháð efnahag. Forsenda þess er að fjöldi starfsfólks sé í samræmi við þörf fyrir heilbrigðisþjónustu og þá kröfu sem gerð er til þjónustunnar sem og gott og öruggt starfsumhverfi.

Fjárskortur margra mikilvægra heilbrigðisstofnana hefur leitt til undirmönnunnar, gríðarlegs álags á starfsfólk og aukinnar hættu á kulnun. Mikilvæg þjónusta hefur verið skorin niður, biðlistar hafa lengst og einkafyrirtæki tekið yfir hluta þjónustunnar. Skortur á viðeigandi þjónustuúrræðum fyrir aldraða skapar einnig vanda fyrir heilbrigðiskerfið því ekki er hægt að útskrifa fólk af sjúkrahúsum ef hjúkrunarrými skortir.

BSRB krefst þess að fjárveitingar til heilbrigðiskerfisins verði í samræmi við þörf fyrir þjónustu og að stofnunum séu tryggðar nægilegar fjárveitingar til að standa undir kjarasamningsbundnum launahækkunum starfsfólks. BSRB leggst alfarið gegn markaðsvæðingu heilbrigðisþjónustu og gjaldtöku sem byggir á hagnaðarsjónarmiðum. Einkarekstur dregur úr skilvirkni kerfisins, yfirsýn og samhæfingu, eykur hættu á oflækningum og torveldar eftirlit með gæðum og umfangi. Einkavæðing eykur líka þrýsting á launalækkanir, fækkun starfsfólks og uppsagnir starfsfólks með mikla reynslu og hærri laun til að auka hagnað af rekstrinum sem rennur þá í vasa eigendanna á kostnað launafólks og gæða þjónustunnar.

Rannsókn Embættis landlæknis á heilsuójöfnuði á Íslandi sýnir að þrátt fyrir að heilsa og vellíðan fari að jafnaði batnandi hér á landi fer heilsuójöfnuður vaxandi á Íslandi. Þau sem búa við kröpp kjör og eru með minni menntun búa við lakari heilsu og lifnaðarhætti heldur en þeir sem eru með hærri tekjur og lengri skólagöngu. Þessi ójöfnuður hefur veruleg áhrif á lífsgæði og lífslíkur. BSRB krefst þess að við þessari þróun verði brugðist. Heilsuójöfnuðurinn verður ekki upprættur nema með víðtækum aðgerðum stjórnvalda og þær sem mestu máli skipta eru að tryggja menntun og fjárhagslegt öryggi. Hvað aðgerðir innan heilbrigðiskerfisins varðar þarf að endurskoða gjaldtöku fyrir ýmsa þætti heilbrigðisþjónustunnar til að stuðla frekar að jöfnu aðgengi. BSRB vill sporna við gjaldtöku innan heilbrigðiskerfisins umfram það sem þegar hefur verið gert með greiðsluþátttökukerfum heilbrigðisþjónustu og lyfja, sem og tannlæknaþjónustu fyrir börn og elli- og örorkulífeyrisþega, þ.m.t. vegna tannréttinga barna. Huga verður að jafnræði til heilbrigðisþjónustu eftir búsetu og tryggja öllum greitt aðgengi að heilsugæslu og öldrunarþjónustu. Hið opinbera verður að taka ríkari þátt í ferðakostnaði fólks sem búsetu sinnar vegna hefur ekki sama aðgengi að heilbrigðisþjónustu og aðrir. Afar brýnt er að stórefla fjarheilbrigðisþjónustu, aðgengi að sérfræðiþjónustu í heimbyggð, sjúkraflutninga og sjúkraflug og tryggja þar með að slík þjónusta sé ætíð til staðar í hinum dreifðu byggðum.

## Húsnæðismál

Húsnæðisöryggi, hvort sem um er að ræða búsetu í leiguhúsnæði eða séreign, eru mannréttindi. Hið opinbera á að tryggja öllum húsnæðisöryggi með framboði af húsnæði á viðráðanlegu verði, húsnæðisstuðningi og efnahagsaðgerðum sem draga úr óeðlilegri hækkun húsnæðisverðs.

Skynsamlegasta leiðin til að auka húsnæðisöryggi landsmanna er að greiða niður húsnæði fyrir tekjulægri hópa og þá sem eru með mikla framfærslubyrði. Reynslan sýnir að áherslan á auknar lánveitingar hefur áhrif til hækkunar húsnæðisverðs og gerir öflun húsnæðis enn torveldari fyrir þá sem minnst eiga af fjármagni. Slíkar aðgerðir hafa bein áhrif á efnahagskerfið með aukinni verðbólgu og óstöðugleika.

Almenna íbúðakerfið hefur sannað sig og íbúðum í kerfinu fjölgar ár frá ári. Bjarg, leigufélag BSRB og ASÍ er burðarásinn í því kerfi og stuðlar að húsnæðisöryggi launafólks í lægri tekjuhópum. BSRB leggur ríka áherslu á að árleg stofnframlög frá ríki og sveitarfélögum verði aukin til að flýta fyrir uppbyggingu kerfisins og mæta brýnni þörf launafólks fyrir húsnæði á viðráðanlegu verði.

BSRB leggur áherslu á að ríki og sveitarfélög greiði götu leigufélagsins Blævar, sem er leigufélag í eigu BSRB og ASÍ. Mikilvægt er að auka valkosti launafólks á húsnæðismarkaði sem er yfir tekjuviðmiðum í almenna

íbúðakerfinu og stuðla þannig að húsnæðisöryggi fyrir alla.

Beinn húsnæðisstuðningur ríkisins hefur tekið eðlisbreytingum með heilmild til að nýta skattfrjálsan séreignasparnað til að greiða niður húsnæðislán. Greiningar sýna að stuðningurinn nýtist fyrst og fremst tekjuhæstu hópunum. Á sama tíma hefur húsnæðisstuðningur við leigjendur rýrnað að raungildi og fjárframlög til vaxtabóta eru hverfandi. BSRB krefst þess að húsnæðisstuðningskerfinu verði breytt þannig að stuðningurinn beinist að tekjulægri heimilum.

# Jafnréttismál

BSRB skal standa vörð um að stjórnvöld og atvinnurekendur vinni markvisst að jafnrétti með því að tryggja jöfn tækifæri og jafna meðferð fólks á vinnumarkaði. Sérstaklega þarf að tryggja jafna stöðu og möguleika óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu, tungumáli, búsetu, félagslegrar stöðu eða efnahags. Þá skal bandalagið sérstaklega vinna að valdeflingu jaðarsettra hópa.

Jafnrétti skal haft að leiðarljósi í allri starfsemi BSRB. Bandalagið skal bjóða upp á öfluga jafnréttisfræðslu til aðildarfélaganna og félagsmanna, stuðla að því að allir vinni að þessu mikilvæga hagsmunamáli launafólks og að unnið sé í samræmi við þær reglur sem gilda um öryggi og jafnrétti á vinnumarkaði og í félagsstarfi.

## Staða kynjanna á vinnumarkaði

Mikil kynjaskipting er helsti orsakavaldur launamunar kynjanna á íslenskum vinnumarkaði þar sem eitt kyn er í afgerandi meirihluta í fjölda atvinnugreina. Atvinnuþátttaka kvenna er mjög há á Íslandi en rúmlega þriðjungur kvenna er í hlutastörfum vegna þess að þær axla meginábyrgð á fjölskyldu- og heimilisstörfum. Þá eru konur að jafnaði lengur frá vinnumarkaði í kjölfar barneigna heldur en karlar vegna fæðingarorlofstöku til að brúa umönnunarbilið frá því að fæðingarorlofi lýkur og fram að tryggri dagvistun. Það hefur verulega neikvæð áhrif á tekjur, launaþróun og starfsþróunarmöguleika kvenna sem og lífeyrisréttindi. Einnig er mikill munur milli kvenna og karla þegar kemur að valda- og áhrifastöðum þar sem hallar verulega á konur. Grípa verður til aðgerða á hverju sviði fyrir sig til að útrýma aðstöðu- og launamun kynjanna, fólks af erlendum uppruna og fólks með skerta starfsgetu á vinnumarkaði.

## Fjölskylduvænt samfélag

Til að byggja upp fjölskylduvænt samfélag telur BSRB mikilvægt að í allri opinberri stefnumörkun og fjárhagsáætlanagerð sé unnið markvisst að jafnrétti í launuðum sem ólaunuðum störfum. Tryggja þarf jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum og á vinnumarkaði. Nauðsynlegt er að stefna stjórnvalda hafi samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs að leiðarljósi.

Samhliða vinnu við að eyða launamun kynjanna verður að jafna möguleika foreldra til að sinna umönnun barna sinna og auka möguleika þeirra til að verja gæðatíma með fjölskyldunni.

BSRB telur það forgangsmál að bæta stöðu tekjulægri fjölskyldna. Tryggja þarf að öll börn búi við örugga fjárhagslega afkomu, búsetuöryggi og hafi tækifæri til íþrótta- og tómstundaiðkunar. Samfélag jafnaðar verður ekki byggt nema allar fjölskyldur geti boðið börnunum sínum upp á sambærileg tækifæri óháð efnahag og búsetu. Mikilvægt er að efla almenningssamgöngur og gera þær ódýrari.

Ísland sker sig úr gagnvart hinum Norðurlöndunum hvað barnabætur varðar. Norræna velferðarkerfið gerir almennt ráð fyrir því að réttur til barnabóta sé sá sami vegna allra barna óháð efnahag foreldra nema í Danmörku þar sem barnabætur eru skertar hjá fólki sem er komið um eða yfir meðaltekjur. Hér á landi eru það einungis allra tekjulægstu foreldrarnir sem fá óskertar barnabætur. Barnabótakerfið er ómarkvisst og í sumum tilfellum tilviljunarkenndur stuðningur við þá allra tekjulægstu og fólk á lágmarkslaunum býr við miklar skerðingar á bótum. BSRB telur nauðsynlegt að endurskoða íslenska kerfið frá grunni og líta helst til danska kerfisins sem fyrirmyndar. Byggja þarf nýtt barnabótakerfi sem byggir á bestu mögulegu gögnum um þarfir ólíkra fjölskyldna og fjölbreytts fjölskylduforms. Þannig þarf að tryggja að börn geti átt fleiri en eitt heimili sem njóti samskonar stuðnings í gegnum barnabótakerfið.Barnabætur eiga að fylgja launaþróun og bætur skerðist ekki séu tekjur foreldra lægri en sem nemur framfærsluviðmiðum. Þá eiga barnabætur að vera þær sömu fyrir öll börn óháð aldri.

Lenging fæðingarorlofs í 12 mánuði er mikið framfaraskref. Hins vegar tryggja lögin ekki jafna þátttöku foreldra í fæðingarorlofi og reynslan sýnir að líklegt er að konur taki lengra fæðingarorlof en karlar og verði því enn lengur frá vinnumarkaði vegna fæðingarorlofs en áður. Því er mikilvægt að atvinnurekendur styðji karla í því að taka fæðingarorlof til jafns við konur. Jöfn þátttaka kynjanna í fæðingarorlofi stuðlar að því markmiði laganna um að tryggja barni samvistir við báða foreldra

og að gera foreldrum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf náist. Hækka þarf hámarksgreiðslur í fæðingarorlofi,greiðslur sem samsvari lágmarkslaunum verði óskertar og fæðingarorlofsgreiðslur verði ekki lægri en lágmarkslaun. Jafnframt þarf að lögfesta rétt barna til öruggrar dagvistunar af hálfu hins opinbera strax að loknu fæðingarorlofi foreldra.

Miklu máli skiptir að launafólk geti brugðist við hinum ýmsu aðstæðum sem geta komið upp í einkalífi og hafi rétt til fjarvista frá vinnu vegna alvarlegra langvarandi veikinda barna án skerðingar á launum. Hið sama gildir um aukningu á réttindum til fjarvista vegna veikinda barna með tilliti til fjölda þeirra og vegna foreldra, maka eða annarra náinna ættingja eða fjölskylduaðstæðna. Slík samþætting leiðir til aukinnar starfsánægju, bættrar frammistöðu, aukinna afkasta og minni starfsmannaveltu.

### Kynbundin og kynferðisleg áreitni og ofbeldi á vinnustöðum

Uppræta þarf kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni og ofbeldi en rót þeirrar meinsemdar er misrétti og valdaójafnvægi kynjanna. Reynslan sýnir að jöfn staða og jafnir möguleikar allra innan vinnustaða koma ekki af sjálfu sér. Það þarf þekkingu, vilja og aðgerðir til að ná fram breytingum á þessu sviði. Samkvæmt jafnréttis- og vinnuverndarlögum bera atvinnurekendur ríka ábyrgð til að gera sérstakar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að starfsfólk eða skjólstæðingar verði fyrir kynferðislegri eða kynbundinni áreitni eða öðru ofbeldi á vinnustað.

Birtingarmyndir áreitni og ofbeldis geta verið með orðum, hegðun eða táknrænum hætti. Samkvæmt þeim reglum sem gilda um áreitni á vinnustað skiptir þó ekki máli hvort hver birtingarmyndin er. Öll kynbundin og kynferðisleg áreitni og annað ofbeldi er bannað. Upplifun fólks getur verið mismunandi og vinnustaðamenning sömuleiðis. Lögin eru þó skýr: upplifun þess sem fyrir hegðuninni verður sker úr um hvort um áreitni eða ofbeldi sé að ræða. Það er ekki annarra að meta hvernig þolandi upplifir samskipti eða tiltekna hegðun heldur alltaf þolandans. Uppræta þarf menningu sem flokkar hegðun eftir úreltum hugmyndum um hvar mörkin liggja milli áreitni eða óþæginda. Hvers kyns áreitni er alvarleg og hana verður að taka alvarlega.

Það þarf að byrja á unga aldri að fræða um gagnkvæma virðingu og hefta aðgengi að óæskilegu upplýsingaefni sem inniheldur ofbeldi eins og klám. Stjórnvöld þurfa að tryggja aðgengi að uppbyggilegu efni sem fyrirbyggir kynferðislegt ofbeldi.

Atvinnurekendur og stjórnvöld þurfa að tryggja stuðning fyrir þolendur, gerendur og samstarfsfólk í kjölfar ofbeldis.

Góð stjórnun og markviss samþætting jafnréttissjónarmiða með sérstakri áherslu á að uppræta valdamisræmi í hvers kyns ákvörðunartöku er lykillinn að því að áreitni og ofbeldi eigi sér ekki stað. Við verðum öll að taka þátt til að raunveruleg breyting á viðhorfum og menningu eigi sér stað.

# Kjaramál

Ein af meginkröfum BSRB er að fólk geti lifað af á laununum sínum. Það tekur einnig til tilfærslna svo sem bóta og skattbyrði.

BSRB krefst þess að launamunur milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins verði jafnaður samkvæmt samkomulagi um lífeyrismál frá september 2016. Launakannanir hafa sýnt að launamunur á milli markaða sé um það bil 17 prósent. BSRB leggur áherslu á að niðurstöðu verði náð á grundvelli samkomulagsins og að formfest verði sérstök launaþróunartrygging en megintilgangur hennar er að tryggja samræmi í launaþróun á milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins eftir að jöfnun hefur verið náð. Að mati BSRB er það forgangsverkefni stjórnvalda, atvinnurekenda og verkalýðshreyfingarinnar að tryggja jafnrétti í launum óháð stöðu með tilliti til fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar, kyntjáningar, kynvitundar, kyneinkenna, kynþáttar, trúar, tungumáls, búsetu, stjórnmálaskoðana, þjóðernisuppruna, félagslegrar stöðu eða efnahags.

### Endurmat á störfum kvenna

Konur búa enn við launamisrétti 60 árum eftir að launajafnrétti var leitt í lög. Íslenskar og erlendar rannsóknir sýna að kynskiptur vinnumarkaður er ein helsta skýringin á kynbundnum launamun. Síðustu ár hefur ýmislegt áunnist í vinnu gegn kynbundnum launamun en áherslan hefur verið á að leiðrétta launamun innan vinnustaða, til dæmis með jafnlaunastaðlinum. Þó það sé góðra gjalda vert er jafnlaunastaðallinn ekki verkfæri sem tekur á því grundvallar misrétti sem viðgengst í samfélaginu, hann leiðréttir ekki skakkt verðmætamat kvennastétta þvert á atvinnugreinar og vinnustaði. Því verður að beina kastljósinu að því að leiðrétta laun kvennastétta út frá raunverulegu verðmæti þeirra og þeirri verðmætasköpun sem störfin skila.

# Lífeyrismál

Lífeyriskerfi Íslendinga stendur á sterkum grunni byggðum á þremur stoðum: Opinberu almannatryggingakerfi, atvinnutengdum lífeyrissjóðum með skylduaðild og frjálsum lífeyrissparnaði. Styrkur íslenska kerfisins felst að stórum hluta í sjóðsöfnun en með því er átt við að eignir eru lagðar fyrir jafnóðum og réttinda er aflað til greiðslu lífeyris síðar. BSRB leggur ríka áherslu á að við þessu fyrirkomulagi verði ekki hróflað.
BSRB leggst alfarið gegn því að tilgreind séreign verði lögfest. Fyrir því liggja margþætt rök en þau sem vega þyngst eru að breytingin felur í sér veikingu á samtryggingarþætti lífeyriskerfisins, veldur ósamræmi í kerfinu og dregur úr sjálfbærni þess og getur haft verulega neikvæð áhrif á lífeyrisréttindi tekjulægra fólks og kvenna og þeirra sem verða öryrkjar snemma á starfsævinni. Markmiðið með jöfnun lífeyrisréttinda á milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins var að samræma lífeyrisréttindi og auka sjálfbærni kerfisins. Lögfesting tilgreindrar séreignar gengur þvert á þau markmið.
BSRB krefst þess að dregið verði verulega úr tekjutengingu almannatrygginga og lífeyrisgreiðslna. Mikilvægt er að launafólk sem greitt hefur í lífeyrissjóði alla starfsævina sjái þess stað í afkomu sinni þegar kemur að starfslokum vegna aldurs eða örorku.
BSRB krefst þess að þær stéttir sem þurfa að hætta að vinna fyrr, til dæmis vegna álags í starfi, fái rétt til snemmtöku lífeyris sem fjármagnaður verði sérstaklega með hærra mótframlagi atvinnurekanda í lífeyrissjóð. Sömuleiðis þarf að tryggja að fólk geti unnið þrátt fyrir að 70 ára aldri sé náð og njóti þess í lífeyrisréttindum sínum.

# Menntamál

Hornsteinn hvers samfélags eru jöfn tækifæri til menntunar og fræðslu við hæfi að skyldunámi loknu. Menntun stuðlar að virkari þátttöku í íslensku samfélagi og eykur hæfni fólks á vinnumarkaði. Þá skilar menntun sér í aukinni verðmætasköpun fyrir samfélagið í heild og auknum tekjum fyrir hið opinbera og landsmenn alla. BSRB leggur því áherslu á jafnrétti til náms óháð aðstæðum, aldri og búsetu og leggst bandalagið gegn því að skólagjöld, hvaða nafni sem þau nefnast, séu lögð á í opinberum menntastofnunum.

Breyttur vinnumarkaður, menntun og hæfni
Ljóst er að á næstu árum og áratugum verða miklar breytingar á vinnumarkaði tengdar tæknibreytingum fjórðu iðnbyltingarinnar, þróun gervigreindar, umhverfisbreytinga, breyttra neysluhátta, fjölgunar aldraðra og annarra samfélagsbreytinga. Stefnumótun og markviss sýn á samspil vinnumarkaðar og menntunar verður því sífellt mikilvægari. BSRB og aðildarfélög þess leggja áherslu á virka þátttöku í umræðu, ákvörðunartöku og stefnumótun í þeim málum sem snerta menntun og fræðslu í landinu, jafnt í formlega og óformlega skólakerfinu.

Alþingi hefur samþykkt þingsályktun um menntastefnu til ársins 2030 og vinnur að aðgerðaáætlun um hvernig henni verður hrint í framkvæmd. Við innleiðingu vill BSRB að aukin áhersla verði lögð á sí- og endurmenntun, ekki síst í ljósi þeirra breytinga sem fyrirsjáanlegar eru á vinnuumhverfi fólks á komandi árum.

Ríki og sveitarfélög sinna mikilvægri almannaþjónustu. BSRB kallar eftir því að allir vinnustaðir hins opinbera setji sér starfsþróunarstefnu og fylgi henni eftir með virkri starfsþróunaráætlun til að þjálfa sitt starfsfólk. Aukin hæfni og bætt kunnátta starfsfólks leggur grunninn að betri opinberri þjónustu sem er öllum til hagsbóta. Innleiðing nýrrar tækni raungerist ekki án markvissrar þjálfunar starfsfólks. Menntun sem eykur hæfni verður að vera hluti af vinnustaðamenningu framtíðar og ábyrgð vinnuveitenda á símenntun starfsfólks þarf að vera tryggð í lögum og í kjarasamningum.
BSRB krefst þess að fagháskólanám verði sérstakt skólastig. Vinna þarf áfram að uppbyggingu þess og að námið verði sjálfsagður hluti af formlega skólakerfinu og fjármagnað af hinu opinbera. Þá þarf það að vera tryggt að þeir sem hafa lokið starfs- eða iðnnámi með námslokum á þriðja hæfniþrepi hafi tryggan aðgang að háskólanámi.

### Fimmta stoðin

Framhaldsfræðslan er fimmta stoð menntakerfisins og er einkar mikilvæg fólki með litla formlega menntun til að öðlast frekari tækifæri til náms. Nauðsynlegt er að sjóðakerfi framhaldsfræðslunnar sé öflugt og aðgengilegt og að fjárframlög til hins óformlega menntakerfis séu nægileg til að standa undir framsæknu starfi fræðslusetra, símenntunarmiðstöðva og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Við mat á fjárþörf og fjárframlögum þarf að taka tillit til þess að verkefni framhaldsfræðslunnar eru að verða flóknari og margbreytilegri til dæmis vegna fjölgunar útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og því ekki nóg að horfa eingöngu til fjölda einstaklinga þar að baki. BSRB telur mikilvægt að framhaldsfræðslukerfið sé skilvirkt og aðgengilegt fyrir alla þá sem á þurfa að halda og vilja sækja sér sí- og endurmenntun innan kerfisins. BSRB er

tilbúið að taka þátt í vinnu við endurskoðun á því. BSRB leggur áherslu á að lokið verði við endurskoðun laga um framhaldsfræðslu í góðu samráði við aðila vinnumarkaðarins.

Þá leggur BSRB ríka áherslu á að bæði ríki og sveitarfélög komi að uppbyggingu og rekstri fræðslusetra á sviði endur- og símenntunar sem hafa það hlutverk að greina og hanna menntunarleiðir fyrir félagsmenn aðildarfélaga BSRB, þeim að kostnaðarlausu.

BSRB telur nauðsynlegt að styrkja stöðu verk- og starfsnáms samhliða hefðbundnu bóknámi. Tryggja þarf að menntakerfið, stofnanir og fyrirtæki geti tekið við nemendum sem í námið sækja.

Styrkja þarf hlutverk þeirra starfsgreinaráða sem fjalla um þau störf sem félagsmenn aðildarfélaga BSRB sinna og búa ráðunum starfsaðstæður sem tryggja að þau geti sinnt hlutverkum sínum af metnaði. Þá þarf að styrkja Vinnustaðanámssjóð og einfalda vinnuveitendum að nýta sér sjóðinn þannig að það nýtist félagsfólki aðildarfélaga BSRB sem best.

### Félagsauður

BSRB leggur áherslu á mikilvægi menntunar og beitir sér fyrir því að stjórnir aðildarfélaganna, starfsmenn og þeir sem gefa kost á sér til félagsstarfa fái þá fræðslu og menntun sem nauðsynleg er.

BSRB styður aðildarfélögin í því mikilvæga verkefni að auka og bæta þekkingu félagsmanna sinna í samstarfi við atvinnurekendur. BSRB vill leggja sérstaka áherslu á að auka tækniþekkingu og tölvulæsi í takt við óskir félagsmanna og þarfir vinnumarkaðarins.

BSRB leggur áherslu á að félagsmenn aðildarfélaganna geti þróað starfshæfni sína og menntað sig þannig að þeir verði eftirsóknarverðir á vinnumarkaði alla sína starfsævi. Nauðsynlegt er að tryggja möguleika félagsmanna til að sækja sér starfs- og símenntun samhliða störfum sínum án launaskerðingar. BSRB vill beita sér fyrir því að námsleyfi verði sjálfsagður réttur félagsmanna aðildarfélaga BSRB. Slík réttindi þurfa að vera tryggð með kjarasamningum en samræmd á milli félaga.

BSRB leggur áherslu á að erlendu starfsfólki sé boðin góð kennsla og þjálfun í íslensku, þeim að kostnaðarlausu. Þeim sé gert kleift að stunda íslenskunám á vinnutíma og að þeir fái þjálfun í íslensku á vinnustað, án launaskerðingar.

BSRB vill tryggja jafnt aðgengi félagsmanna aðildarfélaga að raunfærnimati og náms- og starfsráðgjöf með aukinni kynningu og upplýsingagjöf. Leggja þarf sérstaka áherslu á þau sem hafa minnstu formlegu menntunina. Starfs- og símenntun er forgangsmál BSRB enda kallar vinnumarkaður framtíðarinnar á nýja hæfni og nýja hugsun og hugafar grósku. Brýnt er að aðilar vinnumarkaðarins og félagsmenn samtaka á vinnumarkaði taki saman höndum til að árangur náist.

## Starfsumhverfi starfsfólks í almannaþjónustu

Hlutverk starfsfólks í almannaþjónustu er að veita mikilvæga og lögbundna þjónustu þar sem hagsmunir almennings eru hafðir að leiðarljósi. Tryggja þarf samhæfingu í þjónustunni og að vinnustaðir og störfin þróist í samhengi við samfélagið og þróun þekkingar. Rannsóknir sýna að starfsfólk í velferðarþjónustu upplifir verri líkamlega og andlega heilsu og minni starfsánægju samanborið við aðrar starfsstéttir. Enn fremur hefur slysatíðnin verið hæst í opinberri þjónustu og einkum hjá lögreglu. Ítrekað hefur verið bent á að ein besta leiðin til að fyrirbyggja þetta er að vinna gegn óhóflegu álagi í vinnu, bæta mönnun og stuðningvið stjórnendur og þjálfun þeirra.

Til að tryggja öfluga og góða almannaþjónustu er mikilvægt að starfsmenn búi alltaf við besta mögulega starfsumhverfi, þar sem öryggi, þekking, gagnkvæm virðing, samskipti, fagmennska og góð heilsa er höfð að leiðarljósi. Skapa skal svigrúm og tækifæri fyrir starfsmenn til að þróa hæfni sína og þekkingu með öflugri símenntun og búa þeim vinnuaðstæður sem gera þeim kleift að sinna starfi sínu á faglegan og vandaðan hátt. Í starfsþjálfun skulu starfsmenn vera á launum. BSRB leggur áherslu á stjórnvöld marki sér skýra stefnu um skipulag vinnu, samskipti, vinnutíma og starfsumhverfi með það að markmiði að tryggja andlegt og líkamlegt heilbrigði starfsfólks. Þar verði lögð megináhersla á hvernig megi fyrirbyggja óheilbrigt vinnuálag og óheilbrigð samskipti og hegðun. Enn fremur hvernig verði tryggt að stjórnendur hafi þekkingu og hæfni til að vinna að þessum markmiðum.

BSRB vill að reglulega verð gerð heildarúttekt með áhættumati á starfsháttum vinnustaða og aðbúnaði launafólks og eftirfylgni með matinu tryggð. Nauðsynlegt

er að mæta þeirri mönnunarþörf sem skapast hefur eftir innleiðingu betri vinnutíma þar sem álag á einstaka stöðum hefur aukist úr hófi fram.

Sveigjanleiki og samhæfing vinnu og einkalífs á ávallt að vera í fyrirrúmi til að stuðla að fjölskylduvænna samfélagi og koma í veg fyrir álag og streitu. Rannsóknir sýna fram á að eftir því sem fólki gengur betur að samþætta fjölskyldulífið og vinnuna því betri er andlega og líkamlega heilsa. Hins vegar sýnir reynslan að hætt er við að aukinn sveigjanleiki hafi í för með sér að mörkin milli vinnu og heimilis verði sífellt óskýrari. Bregðast þarf við því með skýrum rétti til að aftengjast og samið verði um réttindi og aðbúnað starfsfólks við fjarvinnu í kjarasamningum.

Stytting vinnuvikunnar
Stytting vinnuvikunnar er grundvallarkrafa BSRB og mikilvægur liður í því að búa til fjölskylduvænna samfélag sem grundvallast á samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Lögfesta þarf í kjarasamningum styttingu vinnuvikunnar í 35 stundir í dagvinnu og að vinnuvika vaktavinnufólks verði 80% af vinnutíma dagvinnufólks án launaskerðingar.
Styttri vinnuvika leiðir til betri starfsánægju og aukinna afkasta, minni streitu vegna samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs, bættrar heilsu og aukinnar vellíðunar. Hún stuðlar einnig að auknu jafnræði í ábyrgð á heimilis- og umönnunarstörfum, aukningu á atvinnuþátttöku kvenna og að konur leiti síður í hlutastörf vegna fjölskylduábyrgðar.

# Umhverfis- og loftslagsmál

Loftslagsmálin eru stærsta áskorunin sem þjóðir heimsins standa frammi fyrir. Tíminn til að bregðast við svo að hlýnun jarða fari ekki umfram 1,5 gráðu er að renna út og samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda og binding kolefnis eiga því að vera efst á verkefnislista stjórnvalda. Afleiðinga hlýnunar er þegar farið að gæta um allan heim og hér á landi verður þeirra helst vart með bráðnun jökla, breytingum í veðurfari, aukinni úrkomuákefð, skriðuföllum, hækkun sjávarborðs, súrnun sjávar og víðtækum áhrifum á vistkerfið. Losun á hvern íbúa Íslands er ein sú mesta meðal þjóða heimsins. BSRB styður loftslagsmarkmið stjórnvalda en krefst þess að meiri þungi verði settur í aðgerðirnar því hlýnun jarðar ógnar öryggi og lífsgæðum mannkyns. Efnahagslegar afleiðingar hlýnunar eru gríðarlegar og miklu meiri en kostnaður við aðgerðir til að draga úr losun og auka bindingu.

BSRB krefst þess að réttlát umskipti verði leiðarljós í aðgerðum gegn loftslagsbreytingum og aðlögun að þeim breytingum sem óhjákvæmilegar eru. Markmið réttlátra umskipta eru að fjárfestingar skapi græn störf og að tekjulægri hópar taki ekki á sig hlutfallslega meiri byrðar, og hafi þannig möguleika á að vera þátttakendur í umskiptunum. Græn störf eru þau störf sem stuðla að því að lofslagsmarkmið stjórnvalda náist, störf sem vernda eða endurheimta umhverfi, draga úr sóun og byggja upp innviði til orkuskipta. BSRB telur nauðsynlegt að aðilar vinnumarkaðarins myndi samstarfsvettvang um réttlát umskipti svo að réttindi og kjör launafólks séu tryggð, ekki síður en atvinnulífsins. Aðilar verða að koma sér saman um þær leiðir sem fara á til þess að ná settum markmiðum.

BSRB vill vera loftslags- og umhverfisvænt bandalag bæði í orði og á borði og hvetur aðildarfélög sín til að fylgja Grænum skrefum í starfsemi sinni og hvetja þá opinberu atvinnurekendur sem félögin semja við til að innleiða Græn skref ef þau hafa ekki þegar gert það. BSRB leggur jafnframt áherslu á umhverfis- og loftslagsfræðslu félaga í aðildarfélögum sínum.
BSRB gerir þær kröfur að atvinnurekendur sjái til þess að vinnuaðstæður starfsfólks séu heilnæmar og að atvinnurekendur geri starfsfólki kleift að nota vistvænan samgöngumáta á leið í og úr vinnu og í vinnutíma, til dæmis með því að bjóða starfsfólki samgöngustyrki og aðgang að vistvænum farartækjum.

BSRB styður að nýting og vernd landsins verði í góðri sátt til hagsbóta fyrir samtímann og komandi kynslóðir.
BSRB krefst þess að auðlindir landsins verði í almannaeigu og aðgangur allra að hreinu drykkjarvatni sé tryggður. Tryggja þarf fæðuöryggi. Nýting náttúruauðlinda þarf að vera sjálfbær og víðtæk samfélagsleg sátt þarf að ríkja um nýtingu þeirra. BSRB leggur áherslu á að skoða verði hvers konar starfsemi fer fram í gagnaverum, því að orkunýting þarf að vera í samræmi við stefnu stjórnvalda um réttlát umskipti.
BSRB mun beina áherslum sínum til stjórnvalda, atvinnurekenda og síðast en ekki síst aðildarfélaganna með samstarfi og öflugu fræðslustarfi.




# Lög BSRB

# I. KAFLI

## Nafn og hlutverk

### 1. gr.
**Nafn**
BSRB er bandalag stéttarfélaga starfsmanna í almannaþjónustu hjá ríki, sveitarfélögum og á almennum vinnumarkaði auk annarra aðila sem rétt eiga til aðildar að bandalaginu samkvæmt lögum þessum.
Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. gr.
**Hlutverk**
Hlutverk BSRB er að fara með forystu í hagsmuna- og réttindabaráttu starfsmanna í almannaþjónustu hjá ríki, sveitarfélögum og á almennum vinnumarkaði gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum og stuðla að bættu velferðarsamfélagi. Bandalagið fer með samningsrétt í sameiginlegum málum félaganna og þeim sem því er falið hverju sinni.

BSRB styður og eflir aðildarfélögin við gerð kjarasamninga og hagmunagæslu félagsmanna. Þá vinnur bandalagið að samstöðu meðal aðildarfélaga og stuðlar að jafnræði þeirra í framkvæmd þjónustu til félagsmanna. Bandalagið vinnur jafnframt að fræðslu- upplýsinga- og menningarstarfsemi og jafnri meðferð einstaklinga á vinnumarkaði.

Þá vinnur BSRB að aukinni samstöðu, samstarfi og tengslum í stéttarfélagsmálefnum innanlands og erlendis.

# II. KAFLI

## Aðild að bandalaginu

### 3. gr.
**Aðild**
Aðild að BSRB geta átt:

a. Öll sambönd og/eða félög starfsmanna sem rétt hafa eða hafa haft til að gera kjarasamning skv. lögum nr. 94/1986.

b. Sambönd eða félög starfsmanna fyrirtækja eða stofnana sem starfa í almannaþágu.

c. Stéttarfélög sem skipulögð eru í samræmi við lög, reglur og samþykktir BSRB.

### 4. gr.
**Skilyrði aðildar**
Félög þau eða sambönd félaga sem óska aðildar að bandalaginu skulu skipulögð á lýðræðisgrundvelli og lög þeirra mega ekki brjóta í bága við lög þessi eða grundvallaratriði í samþykktum bandalagsins. Félög eða sambönd sem óska inntöku á grundvelli 1. tölul. 3. gr. skulu á sannanlegan hátt uppfylla þá tölu um fullgilda félagsmenn sem kveðið er á um í 5. gr. laga nr. 94/1986. Jafnframt uppfylla félögin ákveðin skilyrði um þjónustu til félagsmanna samkvæmt reglugerð sem aðalfundur setur. Í reglugerðinni skulu sett viðmið um þjónustu félaga varðandi skrifstofuhald, sjálfstæði þeirra við kjarasamningsgerð og aðra þjónustuþætti sem við á.

Umsókn um aðild skulu fylgja eftirtalin gögn:

a. Eintak af lögum félagsins.

b. Félagsmannatal þar sem tilgreint er fullt nafn, kennitala, heimilisfang og vinnustaður hvers félagsmanns.

c. Nöfn stjórnar- og varastjórnarmanna, svo og þær upplýsingar aðrar sem stjórn BSRB óskar eftir.

Stjórn BSRB tekur ákvörðun um inntöku stéttarfélaga. Leita skal staðfestingar aðalfundar sem skal studd með 2/3 greiddra atkvæða fundarins.

### 5. gr.
**Brottvikning úr BSRB**
Þyki sannað að aðildarfélag hafi framið alvarlegt brot á lögum þessum eða vísvitandi valdið bandalaginu tjóni á annan hátt getur aðalfundur vikið viðkomandi félagi úr bandalaginu en til þess þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Ákvörðun um brottvikningu skal leggja fyrir næsta þing BSRB til fullnaðarákvörðunar. Til að staðfesta brottvikningu þarf 2/3 greiddra atkvæða.

### 6. gr.
**Úrsögn úr BSRB**
Tillaga um úrsögn úr BSRB skal rædd á lögmætum aðalfundi félags eða fulltrúaþingi landssambands og hennar getið í fundarboði.

Gera skal stjórn BSRB viðvart um tillöguna með minnst 4 vikna fyrirvara og skal fulltrúi stjórnar BSRB ávallt sitja fundi eða fulltrúaþing aðildarfélaga þegar fjallað er um úrsögn úr bandalaginu.

Úrsagnartillaga skal afgreidd með allsherjaratkvæðagreiðslu, þó ekki fyrr en 4 vikum eftir aðalfund eða fulltrúafund. Samþykki a.m.k. 2/3 hluta fundarmanna

á aðalfundi eða fulltrúaþingi þarf til þess að tillagan gangi áfram til allsherjar¬atkvæðagreiðslu. Úrsögn telst samþykkt ef a.m.k. helmingur félagsmanna er henni fylgjandi eða 2/3 hlutar þeirra sem þátt taka í allsherjaratkvæðagreiðslunni. Félagi telst hafa tekið þátt í allsherjaratkvæðagreiðslum er hann skilar kjörseðli. Yfirkjörstjórn BSRB sér um atkvæðagreiðslu um úrsögn, sbr. 33. grein.

Úrsögn tekur gildi frá lokum þess árs er hún hlýtur samþykki og er viðkomandi félag skattskylt fyrir það ár. Félag sem segir sig úr BSRB á ekki tilkall til sjóða eða annarra eigna bandalagsins.

# III. KAFLI

## Réttindi og skyldur

### 7. gr.

**Starfsemi aðildarfélaga**

Hvert aðildarfélag hefur fullt frelsi um mál sín, þó svo að eigi fari í bága við lög þessi eða samþykktir þings BSRB. Aðildarfélög BSRB skulu hafa lýðræðislegan grundvöll við ákvörðunartöku og vinna í þágu samstöðu og lýðræðis, fylgja samþykktum BSRB og reglugerð um þjónustu félaga varðandi skrifstofuhald, sjálfstæði þeirra við kjarasamningsgerð og aðra þjónustuþætti sem við á. Þá skulu félögin afhenda BSRB þær upplýsingar sem bandalagið þarfnast vegna hlutverks síns. BSRB skal halda skrá yfir félagsmenn aðildarfélaga sinna og stjórnir þeirra í samráði við félögin og með aðstoð þeirra.

### 8. gr.

**Sérdeild lífeyrisþega**

Aðildarfélög geta stofnað sérdeildir lífeyrisþega og/eða eftirlifandi maka þeirra. Heimilt er að stofna félög þeirra lífeyrisþega og/eða eftirlifandi maka sem verið hafa innan BSRB en eru ekki sérdeild aðildarfélags.

Deildir lífeyrisþega samkvæmt 1. mgr. myndi með sér samband lífeyrisþega sem njóti réttinda skv. þessari grein. Formaður Sambands lífeyrisþega eða staðgengill hans sitji í formannaráði BSRB með málfrelsi og tillögurétti.

### 9. gr.

**Trúnaðarstörf fyrir BSRB**

Enginn getur átt atkvæðisrétt eða kjörgengi til trúnaðarstarfa samkv. lögum þessum nema í einu aðildarfélagi BSRB.

Starfi maður samkvæmt kjarasamningum fleiri en eins stéttarfélags sem á aðild að BSRB skal hann gagnvart BSRB einungis teljast félagsmaður þess stéttarfélags sem samið hefur um stærstan hluta starfs hans.

Ef mörkin eru óljós eða starfið skiptist að jöfnu milli tveggja kjarasamninga ákveður starfsmaður sjálfur í hvoru stéttarfélaginu hann teljist félagsmaður gagnvart BSRB.

### 10. gr.

**Ágreiningsmál**

Ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma í félagi og varða bandalagið, má skjóta til stjórnar þess. Úrskurður hennar skuldbindur aðila en áfrýja má honum til aðalfundar.

Sama gildir um ágreiningsmál er rísa kunna milli bandalagsfélaga og þeim tekst ekki að jafna.

### 11. gr.

**Allsherjaratkvæðagreiðsla í aðildarfélögum**

Ef stjórn BSRB eða þing telja nauðsyn bera til að leita allsherjaratkvæðagreiðslu í aðildarfélögum, skal hún snúa sér til hlutaðeigandi félagsstjórnar sem þá er skylt að láta slíka atkvæðagreiðslu fara fram.

Kjörskrá við allsherjaratkvæðagreiðslu skal vera skrá BSRB yfir félaga í aðildarfélögum þess.

# IV. KAFLI

## Þing BSRB

### 12. gr.

**Hlutverk þings**

Þing BSRB fer með æðsta vald í öllum málum bandalagsins. Það skal taka til umfjöllunar þýðingarmikil málefni og móta stefnu BSRB.

Þing BSRB er lögmætt ef það er löglega boðað. Þingfundur er lögmætur þegar fullur helmingur þingfulltrúa er á fundi. Stjórn BSRB og starfsmenn bandalagsins eiga rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétti en atkvæðisrétt hafa þeir ekki nema þeir séu kjörnir fulltrúar.

### 13. gr.

**Þinghald**

Þing BSRB skal halda þriðja hvert ár og eigi síðar en í októbermánuði.

Stjórn bandalagsins skal kalla saman aukaþing þegar

henni þykir nauðsyn, eða ef meirihluti aðildarfélaga eða félög sem telja meirihluta félagsmanna í bandalaginu krefjast þess skriflega.

## 14. gr.
**Boðun þings**
Þing BSRB skal boða með tveggja mánaða fyrirvara bréflega. Aukaþing má boða með styttri fyrirvara þó aldrei skemmri en þrjár vikur.

## 15. gr.
**Afhending gagna fyrir þing**
Skýrslu stjórnar BSRB, sjálfstæðar tillögur eða mál, sem formannaráð, stjórn eða aðildarfélög óska að leggja fyrir þing, svo og dagskrá, skal senda félögum eigi síðar en þrem vikum fyrir þing. Tillögur einstakra þingfulltrúa eða breytingartillögur við fyrrgreind mál skulu lagðar fram á þinginu og fjalla skal um þær í þeirri þingnefnd sem málið tilheyrir.

## 16. gr.
**Þingfulltrúar**
Aðildarfélögin hafa rétt og skyldur til að kjósa fulltrúa úr hópi fullgildra félaga sinna til setu á þingi BSRB eftir þessum reglum.

Á þingi BSRB skal hvert aðildarfélag eiga tvo fulltrúa fyrir félagafjölda upp að 120 og þá einn fulltrúa fyrir hverja 120 félagsmenn. Kjósa skal jafnmarga til vara. Tala fulltrúa miðast við félagatölu eins og hún reynist 1. janúar það ár sem halda skal þing BSRB. Heimilt er þó að víkja frá þessari dagsetningu við sérstakar aðstæður. Kjörtímabil fulltrúa er þrjú ár, þ.e. milli aðalþinga nema annað sé ákveðið í lögum viðkomandi aðildarfélags. Aðildarfélög skulu gæta að jöfnu kynjahlutfalli við tilnefningu þingfulltrúa eins og kostur er og skal vera 40% af öðru kyni miðað við þann fjölda sem félagið tilnefnir.

Þrír fulltrúar frá Sambandi lífeyrisþega ríkis og bæja (SLRB) eiga rétt til setu á þinginu með fullum réttindum. Kjörbréf staðfest með undirskrift formanns og ritara aðildarfélags skal afhent í skrifstofu BSRB a.m.k. sex vikum áður en þing á að hefjast.

## 17. gr.
**Kjörbréfanefnd og nefndanefnd**
Mánuði fyrir þingbyrjun skal stjórn bandalagsins skipa:

a. Þrjá menn í kjörbréfanefnd til að rannsaka kjörbréf og skal hún skila áliti á fyrsta þingfundi,

b. sjö menn úr hópi kjörinna þingfulltrúa utan stjórnar bandalagsins í nefndanefnd er geri tillögu um fulltrúa í þingnefndir sem verði lagðar fram til afgreiðslu á fyrsta þingfundi.

## 18. gr.
**Dagskrá þings**
Dagskrá reglulegs bandalagsþings skal vera:

1. Þingsetning

2. Kjörbréf lögð fram til úrskurðar

3. Kosning starfsmanna þingsins: a) forseta og tveggja varaforseta, b) tveggja þingritara og tveggja til vara, c) kosning þingnefnda skv. 17. gr. b-lið

4. Lögð fram skýrsla stjórnar

5. Lagabreytingar

6. Tillögur, sem borist hafa, teknar til umræðu og vísað til nefnda

7. Umræður og afgreiðsla nefndarálita

8. Önnur mál

9. Kjör formanns BSRB, varaformanna og sex meðstjórnanda sem mynda stjórn BSRB ásamt varamönnum

10. Þingið ákveður dagskrá að öðru leyti

## 19. gr.
**Fundarsköp**
Þingfundum skal stjórnað samkvæmt þingsköpum BSRB. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í öllum málum, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

# V. KAFLI

## Stjórnsýsla BSRB

## 20. gr.
**Formannaráð BSRB**
Formannaráð BSRB er skipað formönnum aðildarfélaga bandalagsins hverju sinni. Formaður BSRB er formaður ráðsins og boðar hann fundi að lágmarki þrisvar sinnum á ári.

Boðað skal til funda með minnst þriggja vikna fyrirvara en heimilt er að stytta þann tíma við sérstakar aðstæður. Þá skal boðað til fundar ef 1/3 hluta ráðsins óskar þess. Fundur er lögmætur þegar meirihluti formannaráðsins er

á fundi. Stjórnarmenn í stjórn BSRB, sem ekki þegar eiga sæti í formannaráðinu, eiga rétt til setu á fundum þess með málfrelsi og tillögurétti en atkvæðisrétt hafa þeir ekki.

## 21. gr.

**Hlutverk formannaráðs BSRB**

Formannaráð BSRB mótar stefnu og megináherslur BSRB í málum sem kunna koma upp milli þinga ásamt því að vera vettvangur samráðs aðildarfélaga bandalagsins. Það fylgir jafnframt eftir framkvæmd samþykkta þingsins og annarra mála sem vísað er til þess af þingi BSRB. Stjórn BSRB getur lagt ákvörðun um stefnumótun bandalagsins fyrir formannaráð.

## 22. gr.

**Stjórn BSRB**

Stjórn BSRB skal skipuð níu einstaklingum, þ.e. formanni, 1. og. 2. varaformanni og sex meðstjórnendum ásamt sjö varamönnum. Varamenn taka sæti í stjórn í forföllum stjórnarmanna. Kjósa skal formann, 1. og 2. varaformann hvern fyrir sig en meðstjórnendur sameiginlega á þingi BSRB. Varamenn skulu kosnir í þeirri röð er þeir taka sæti aðalmanns. Við skipun í stjórn skulu ekki vera fleiri en einn frá hverju aðildarfélagi bandalagsins.

Enginn er löglega kosinn nema hann fái helming greiddra atkvæða. Kjörgengir eru allir fullgildir félagar í BSRB.
Ef formaður eða varaformaður lætur af störfum á kjörtímabilinu kýs stjórn 2. varaformann úr sínum hópi.

## 23. gr.

**Hlutverk stjórnar BSRB**

Stjórn BSRB stýrir starfsemi bandalagsins í samræmi við samþykktir BSRB ásamt stefnumörkun formannaráðs, þings og aðalfundar BSRB. Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum BSRB milli þinga og aðalfunda og ber hverju aðildarfélagi að hlíta fyrirmælum hennar. Hvert félag hefur rétt til að skjóta ágreiningsmálum sínum við stjórn bandalagsins til þings BSRB, sem þá fellir fullnaðarúrskurð í málinu.

Stjórninni er heimilt að skipa nefndir til að sinna ákveðnum verkefnum.

## 24. gr.

**Formaður BSRB**

Formaður BSRB boðar stjórnarfundi eigi sjaldnar en hálfsmánaðarlega. Stjórnarfund skal boða ef tveir stjórnarmenn óska og skal hann haldinn innan fimm daga frá því að ósk þess efnis er sett fram. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund og ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála á stjórnarfundum. Ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

## 25. gr.

**Hlutverk formanns BSRB**

Formaður hefur yfirumsjón með og leiðir starfsemi bandalagsins ásamt formannaráði og stjórn og gegnir öðrum venjulegum formannsstörfum. Formaður stýrir og boðar formannaráðs– og stjórnarfundi og ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana þings, formannaráðs og stjórnar bandalagsins.

Heimilt er formanni með samþykki stjórnar að fela varaformönnum að fara með einhvern hluta af störfum sínum. Fyrsti varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans.

## 26. gr.

**Framkvæmdastjóri BSRB**

Stjórn BSRB ræður framkvæmdastjóra bandalagsins. Hlutverk hans er að hafa á hendi alla daglega stjórnun bandalagsins, ráða starfsfólk skrifstofu BSRB og semja um kjör þeirra.

## 27. gr.

**Aðalfundur BSRB**

Aðalfundur BSRB skal haldinn fyrir 1. júní ár hvert. Heimilt er að boða til aukafundar ef þörf krefur. Aðalfund skal boða með þriggja vikna fyrirvara. Aukafund má boða með skemmri fyrirvara. Sitji formenn hann sem fulltrúar fyrir fyrstu 400 félagsmenn aðildarfélags en félögin kjósi viðbótarfulltrúa fyrir hverja 400 félagsmenn aðildarfélags þar fram yfir eða brot úr þeirri tölu. Starfsmenn BSRB hafa málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt nema þeir séu kjörnir fulltrúar á aðalfundinn.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og ritara
2. Skýrsla stjórnar og reikningar BSRB
3. Framkvæmdaáætlun til næsta aðalfundar
4. Aðildarumsóknir
5. Ákvörðun aðildargjalds (félagsgjalds), þ.e. hlutfall heildarlauna og fast gjald fyrir hvern félagsmann sem tekur gildi frá og með næstu áramótum
6. Fjárhagsáætlun lögð fram til staðfestingar
7. Reglugerð um gæðaviðmið skv. 4. gr. laga BSRB
8. Kjör skoðunarmanna reikninga
9. Önnur mál

Bera skal einstaka dagskrárliði undir atkvæði fundarmanna til samþykkis eða synjunar.

# VI. KAFLI

## Fjármál

### 28. gr.

Fjárhagsáætlun BSRB
Á aðalfundi BSRB sem halda skal fyrir 1. júní ár hvert, leggur stjórn bandalagsins fram fjárhagsáætlun aðalsjóðs fyrir komandi starfsár.

### 29. gr.

**Aðildargjöld til BSRB**
Hvert aðildarfélag greiði gjald til bandalagsins ákveðinn hundraðshluta af heildarlaunum félagsmanna sinna og fast gjald fyrir hvern félagsmann sem aðild á að bandalaginu. Aðildargjaldið skal ákveðið á aðalfundi BSRB, sbr. 5. tölul. 3. mgr. 27. gr. laga þessara. Heimilt er bandalagsstjórn í umboði félags að innheimta gjald þetta hjá launagreiðendum.

### 30. gr.

**Innheimta aðildargjalda**
Innheimta félagsgjalda fari fram með rafrænum hætti í gegnum bókunar- og innheimtumiðstöð BSRB (BIBS).

### 31. gr.

**Kostnaður vegna fulltrúastarfa fyrir BSRB**
Kostnaður við þinghald, aðalfundi, fundi stjórnar og aðra fundi sem boðað er til af stjórn BSRB greiðist af bandalaginu, þar með talinn ferðakostnaður fulltrúa búsettra utan þingstaðar og nágrennis. Stjórn BSRB hefur ákvörðunarvald um hvað telst til kostnaðar.

### 32. gr.

**Endurskoðun ársreikninga**
Aðalfundur BSRB kýs tvo skoðunarmenn og tvo til vara. Skoðunarmenn hafa eftirlit með fjárreiðum bandalagsins milli aðalfunda og gera þær kannanir á bókhaldi sem þeir telja ástæðu til. Skýrslu um störf sín skulu þeir skila formanni stjórnar.

Endurskoðun ársreikninga skal lokið fyrir aðalfund ár hvert. Ef endurskoðun leiðir í ljós að verulegir gallar eru á bókhaldi eða eignavörslu skal tafarlaust gefa bandalagsstjórn skýrslu þar um og ber henni þá þegar að gera viðeigandi ráðstafanir.

# VII. KAFLI

## Önnur ákvæði

### 33. gr.

**Yfirkjörstjórn**
Þriggja manna yfirkjörstjórn og jafnmargir til vara skal skipuð af stjórn eftir hvert aðalþing. Skal hún hafa yfirumsjón með undirbúningi og framkvæmd atkvæðagreiðslu sem fram fer á vegum bandalagsins og ákveða fyrirkomulag hennar.

Yfirkjörstjórn staðfestir kjörskrá sem gerð er eftir félagatali bandalagsins með breytingum samkvæmt upplýsingum stjórna bandalagsfélaganna.

Yfirkjörstjórn ákveður hverju sinni meðferð kjörgagna og fyrirkomulag á talningu atkvæða.

### 34. gr.

**Lagabreytingar**
Lögum bandalagsins má aðeins breyta á aðalþingi. Skulu hafðar tvær umræður um lagabreytingar og telst breyting ekki samþykkt nema 2/3 atkvæða á þingfundi samþykki hana.

Tillögur til lagabreytinga skal senda félögum eigi síðar en þremur vikum fyrir þing, sbr. 15. gr.

### 35. gr.

**Gildistaka og bráðabirgðaákvæði**
Þetta eru lög BSRB eftir breytingar á 44. þingi 28. – 30. október 2015. Samþykkt 29. október 2015 og öðlast þegar gildi. Ákvæði varðandi aðildargjald í 29. gr. laga þessara tekur gildi á næsta aðalfundi BSRB sem haldinn verður fyrir 1. júní 2016 og kemur til framkvæmda 1. janúar 2017.

Þeir sem átt hafa einstaklingsaðild að BSRB við gildistöku laga BSRB sem tóku gildi 1. janúar 2013 geta haldið henni kjósi þeir svo, þar til þeir láta af störfum.



# Þingsköp BSRB

# I. Þingsetning o.fl.

1. gr.
Formaður bandalagsins setur þing og stjórnar fundi þar til kosning þingforseta hefur farið fram.

2. gr.
Þegar að þingsetningu lokinni skilar kjörbréfanefnd (sbr. a lið 17.gr. laga BSRB) áliti sínu. Formaður leitar atkvæða um kjörbréf. Þegar að lokinni samþykkt kjörbréfa fer fram kosning þingforseta.

Tekur hann þegar við störfum og lætur fram fara kosningu 1. og 2. varaforseta, tveggja ritara og tveggja vararitara. Dagskrárnefnd er skipuð þingforsetum.

# II. Verksvið forseta og umræður

3. gr.
Forseti stjórnar fundum. Vilji hann taka þátt í umræðum skal hann láta varaforseta taka við fundarstjórn á meðan. Rísi ágreiningur um þingsköp úrskurðar forseti.

4. gr.
Forseti skal gefa mönnum orðið í sömu röð og þeir hafa kvatt sér hljóðs. Ef fleiri en einn kveðja sér hljóðs samtímis úrskurðar forseti í hvaða röð þeir skulu taka til máls. Ræður skal flytja úr ræðustóli.

5. gr.
Engir aðrir en framsögumenn meiri- og minnihluta mega taka oftar en tvisvar til máls við sömu umræðu. Forseta er leyfilegt að takmarka ræðutíma með samþykki þingfundar.

6. gr.
Forseti gætir góðrar reglu á fundum.
Ef ræðumaður heldur sér ekki við umræðuefnið eða viðhefur ótilhlýðileg orð varðar það áminningu frá forseta sem þá hefur vald til að taka orðið af ræðumanninum.

7. gr.
Eigi má, nema með leyfi forseta, lesa upp prentað né skrifað mál annað en nefndarálit og tillögur.

# III. Tillögur og atkvæðagreiðsla

8. gr.
Allar tillögur skal gera skriflega og afhenda forseta. Bera skal þær undir atkvæði í sömu röð og þær hafa verið lagðar fram, sbr. þó 12. gr. Séu fleiri en ein tillaga í sama máli skal þó fyrst bera upp þá tillöguna sem lengst gengur.

9. gr.
Breytingartillögur skal bera upp á undan aðaltillögu. Breytingartillögu sem kollvarpar eða breytir aðaltilgangi annarrar tillögu má ekki taka til greina.

### 10. gr.
Breytingartillögur um að fella úr, bæta í eða auka við tillögu skal bera upp þannig að lesa fyrst upp aðaltillögu óbreytta, því næst breytingarnar og loks aðaltillöguna eins og hún yrði með breytingunum.

### 11. gr.
Forseti hefur heimild til að bera tillögu upp í tveimur eða fleiri liðum en þó því aðeins að hver liður sé sjálfstæður og að skiptingin geri tillöguna ekki óljósa.

### 12. gr.
Forgangstillögur eru í þessari röð:

1. Tillaga um að ganga til atkvæða
2. Tillaga um að vísa máli frá
3. Tillaga um að taka fyrir næsta mál á dagskrá
4. Tillaga um að fresta máli
5. Tillaga um að vísa máli til annars valds
6. Tillögur undir 1. tölul. má ekki ræða

### 13. gr.
Tillögu sem hefur verið felld má ekki bera upp aftur á sama þingfundi. Með samþykki minnst 2/3 hluta atkvæða má þó taka málið upp á ný síðar á þinginu.

### 14. gr.
Heimilt er tillögumanni að taka aftur tillögu á hvaða stigi máls sem er en öðrum fulltrúum er heimilt að taka hana upp á ný.

### 15. gr.
Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu. Skrifleg atkvæðagreiðsla eða nafna¬kall fer fram ef 1/10 fundarmanna samþykkir það.

# IV. Kosningar

### 16. gr.
Á hverju aðalþingi er skylt að kjósa eftirtaldar nefndir:

1. Starfskjaranefnd.
2. Allsherjarnefnd.
3. Kjörnefnd.
4. Aðrar nefndir samkvæmt ákvörðun þingsins. Stjórn BSRB gerir tillögu að fjölda fulltrúa í nefndum þingsins.

Tillögur nefndanefndar og kjörnefndar svipta ekki einstaka fundarmenn tillögurétti um menn í nefndir eða stjórn. Kosning nefnda er bundin við tilnefningu og fer fram skriflega nema eigi séu fleiri tilnefndir en kjósa á en þá eru nefndarmenn sjálfkjörnir.

Auk kjörinna nefndarmanna hafa allir þingfulltrúar rétt til að koma á fundi nefndanna með málfrelsi og tillögurétti. Einstakar nefndir geta þó ákveðið lokaða fundi.

### 17. gr.
Sá sem fær flest atkvæði í nefnd eða er fyrst tilnefndur, ef nefnd er sjálfkjörin, kveður nefndina saman til fyrsta fundar og stjórnar þar kosningu formanns. Síðan fer fram kosning ritara og framsögumanns.

### 18. gr.
Þegar kosning er bundin má ekki kjósa aðra en þá sem tilnefndir hafa verið.

Ef meirihluta greiddra atkvæða þarf til að ná kosningu og það atkvæðamagn næst ekki í fyrstu umferð skal kosið að nýju um þá sem ekki náðu kosningu. Verði kosningu þá ekki heldur lokið skal kjósa um þá sem flest atkvæði fengu en ekki náðu kosningu í annarri umferð þannig að tveir séu í kjöri um hvert sæti.

Ef tveir eða fleiri fá jafnmörg atkvæði ræður hlutkesti úrslitum.

### 19. gr.
Atkvæðaseðill er ógildur ef á honum eru nöfn manna sem ekki eru í kjöri, eða ef ekki eru greidd atkvæði jafnmörgum mönnum og kjósa á.

Auður seðill telst til greiddra atkvæða.

### 20. gr.
Kosning formanns, 1. og 2. varaformanns, meðstjórnenda og varamanna fer fram samkv. 22. gr. laga BSRB.
Kjörnefnd annast undirbúning og framkvæmd kosningar í stjórn BSRB.

## V. Breyting þingskapa

### 21. gr.
Þingsköpum þessum má breyta á reglulegu þingi BSRB með 2/3 greiddra atkvæða.
Þannig eftir breytingar á 43. þingi BSRB 28. –30. október 2012. Samþykkt 29. október 2015.




BSRB